MAMMA MIA! ÞAÐ ERU ALLIR Á FACEBOOK!

Hvaða æði heltóku Íslendinga á árinu ?




14

Erlendar fréttamyndir ársins

STYRJALDIR, KOSNINGAR OG KREPPA

16&21




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. desember 2008 — 353. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR



ENDALAUST SUÐ ER BEST

Tónlistarsérfræðingar velja bestu plötur ársins 2008.

UMFJÖLLUN 12

Jóla-Keane klikkar ekki

Liverpool er áfram í toppsæti ensku úrvalsdeildarinnar.

ÍÞRÓTTIR 30



## VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐAST MILT** Í dag verður sunnan strekkingur vestan til annars hægari. Lítilsháttar skúrir á víð og dreif á landinu sunnan- og vestanverðu annars þurrt og yfirleitt bjartviðri. Hiti 3-9 stig, svalast eystra.

VEÐUR 4

# Endurskoðun kjarasamninga í uppnámi

Endurskoðun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði er í uppnámi. Á að vera lokið fyrir 15. febrúar. ASÍ telur ríkisstjórnina ekki sýna vinnunni áhuga og er óánægt með fjárlagafrumvarpið. Vill breytingar á eftirlaunafrumvarpinu.

**VINNUMARKAÐUR** Endurskoða þarf kjarasamninga á almennum markaði fyrir 15. febrúar en sú vinna er í uppnámi. Forsvarsmenn ASÍ telja að ríkisstjórnin sýni ekki vilja til samstarfs og eru ósáttir við fjárlögin. Boltinn sé nú hjá stjórnvöldum.

Miðstjórn ASÍ ályktaði um fjárlagafrumvarpið 17. desember og setti fram þá þætti sem hún telur nauðsynlegt að verði breytingar á. Síðan hefur lítið þokast. „Við vildum sjá tekið tillit til þessa í fjárlagafrumvarpinu en því miður var svo ekki. Við erum ósátt við ýmislegt sem þar er að finna,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. Hann segir talsverða vinnu eftir bara til að finna sameiginlegan grundvöll til þess að hefja endurskoðunina.

Meðal þess sem miðstjórnin ályktaði um var að dregið verði úr niðurskurði vegna elli- og örorkulífeyris, að skattkerfið verði nýtt til tekjujöfnunar, að sett verði lög um greiðsluaðlögun og að stofnaður verði Bjargráðasjóður heimilanna. Þá verði settur upp starfshópur með fulltrúum byggingarmanna til að forgangsraða mannaflsfrekum framkvæmdum og þess er krafist að ráðherrar og þingmenn njóti sömu lífeyrisréttinda og aðrir opinberir starfsmenn.

Gylfi segir langt frá því að kröfum ASÍ hafi verið mætt. „Við vonuðumst til að ákveðnir þættir litu dagsins ljós í fjárlagafrumvarpinu en svo var ekki. Stjórnvöld verða að sýna að þau hafi áhuga á þessu, en sá áhugi hefur ekki birst með ákveðnum hætti. Hann hefur verið meira í orði en á borði. Við viljum ekki auka á fjárlagahallann, heldur viljum við koma að forgangsröðuninni.“

Aðspurður hvort eiga megi von á vinnudeilum segir Gylfi of snemmt að segja til um það. „Það er deila í gangi og þarf aðkomu stjórnvalda til að leysa hana. Hvort það endar í vinnudeilu er annað mál.“ - kóp



**VIÐRAR VEL TIL LOFTFERÐA** Veðurblíða vetrarkonungsins ríkti þegar flugvél bjó sig til lendingar á Reykjavíkurflugvelli við Skerjafjörðinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Biskup uggandi vegna 400 milljóna króna niðurskurðar hjá þjóðkirkjunni:

# Meira álag en minna fjármagn

**SAMFÉLAGSMÁL** Gert er ráð fyrir um 400 milljón króna niðurskurði til þjóðkirkjunnar á næsta ári. Kirkjuráð hefur sent söknum landsins bréf þar sem sagt er frá yfirvofandi niðurskurði á sóknargjöldum sem þýðir að þær hafi úr minna fjármagni að moða og eru þær beðnar um að taka tillit til þess.

„Við munum reyna að halda uppi þjónustustigi við fólk eins og kostur er,“ segir Karl Sigurbjörnsson biskup en segist jafnframt óttast að fækka verði starfsfólki. Hann segir það vissulega vera erfitt að takast á við þennan niðurskurð á sama tíma og fólk leiti í auknum mæli í þjónustu kirkjunnar. Ennfremur er gert ráð fyrir að laun presta lækki um 7,5 prósent.

Ekki verður farið í neinar nýframkvæmdir á næsta ári og öðrum framkvæmdum verður slegið á frest. Þó er gert ráð fyrir því að framkvæmdum við Hallgrímskirkju verði haldið áfram en öðru máli gegnir um Lindakirkju en kirkjuskip hennar er enn óklárað. „Það þýðir ekkert að gráta yfir því,“ segir Guðmundur Karl Brynjarsson sóknarprestur þar. Haldin var guðsþjónusta í kirkjuskipinu yfir hátíðirnar við góðan orðstír. - jse



**Á HLAUPUM** Þúsundir lögðu leið sína í World Class í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Margir í World Class í gær:

## Þúsundir hlupu af sér jólaslenið

**HREYFING** „Þetta skiptir þúsundum allavega. Við vorum að fá alveg ótrúlega mikinn fjölda,“ segir Sigurður Leifsson, einn eigenda World Class.

Mikill fjöldi var í World Class í gær, annan dag jóla. Sigurður telur ástæðuna ekki vera samviskubitið eftir jólaátið heldur hreyfiþörfina hjá fólki enda safnast upp mikið slen af því að liggja upp í sófa allan daginn á jólunum. Hann segir gærdaginn jafnvel geta slegið met hjá World Class.

„Við slógum met í nóvember og þá voru hér um 5.000 manns á dag. Þetta var ótrúlegur fjöldi í dag,“ segir Sigurður en endanlegar tölur liggja ekki fyrir fyrr en í dag. - vsp

Óvenjulegur þjófur í Utah:

## Þjófóttur hundur

**BANDARÍKIN, AP** Hundur í Utah í Bandaríkjunum var staðinn að verki við þjófnað á dögunum.

Hundurinn labbaði inn í verslunina og fór beint að ganginum þar sem gæludýravörur var að finna. Þar fann hann bein og hóf að naga það. Eftirlitsmyndavélar náðu hundinum á mynd og verslunarstjóri búðarinnar fór á fund hans. Þrátt fyrir að hundinum væri skipað að sleppa beininu gerði hann það ekki, heldur hljóp út úr versluninni og hefur ekki fundist. - þeb





Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft... ... alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið 18–49 ára. Könnun Capacent í ágúst - október 2008.




HEKLA

NOTAÐIR BÍLAR

OPIÐ

ALLAN sólarhringinn

ALLTAF í Skeifunni

24 Skeifan

HAGKAUP

Einn ferð betra verð

SPURNING DAGSINS



*Sigríður, fórstu í jólaköttinn?*

„Nei, en margir fengu jólaketti í ár.“

Meteftirspurn var eftir köttum í Kattholti fyrir jólin og tugir katta fengu ný heimili. Sigríður Heiðberg er formaður Kattavinafélagsins og forstöðukona Kattholts.

Verslanir í Bretlandi og Bandaríkjunum halda brunaútsölur:

# Reynt að bjarga búðunum

**BRETLAND, AP** Útsölur í Bretlandi og Bandaríkjunum nú eftir jól eru þær mestu sem nokkurn tíma hafa sést. Sala fyrir jól olli miklum vonbrigðum á báðum stöðum og var einhver sú lélegasta í mörg ár. Útlitið er því dökkt hjá mörgum verslunum og ekki einu sinni víst að mikil sala á útsölunum muni bjarga þeim.

Í Bretlandi tóku neytendur vel í útsölurnar og er talið að um 500 þúsund manns hafi verið í miðborg London í gærdag. Vonast er til þess að metsala verði á jólaútsölunum í ár en verð á útsölum hefur verið lækkað um allt að níutíu prósent. Verslanir eins og John Lewis og Marks og Spencer hófu útsölur á vefsíðum sínum á jóladag og mældist það vel fyrir. Í Bandaríkjunum tóku neytendur útsölunum af meiri ró, þrátt fyrir um 50 til 75 prósenta afslátt á flestum stöðum. Endanlegar tölur úr jólaversluninni og jólaútsölunum munu ekki liggja fyrir fyrr en í janúar.

Jólaverslun á Íslandi gekk betur en í Bretlandi og Bandaríkjunum, og var framar vonum. Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segist ekki vita til annars en að útsölur verði með eðlilegum hætti hér á landi í ár. **- þeb**




FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÖRTRÖÐ Í LONDON** Um tvö þúsund manns biðu fyrir utan verslun Selfridges á Oxford Street í London í gærmorgun.

Erill hjá lögreglunni um jólin:

# Sextán innbrot á jólunum

**LÖGREGLAN** Sextán innbrot voru framin á höfuðborgarsvæðinu frá aðfaranótt aðfangadags til annars dags jóla. Þar af voru sex innbrot framin í gær. Að öðru leyti var fremur rólegt.

Aðallega var brotist inn í fyrirtæki, söluturna og skóla en lítið í heimahús. Brotist var inn í Varmárskóla í Mosfellsbæ og þar teknar tölvur og dvd-spilari. Í Laugarnesskóla var skjávarpa og tölvuskjám stolið. Öll brotin eru óupplýst.

Þremur vélsleðum var stolið aðfaranótt jóladags. Sjö voru teknir fyrir ölvunarakstur og einn fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna. **- vsp**

Persónuvernd úrskurðar:

# Lánstrausti synjað í þriðja sinn

**PERSÓNUVERND Persónuvernd hefur synjað fyrirtækinu Lánstrausti um leyfi til að safna og miðla persónuupplýsingum um greiðsluhegðun einstaklinga. Þetta er í þriðja sinn sem umsókn fyrirtækisins er hafnað.**

**Lánstraust hefur í hyggju að safna saman kröfum á hendur einstaklingum, um gjalddaga, eindaga og greiðsludag, og vinna með þær án tillits til þess hvort vanskil verði. Upplýsingar yrðu nýttar til að reikna út meðalgreiðslutíma hvers einstaklings og seldur yrði aðgangur að þeim.**

**Persónuvernd telur þetta ekki samrýmast lögum um persónuvernd. - kóp**

CCP vill helst vera á Íslandi:

# Hlutafjárútboð á næsta ári

**VIÐSKIPTI** „Við ætlum að fara í alþjóðlegt hlutafjárútboð á öðrum ársfjórðungi næsta árs og reynum að standa við það, hvort sem það verður í íslensku eða erlendu félagi,“ segir Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður CCP, sem framleiðir tölvuleikinn Eve Online.

Sögusagnir hafa verið á kreiki að CCP flytji starfsemi sína úr landi. Ástæða er sögð vera gjaldeyrishöft á erlendum gjaldeyri hér á landi.

Gjaldeyrisreglunum var breytt í síðustu viku þannig að fyrirtæki sem hafa yfir 80 prósent tekna í erlendri mynt fá undanþágu. Vilhjálmur segist vona að CCP falli þar undir og vonar að ekki komi til neinna breytinga hjá CCP.

„Við viljum helst hafa félagið skráð á Íslandi,“ segir Vilhjálmur. **-vsp**

# Samfylkingin bíður Sjálfstæðisflokksins

**Samfylking bíður niðurstöðu landsfundar Sjálfstæðisflokksins áður en ákvörðun verður tekin um hrókeringar ráðherra. Niðurstaða í Evrópumálum ræður miklu um framhald stjórnarsamstarfsins. Innanflokksdeilur hjá Samfylkingu.**

**STJÓRNMÁL** Ljóst er að Samfylkingin mun ekki gera breytingar á ráðherraliði sínu fyrr en eftir landsfund Sjálfstæðisflokksins, sem haldinn verður í lok janúar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði um miðjan mánuðinn að ríkisstjórnin yrði að svara kalli almennings um mannabreytingar í ríkisstjórn, Seðlabanka og Fjármálaeftirlitinu og hún væri að skoða þessi mál hvað Samfylkinguna varðaði. Á Þorláksmessu sagði hún hins vegar að engar breytingar yrðu á ráðherraliði flokksins fyrir áramót og hverfandi líkur væru á breytingum á næstunni.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þykir ekki ráðlegt að fara í breytingar á ráðherraliðinu svo skömmu fyrir landsfund Sjálfstæðisflokksins. Samfylkingarfólki sé full alvara með að endurskoða stjórnarsamstarfið hafni Sjálfstæðisflokkurinn Evrópusambandsaðild. Því sé rétt að bíða niðurstöðu landsfundar; lítil ástæða sé til breytinga verði stjórnarslit í febrúarbyrjun.

Þingmenn Samfylkingar sögðust fæstir hafa búist við því að gerðar yrðu breytingar í bráð, þrátt fyrir yfirlýsingar formannsins. Þær hefðu verið útspil í innri valdabaráttu flokksins, jafnvel orðaðar til að taka bitið úr gagnrýni óbreyttra þingmanna; væri von á ráðherrastól héldu menn sig á mottunni.



**BREYTINGAR Í VÆNDUM?** Ljóst er að margir ásælast ráðherrastóla og þeir sem í þeim sitja eru ekki endilega tilbúnir til að standa strax upp. Samfylkingin mun bíða niðurstöðu landsfundar Sjálfstæðisflokks með mögulegar breytingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Helst hefur verið nefnt til sögunnar að þau Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra hverfi úr ráðherrastóli. Þórunn er gömul vinkona og samstarfskona Ingibjargar, meðal annars úr R-listanum, og ljóst er að ekki verður sársaukalaust að víkja henni til hliðar. Verði svo, er líklegast að Steinunn Valdís Óskarsdóttir, einnig úr R-listanum, fái embættið. Óljóst er hver yrði eftirmaður Björgvins, hverfi hann á braut. Lúðvík Bergvinsson hefur lengi keppt við Björgvin og þeir Árni Páll Árnason og Gunnar Svavarsson hafa einnig verið nefndir til sögunnar.

Björgvin hefur lengi haft hug á embætti varaformanns, en Ágúst Ólafur Ágústsson þykir valtur í þeim sessi. Talið er að Ingibjörg Sólrún sé því mótfallin og brotthvarf Björgvins af ráðherrastóli gæti orðið hluti af stærri fléttu sem lyki með því að Dagur B. Eggertsson, enn einn samstarfsmaður formannsins úr R-listanum, yrði varaformaður flokksins. Landsfundur Samfylkingarinnar er fyrirhugaður 13. til 15. nóvember. **kolbeinn@frettabladid.is**



**RÚSTIRNAR** Miðhluti hússins hrundi niður í sprengingunni en þar voru 35 íbúðir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Á þriðja tug lést í sprengingu:

# Þjóðarsorg ríkir í Úkraínu

**ÚKRAÍNA, AP Að minnsta kosti 26 manns hafa látist og yfir 20 er enn saknað eftir mikla sprenginguna í stóru íbúðarhúsi í Yevpatoriya á Úkraínu á miðvikudag. Óttast er að fjöldi fólks sé fast í rústum hússins, sem eyðilagðist í sprengingunni á aðfangadag.**

**Viktor Yushchenko forseti og Yulia Tymoshenko forsætisráðherra eru í Yevpatoriya og hafa skoðað slysstaðinn. Yushchenko lýsti yfir þjóðarsorg í landinu í gær og Tymoshenko lofaði að öllum þeim sem komust lífs af verði tryggt húsnæði fyrir áramót. Þá bauðst Dmitry Medvedev, forseti Rússlands, til þess að senda hermenn úr sjóher Rússlands, sem eru í Úkraínu, til þess að hjálpa til við björgunaraðgerðir. Það var þó afþakkað. Allt að 700 manns hafa unnið að björgunaraðgerðum og 21 manns hafa fundist á lífi í rústunum.**

**Talið er að sprengingin hafi orðið vegna leka í súrefniskútum, sem geymdir voru í kjallara hússins. - þeb**

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ekið á dreng á Sæbraut

Ekið var á dreng á reiðhjóli við Sæbraut klukkan rúmlega þrjú í gærdag. Drengurinn er ekki talinn alvarlega slasaður. Að sögn lögreglu segist ökumaðurinn hafa keyrt á eðlilegum hraða. Það verði síðan skoðað út frá ummerkjum, bremsuförum og bremsuskilyrðum.


FÉLAGSFUNDIR VM YFIR HÁTÍÐARNAR

Hótel KEA, Akureyri,
mánudaginn 29. desember kl. 17

Grand Hóteli, Reykjavík,
þriðjudaginn 30. desember kl. 17

Félag vélstjóra og málmtæknimanna
Örugg með okkur!

VM ▸ Stórhöfða 25 ▸ 110 Reykjavík ▸ sími 575 9800 ▸ www.vm.is


Sextán hross hafa látist úr salmonellusýkingu úr einu stóði af Kjalarnesi:

# Sýking líklega í yfirborðsvatni

**DÝRAHALD** „Sextán hross eru dauð og sex til átta alvarlega veik,“ segir Gunnar Örn Guðmundsson héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis.

Salmonellusýking kom í ljós í hestastóði á Kjalarnesi á sunnudag þegar fólk bar að garði. Eitt hross hafði þá dáið. Samtals hafa sextán látist síðan þá af því 41 hrossi sem var í stóðinu. Stóðið var allt á sama fóðri.

„Við erum ekki búnir að finna orsökina, hvort hún kemur frá fóðri eða annars staðar frá. Við teljum hins vegar að salmonellusýking sé í yfirborðsvatni þeirra. Skoðun á þeim sýnum er reyndar ekki fulllokið,“ segir Gunnar.

Hestarnir eru meðhöndlaðir kvölds og morgna og hvenær sem þurfa þykir í hesthúsahverfinu í Mosfellsbæ af nokkrum dýralæknum að sögn Gunnars. Reynt er að styrkja vökvakerfi þeirra en það er það sem brenglast þegar þarmarnir hætta að starfa eðlilega. Ekki þorir Gunnar að segja til um hvort hrossin muni lifa af eða deyja. Hann segir alls engan grun um vanrækslu á hrossunum.

„Hestarnir eru í góðu standi og vel feitir,“ segir Gunnar. **-vsp**



**HESTHÚSAHVERFIÐ** Hrossin eru meðhöndluð í hesthúsahverfinu í Mosfellsbæ kvölds og morgna af nokkrum dýralæknum.

# ÚTSALA

## á jólavörum hefst í dag

**50%** afsláttur

af öllu jólaskrauti



**20%** afsláttur

af öllum jólaseríum og jólaljósum



blómaval

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 23.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,82 | 124,42 |
| Sterlingspund | 183,13 | 184,03 |
| Evra | 173,12 | 174,08 |
| Dönsk króna | 23,218 | 23,354 |
| Norsk króna | 17,625 | 17,729 |
| Sænsk króna | 15,801 | 15,893 |
| Japanskt jen | 1,3753 | 1,3833 |
| SDR | 191,00 | 192,14 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

221,8308

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kirkjusókn var góð á aðventunni og um jólahátíðina:

# Aðsókn í þjónustu kirkjunnar

**SAMFÉLAGSMÁL** Kirkjusókn yfir hátíðarnar var mun meiri á höfuðborgarsvæðinu í ár en í fyrra að sögn sóknarpresta og prófasta sem Fréttablaðið talaði við. Gísli Jónasson, sóknarprestur í Breiðholtsprestakalli, segir að kirkjusókn hafi verið óvenju mikil alla aðventuna og hann hafi orðið var við meiri kirkjusókn frá því í haust. Jón Dalbú Hróbjartsson, segir aðsóknina í Hallgrímskirkju hafa verið enn meiri í ár en í fyrra þó ekki hafi hún verið dræm þá.

Í Lindakirkju var ákveðið að halda jólamessurnar í kirkjuskipinu sem er þó ekki full klárað en þar er rýmra en í safnaðarheimilinu þar sem sóknin kemur venjulega saman. „Þetta var náttúrulega rosalegt fyrirtæki, við þurftum að fá lánaða 500 stóla og við lögðum mikla vinnu í að láta þetta líta sem best út,“ segir Guðmundur Karl Brynjarsson sóknarprestur þar. Það var eins gott að hann nýtti plássið því tæplega þúsund gestir komu samtals í messurnar þrjár á aðfangadag. Það hefði þurft fjórar guðsþjónustur fyrir þann fjölda í safnaðarheimilinu. Eins eru viðmælendur Fréttablaðsins sammála um að eftirspurn eftir annarri þjónustu kirkjunnar, eins og til dæmis foreldramorgnum, hafi jafnframt aukist. - jse



**ÞÉTTSETINN KIRKJUBEKKURINN** Kirkjusókn var enn meiri á höfuðborgarsvæðinu um jólin í ár en undanfarin ár.

Söngkonan Eartha Kitt:

## Lést á jóladag

**BANDARÍKIN, AP** Söngkonan Eartha Kitt lést á jóladag, 81 árs að aldri. Hún lést á sjúkrahúsi í New York eftir baráttu við ristilkrabbamein. Kitt var söngkona, leikkona og dansari og starfaði í yfir 60 ár.

Kitt hlaut tvenn Emmy-verðlaun og var einnig tilnefnd til Tony-verðlaunanna og Grammy-verðlaunanna, síðast árið 2000. Meðal þess sem hún var einna best þekkt fyrir var jólalagið Santa baby. Þá var vel þekkt þegar Orson Welles kallaði hana mest spennandi konu í heiminum. Kitt hlaut einnig athygli þegar hún gagnrýndi Víetnamstríðið harðlega á sjöunda áratugnum. - þeb

# Leggur niður svið og flytur starfsfólk

**Iðnaðarráðuneytið ætlar að leggja niður þróunarsvið Byggðastofnunar og færa verkefnin annað ásamt helmingi starfsmanna. Ekki er vitað hvað þetta kostar. „Viljum hafa sem flest störf á landsbyggðinni,“ segir stjórnarformaðurinn.**

**BYGGÐAMÁL** Iðnaðarráðuneytið stefnir að því að leggja niður þróunarsvið Byggðastofnunar og færa verkefnin annað þannig að sérhæfingin aukist en störfin tíu, sem eru innan byggðasviðs, haldist á svæðinu og störfum fækki ekki. Hugmyndirnar hafa verið kynntar stjórn Byggðastofnunar, sveitarstjórnarmönnum og starfsmönnum.

Samkvæmt upplýsingum úr iðnaðarráðuneytinu er gert ráð fyrir að fjögur störf færist til Ferðamálastofu til þess að búa til þróunar- og rannsóknasetur í ferðaþjónustu í samvinnu við Hólaskóla, ný starfsstöð nýsköpunarmiðstöðvar á Sauðárkróki taki við hlutverki þróunarsviðs gagnvart atvinnuþróunarfélögum og rekstrarsamningum og einn starfsmaður flytjist í þau verkefni. Loks yrði samið við forsætisráðuneytið og Hagstofu Íslands um söfnun svæðisbundinna hagtalna og starfsmenn færðir í þau verkefni.

Rekstur Byggðastofnunar kostar um 280 milljónir króna á ári samkvæmt fjárlögum en lánastarfsemin nær yfir meira en helminginn af þeirri upphæð. Starfsmenn eru um tuttugu talsins. Ef hugmyndirnar ná fram að ganga myndi starfsmönnum stofnunarinnar fækka um tæpan helming.

Drifkrafturinn á bak við væntanlegar breytingar er ekki sparnaður heldur að auka sérhæfinguna í starfseminni. Þróunarsvið hefur haft vítt og almennt verksvið að mati ráðuneytisins og er hugmyndin að sérhæfa starfsemina út frá því hvað ráðuneytið telur sig þurfa af upplýsingum og verkefnum í úrvinnslu.

Til að breytingarnar komist til framkvæmda þurfa lagabreytingar að koma til og má búast við að frumvarp verði lagt fram á Alþingi í febrúar og taki gildi í sumar. Samkvæmt iðnaðarráðuneytinu er ekki ljóst ennþá hvort og þá hvaða kostnaður verður af breytingunum.

Gunnar Bragi Sveinsson, varaformaður byggðaráðs Skagafjarðar, segir að sveitarstjórn telji sig ekki hafa fengið fullnægjandi skýringar á því hvað eigi að koma í staðinn, ekkert sé fast í hendi. Sveitarstjórn sé á móti þessari breytingu þar til annað komi í ljós.

Örlygur Hnefill Jónsson, stjórnarformaður Byggðastofnunar, segir að málið hafi verið rætt í stjórn en vill ekki segja hvaða afstöðu stjórnin hefur. Málið sé ekki á forræði stjórnar. „Almennt séð viljum við hafa sem flest störf á landsbyggðinni,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is




**NÝ STARFSSTÖÐ TAKI VIÐ HLUTA** Stefnt er að því að færa verkefni og starfsmenn í þróunar- og rannsóknasetur í ferðaþjónustu, ný starfsstöð nýsköpunarmiðstöðvar taki við verkefnum gagnvart atvinnuþróunarfélögum og starfsmenn fari í söfnun svæðisbundinna hagtalna. Til að hægt verði að leggja þróunarsvið Byggðastofnunar niður og færa verkefnin annað þarf að leggja fram frumvarp á Alþingi.



**HAROLD PINTER** Breskur leikritahöfundur, fékk bókmenntaverðlaun Nóbels 2005

Harold Pinter látinn:

## Eitt merkasta leikskáld Breta

**BRETLAND, AP** Leikskáldið og Nóbelsverðlaunahafinn Harold Pinter er látinn, 78 ára að aldri. Hann dó á aðfangadag eftir langa baráttu við krabbamein.

Pinter skrifaði 32 leikrit um ævina auk handrita að kvikmyndum og eina skáldsögu. Hann var einnig mjög pólitískur og gagnrýndi bresk stjórnvöld iðulega. Til dæmis hafnaði hann boði Johns Major um riddaratign og gagnrýndi Tony Blair harðlega bæði fyrir árásir Nató á Serbíu og þátttöku Breta í Íraksstríðinu. - þeb

Maður í jólasveinabúningi:

## Skaut níu manns til bana

**BANDARÍKIN, AP Níu manns létust eftir skotárás í Los Angeles í Bandaríkjunum á miðvikudag. Þrír eru særðir, þar á meðal átta ára stúlka sem var skotin í andlitið.**

**Maður, sem var klæddur sem jólasveinn, fór á heimili fyrrum tengdaforeldra sinna, hóf skothríð og kveikti svo í húsinu. Ekki hefur verið hægt að bera kennsl á neitt líkanna, en talið er víst að fyrrverandi kona mannsins og foreldrar hennar séu þeirra á meðal. Maðurinn fannst sjálfur látinn á fimmtudag, eftir að hafa framið sjálfsvíg.** - þeb

Financial Times:

## Íslenskir stjórar tilnefndir

**VIÐSKIPTI Bankastjórar íslensku bankanna eru tilnefndir til „CEO overpaid award“ sem þýða mætti sem oflaunuðustu stjórnendurnir. Þetta kemur fram á vef Financial Times.**

**Í grein blaðsins segir að íslensku bankastjórunum hafi tekist að sökkva ekki einungis eigin fyrirtækjum heldur heilli þjóð. Annars segir blaðið að í ár sé af nógu að taka.**

**Sir Fred Goodwin, forstjóri Royal Bank of Scotland, er einnig tilnefndur sem og Daniel Mudd, forstjóri Fannie May, og Dick Syron hjá Freddi Mac. Blaðið kemst þó að þeirri niðurstöðu að Dick Fuld, forstjóri Lehman Brothers-banka, sé ótvíræður sigurvegari. Hann hafi þénað tugi milljóna bandaríkjadala áður en bankinn féll í september síðastliðnum og velti af stað alþjóðlega efnahagshruninu.** - ovd

Ódýrar augnaðgerðir:

## Augnlæknar ætla í útrás

**HEILBRIGÐISMÁL** Augnlæknastofan Sjónlag ætlar að markaðssetja starfsemi sína erlendis á næsta ári, jafnvel í samstarfi við tannlækni og lýtalækni, vegna þess hversu ódýrar aðgerðir eru vegna gengis krónunnar. Erlendir sjúklingar eru þegar farnir að koma til landsins í augnaðgerðir.

Ólafur Már Björnsson augnlæknir segir að fólk sé þegar farið að koma frá Færeyjum og Svíþjóð. Á næsta ári sé meiningin að auglýsa erlendis og þá í samvinnu við tannlækni.

Sjónlag getur boðið upp á augnaðgerð fyrir 12 þúsund danskar krónur vegna gengis krónunnar. Í Danmörku kostar sama aðgerð 22-26 þúsund danskar. - ghs


ÚTRÁSARVÍKINGARNIR




Kveðjum árið með nýju Víkingatertunni!

FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**ÁRAMÓTAVEÐRIÐ**

Spár fyrir miðnætti á gamalárskvöld eru enn nokkuð misvísandi. Líklegast í stöðunni er að það verði milt sunnan til og vestan annars nokkurt frost. Að líkindum verður vindur víðast hægur þó má sjá nokkuð myndarlegan vindstreng með ströndum sunnan og suðaustan til. Á þessu stigi er ómögulegt að sjá hvort þurrviðri verður sunnan til en á norðurhluta landsins verður líklegast þurrt.



Á MORGUN
5-13 m/s, hvassast vestan til

MÁNUDAGUR
3-10 m/s stífastur NV-til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 12° |
| Amsterdam | 3° |
| Basel | 1° |
| Berlín | 0° |
| Billund | 4° |
| Eindhoven | 2° |
| Frankfurt | 1° |
| Friedrichshafen | 1° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 7° |
| New York | 9° |
| Orlando | 26° |
| Osló | 1° |
| París | 8° |
| Róm | 4° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


ILVA
einfaldlega betri kostur
Útsalan hefst 27. des. kl. 10
ÚTSALA
RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
YFIR 1000 VÖRULIÐIR Á LÆKKUÐU VERÐI
149.900,-
SPARAÐU 50.000,-
Manhattan. 3ja sæta sófi, Ice hvítt semianilin leður. L. 228 cm. Verð 199.900,- NÚ 149.900,-
Borð. Verð 44.800,-
30.800,-
SPARAÐU 14.000,-
Stóll, leður. Verð 8.950,-
6.950,-
SPARAÐU 2.000,-
Skrifstofustóll. Verð 38.500,-
26.950,-
SPARAÐU 11.550,-
sparaðu
20%
af Romance húsgagna-línunni
Snyrtiborð. Verð 43.900,-
34.900,-
SPARAÐU 9.000,-
Borðlampi. Verð 8.900,-
skermur seldur sér
4.450,-
SPARAÐU 4.450,-
50%
af völdum mottum og skinnum
35%
af öllum bastvörum
50%
af völdum kertum
Aba, tekanna. Verð 4.400,-
3.290,-
SPARAÐU 1.110,-
allt að
50%
af völdum listaverkum
Plain, diskur. Verð 445,-
290,-
SPARAÐU 155,-
25%
af Plain matarstelli
Malibu. Verð 29.900,-
23.900,-
SPARAÐU 6.000,-
VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða
www.ilva.is
ILVA
sendum um allt land
ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardag 10-18 sunnudag 12-18 mánudaga - föstudaga 11-19
© ILVA Ísland 2008

**KJÖRKASSINN**



*Er hefð fyrir möndlugjöf á þínu heimili?*

| | |
|---|---|
| Já | 43,1% |
| Nei | 56,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fórst þú í messu á aðfangadag eða jóladag?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Vísir

Seltjarnarnesbær hyggst ekki hækka útsvar og gjaldskrár á næsta ári:

# Bærinn ekki tekið lán í tíu ár

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Við höfum ekkert í hyggju að hækka útsvarið,“ segir Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri Seltjarnarness.

Alþingi samþykkti rétt fyrir jól heimild til hækkunar á útsvari um 0,25 prósent, úr 13,03 prósentum í 13,28 prósent. Seltjarnarnes hefur undanfarið verið með lægsta útsvarið á höfuðborgarsvæðinu og „þótt víðar væri leitað“ segir Jónmundur, eða 12,10 prósent. Seltjarnarnes hefur jafnframt lækkað útsvar tvisvar á síðustu fjórum árum.

Í fjárhagsáætlun bæjarins fyrir næsta ár er gert ráð fyrir óbreyttum fasteignasköttum, engin hækkun verður á gjaldskrám og engin hækkun á útsvarinu. Seltjarnarnes hefur ekki orðið illa úti í efnahagsörðugleikunum að sögn Jónmundar.



**JÓNMUNDUR GUÐMARSSON**

„Við höfum verið þeirrar gæfu aðnjótandi að taka ekki lán síðustu tíu árin og nýtt tekjuafgangana vel,“ segir Jónmundur.

Miklir fjármunir Seltjarnarnesbæjar voru í gömlu bönkunum. Hins vegar fóru menn þar tryggari leið og voru ekki með eina einustu krónu í peningamarkaðssjóðunum heldur lögðu tekjuafgang sveitarfélagsins á venjulega bankabók með þeim afleiðingum að ekki króna tapaðist, að sögn Jónmundar. Sveitarfélagið skuldar einnig lítið, eða um 300 milljónir króna og fóru því ekki illa út úr gengishruni krónunnar, segir Jónmundur.

„Markmiðið er að bjóða óbreytt lífskjör án þess að þyngja skattbyrði íbúanna,“ segir Jónmundur að lokum. **- vsp**

Heimsþekktur vísindamaður:

## Lést á hótelherbergi í Tromsö

**NOREGUR** Vísindamaðurinn Dr. Daniel Carleton Gajdusek lést nýlega einn á hótelherbergi í Tromsö í Noregi, að sögn NRK. Gajdusek fékk nóbelsverðlaunin í læknisfræði árið 1976 eftir að hafa fundið samband milli mannæta á Nýju-Gíneu og Creutzfeldt-Jacobs sjúkdómsins.

Áður hlaut Gajdusek 19 mánaða fangelsisdóm fyrir kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum en hann hafði þá um langt skeið ættleitt fjölda barna frá fjarlægum löndum og búið með þeim í Bandaríkjunum. Gajdusek hafði dvalist einn í Tromsö frá því í október. **- ghs**

Finnskur stjórnmálamaður:

## Sameiginlega norræna mynt

**FINNLAND Stefan Wallin, formaður Sænska þjóðarflokksins í Finnlandi, vonast til þess að Norðurlönd fái fljótlega sameiginlega mynt og sameiginlegan markað. Wallin telur að það væri heppilegt að Norðmenn og Íslendingar sæki sem fyrst um aðild að ESB og að Svíar og Danir taki upp evruna.**

**„Íslendingar hafa smám saman farið að hafa áhuga á stöðugri mynt og hin löndin hafa ákveðið að vera í hópi þeirra landa sem fylgjast með. Lítið myntkerfi lifir ekki af þrýstinginn frá þessari landamæralausu efnahagsþróun,“ skrifar Wallin í fasta dálkinn sinn í dagblaðinu Turun Sanomat.** **- ghs**



**MÓTMÆLT** Konur mótmæltu banni við höfuðklútum í háskólum í Tyrklandi fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Múslimar finna fyrir þrýstingi:

## Íhaldssamir fá frekar framgang

**TYRKLAND, AP** Hófsamir tyrkneskir múslimar eru nú undir auknum þrýstingi til að ganga með höfuðklúta, ganga til bæna á föstudögum og fasta í Ramadan-mánuði ef þeir vilja framgang í starfi innan stjórnsýslunnar.

Alger aðskilnaður ríkis og trúar hefur verið í Tyrklandi, en margir þykjast sjá sprungur í þeim múr. Rannsókn hefur nú sýnt að Tyrkir trúa því að íhaldssamir múslimar komist frekar til áhrifa.

Þá heyrðu rannsakendur sögur af kúgun hófsamra, til dæmis að fólk hafi verið barið fyrir að reykja í Ramadan-mánuðinum. **- bj**



**SORPHIRÐA** Misjafnt er hvort sveitarfélög hækka sorphirðugjald um áramótin. Sorphirðugjaldið er eina gjaldið sem hækkar í Garðabæ um áramótin. Það hækkar úr 13.300 krónum á ári í 14.700.

# Reiknað er með að flest sveitarfélög hækki útsvar

**Mörg sveitarfélög hækka útsvarið um áramótin, þó ekki Reykjavík, Garðabær eða Seltjarnarnes. Flest reyna sveitarfélögin að halda gjaldskrárhækkunum í hófi. Kópavogur hækkar fjárhagsaðstoð og gjaldskrár.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Ný lög um útsvar sveitarfélaga gera þeim kleift að hækka útsvarið úr 13,03 prósentum í 13,28 prósent. Nýti öll sveitarfélög sér heimild til hækkunar aukast tekjur þeirra um samtals tvo milljarða króna.

Í frétt frá samgönguráðuneytinu, sem fer með sveitarstjórnarmál, segir að reiknað sé með að meirihluti sveitarfélaga nýti sér hækkunarheimildina. 63 af 78 sveitarfélögum í landinu leggja hámarks útsvar á íbúa sína.

Ekki er gert ráð fyrir hærra útsvari í Reykjavík, Garðabæ eða á Seltjarnarnesi. Misjafnt er hvort gjaldskrár hækka og þá hvaða.

Í Kópavogi eru hækkanir fyrirsjáanlegar. Gert er ráð fyrir útsvarshækkun, hækkun lóðarleigu í takt við vísitölu neysluverðs, hækkun sorphirðugjalds auk þess sem afsláttur af vatnsgjaldi og holræsagjaldi lækkar. Þór Jónsson, forstöðumaður almannatengsla hjá Kópavogsbæ, segir að bærinn hækki tekjuviðmið elli- og örorkulífeyrisþega til afsláttar á fasteignagjöldum þannig að fleiri eigi að njóta afsláttar á næsta ári en ella.

„Fjárhagsaðstoð var hækkuð samkvæmt vísitölu neysluverðs auk þess sem bætt var verulega í fjárhæðina í ljósi aðstæðna. Framlag til húsaleigubóta var einnig hækkað því að viðbúið er að fleiri þurfi á þeim að halda,“ segir hann. Þá er sérstakt framlag til atvinnuskapandi verkefna til að mæta atvinnuleysi.

Í Reykjanesbæ eru líkur á að útsvarið hækki úr 12,7 prósentum í 13,28 prósent. Árni Sigfússon bæjarstjóri segir að miðað við breytt lög og líkur á að sveitarfélögum, sem fá fé úr Jöfnunarsjóði eins og Reykjanesbær fær, verði hegnt og því sé líklegt að útsvarið hækki. Gjaldskrá í tónlistarskóla hækki um tíu prósent og gjöld í frístundaskóla hækki um helming. Laun bæjarstjóra og starfsmanna með yfir 400 þúsund á mánuði lækki um allt að tíu prósent auk þess sem laun bæjarfulltrúa og nefndarmanna lækki um tíu prósent. Umönnunargreiðslur lækki úr 30 þúsund í 25 þúsund.

Í Mosfellsbæ hækkar útsvar í 13,03 prósent. Gjaldskrá hitaveitunnar hækkar um 3 prósent og sorphirðugjald úr 11.500 krónum í 14 þúsund. Hundaeftirlit hækkar í verði en aðrar hækkanir eru ekki fyrirhugaðar. Niðurgreiðslur Mosfellsbæjar á kostnað foreldra vegna dagforeldra hækka um 40 prósent um áramót auk þess sem greitt verði fyrir börn frá níu mánaða aldri og gildir það líka um heimgreiðslur.

Hafnarfjörður hyggst einnig hækka útsvarið í 13,28 prósent. Lúðvík Geirsson bæjarstjóri segir ástæðuna vera viðbótar tekjufall sem ekki hefði verið gert ráð fyrir. Lækkun á fasteignamati í fjölbýli um fimm prósent í Hafnarfirði hafi komið þeim á óvart og því hafi útsvarið verið hækkað.

Í Garðabæ hækkar sorphreinsigjald um tíu prósent, úr um 13.300 krónum í 14.700 krónur á ári. Útsvarið helst hins vegar hið sama, 12,46 prósent.

Seltjarnarnes er enn með lægsta útsvarið, 12,10 prósent. Hvorki útsvarið né gjaldskrárnar munu hækka.

Sveitarfélög hafa frest fram á þriðjudag til að ákvarða og tilkynna um útsvarsálagningu næsta árs.

**ghs@frettabladid.is**
**vidirp@frettabladid.is**


LYFJA
- Lifið heil



**30%** verðlækkun+
á **VISINE** augndropum. Dæmi: Visine fyrir þreytt og viðkvæm augu: ~~2.078 kr.~~ **1.455 kr.**



**22%** verðlækkun+
á **NICORETTE** tyggjói í 210 stk. pk.
Dæmi: Fruitmint, 2 mg: ~~6.662 kr.~~ **5.189 kr.**

www.lyfja.is

lægra verð í Lyfju

+ Gildir til 31.12.2008.

SÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND 2008



# FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

## SÖLUSTAÐIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

**Reykjavík - Austurbær**
- Hús Flugbjörgunarsveitarinnar við Flugvallaveg
- Við BT í Skeifunni
- Við Bónus í Holtagörðum
- Við Heklu, Laugaveg
- Sólheimar 21a

**Reykjavík - Vesturbær**
- Björgunarstöðin Gróubúð, Grandagarði 1
- Við Sundlaug Vesturbæjar

**Seltjarnarnes**
- Björgunarstöðin Gaujabúð við Bakkavör

**Reykjavík - Árbær/Höfði**
- Hjálparsveitarhús HSSR, Malarhöfða 6
- Bifreiðar og landbúnaðarvélar
- Bílabúð Benna, Vagnhöfða 23
- Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123

**Reykjavík - Breiðholt**
- Við verslunina Hólagarð
- Við verslunina Nettó í Mjódd
- Við Krónuna, Jafnarseli
- ÍR-heimilið, Skógarseli

**Reykjavík - Grafarvogur**
- Spöngin, verslunarmiðstöð
- Við Gufunesbæ

**Reykjavík - Grafarholt**
- Vínlandsleið 1

**Kópavogur**
- Flugeldamarkaður, Toyotahúsið, Nýbýlavegi 2
- Hjálparsveitarskemma, v/Bryggjuvör
- Kraftvélar, Dalvegi 6-8
- Áhaldahús, Álalind 3
- Við Salalaug, Versali
- Við BYKO í Breiddinni

**Garðabær**
- Hjálparsveitarhús við Bæjarbraut

**Bessastaðahreppur**
- Skátaheimilið v/Breiðumýri

**Hafnarfjörður**
- Björgunarhúsinu, Flatahrauni 14
- Við smábátahöfnina, Fornubúðum 8
- Haukahúsið, Ásvöllum
- Fjörður við Fjarðargötu

**Mosfellsbær**
- Björgunarsveitarhúsið, Völuteig 24
- Gamla Krónuhúsið við Háholt

**Kjalarnes**
- Björgunarsveitarhúsið Árnýjarbúð

## SÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND

**Akranes**
Björgunarmiðstöðin, Kalmarsvöllum 2

**Borgarnes og Borgarfjörður**
Björgunarsveitarhúsið í Brákarey
Blómaskálanum, Kleppjárnsreykjum
Bútæknihúsð á Hvanneyri

**Snæfellsnes sunnanvert**
Björgunarsveitarhús, Laugagerði

**Ólafsvík**
Björgunarsveitarhúsið Mettubúð

**Stykkishólmur**
Björgunarsveitarhús, Nesvegi 1a

**Grundarfjörður**
Björgunarhúsið, Sólvöllum 17a

**Hellissandur**
Björgunarstöðin Líkn

**Búðardalur**
Vesturbraut 12

**Reykhólar**
Björgunarsveitarhúsið, Suðurbraut 5

**Patreksfjörður**
Zero

**Bíldudalur**
Hafnarbraut 12

**Barðaströnd**
Brjánslækur

**Tálknafjörður**
Björgunarsveitarhúsið v/Strandgötu

**Súðavík**
Björgunarsveitarhúsið Ákabúð

**Ísafjörður**
Félagsheimilið Hnífsdal

**Bolungarvík**
Björgunarsveitarhús, Hafnargötu 60

**Flateyri**
Félagsheimili Flateyrar

**Suðureyri**
Björgunarsveitarhús, Skólagötu 3

**Þingeyri**
Stefánsbúð

**Drangsnes**
Björgunarsveitarhúsið, Grundargötu 21

**Hólmavík**
Rósubúð, Höfðagötu 9

**Árneshreppur**
Í aðstöðu björgunarsveitarinnar

**Blönduós**
Björgunarfélagshúsið, Efstubraut 3

**Skagaströnd**
Áhaldahús hreppsins

**Hvammstangi**
Húnabúð, Höfðabraut 30

**V-Húnavatnssýsla**
Reykjaborg, Laugabakka

**Hofsós**
Björgunarsveitarhúsið við Skólagötu

**Varmahlíð**
Björgunarstöðin við Sauðárkróksbraut

**Sauðárkrókur**
Björgunarsveitarhúsið, Borgarröst 1

**Siglufjörður**
Þormóðsbúð, Tjarnargötu 18

**Árskógsströnd**
Björgunarsveitarhúsið, Ægisgötu 25

**Eyjafjarðarsveit**
Hrafnagilsskóli

**Ólafsfjörður**
Björgunarsveitarhúsið Sandhóll

**Akureyri**
Björgunarsveitarhúsið við Hjalteyrargötu 12

**Grenivík**
Ægisbúð

**Dalvík**
Gunnarsbraut 4

**Hrísey**
Hús björgunarsveitarinnar, Ægisgötu 13

**Grímsey**
Skemman hans Fúsa

**Svalbarðseyri**
Valsárskóli

**Aðaldalur**
Hjálparsveitarhúsið, Iðjugerði 1

**Kópasker**
Björgunarsveitarhúsið, Bakkagötu 6

**Þingeyjarsveit**
Hús sveitarinnar að Stóru Tjörnum

**Raufarhöfn**
Stjörnubúð

**Mývatnssveit**
Björgunarsveitarhúsið, Múlavegi 12

**Bakkafjörður**
Fiskverkunarhús Áka

**Vopnafjörður**
Björgunarsveitarhúsið

**Egilsstaðir**
Björgunarsveitarhúsið, Miðási 1-3

**Seyðisfjörður**
Björgunarsveitarhúsið

**Eskifjörður**
Björgunarstöðin, Strandgötu 11

**Þórshöfn**
Hafliðabúð, Fjarðarvegi 6

**Reyðarfjörður**
Þórðarbúð

**Borgarfjörður eystri**
Björgunarsveitarhúsið Heiði

**Djúpivogur**
Slysavarnahúsið, Mörk 12

**Neskaupstaður**
Nes, Nesgötu 4

**Breiðdalsvík**
Selnesi 8

**Fáskrúðsfjörður**
Grímseyri 9

**Hornafjörður**
Hús Björgunarfélagsins, Álaugarvegi 9

**Kirkjubæjarklaustur**
Björgunarstöðin á Iðjuvöllum

**Skaftártunga**
Björgunarsveitin Stjarnan, Múla

**Álftaver**
Björgunarsveitin

**Vík**
Björgunarsveitarhúsinu, Smiðjuvegi 15

**Austur - Eyjafjöll**
Björgunarsveitarhúsið, Bræðrabúð

**Hvolsvöllur**
Björgunarsveitarhúsið, Dufþaksbraut 10

**Austur - Landeyjar**
Björgunarsveitarhúsið Sléttuból

**Hella**
Flugbjörgunarsveitarhúsið, Dynskálum 34

**Vestmannaeyjar**
Björgunarsveitarhúsið

**Flúðir**
Björgunarsveitarhúsið, Smiðjustíg 8

**Gnúpverjahreppur**
Björgunarsveitarhúsið Árnesi
Brautarholti
Sundlaugaranddyri

**Selfoss**
Tryggvabúð, Austurvegi 21
Austurvegi 54

**Stokkseyri**
Söluskúr

**Eyrarbakki**
Björgunarsveitarhúsið

**Þorlákshöfn**
Óseyrarbraut 10

**Laugarvatn**
Björgunarsveitarhúsið

**Hveragerði**
Breiðumörk 24

**Reykjanesbær**
Björgunarsveitarhúsið, Holtsgötu 51
Reykjaneshöllin

**Sandgerði**
Björgunarsveitarhúsið, Strandgötu 17

**Vogar**
Björgunarskýlið, Iðndal 5

**Grindavík**
Björgunarsveitarhúsið, Seljabót 10

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

*Víðtækt starf Slysavarnafélagsins Landsbjargar miðar að því að bjarga mannslífum, verðmætum og koma í veg fyrir slys. Yfir eitt hundrað sveitir sjálfboðaliða eru til taks allan sólarhringinn, alla daga ársins. Flugeldasalan er helsta tekjulind björgunarsveitanna og getur skipt sköpum ef á reynir. Tryggðu eigið öryggi og verslaðu flugeldana af okkur.*

**INNLENDIR VENDIPUNKTAR 2008**

# Flugleiðin til Íslands

Þegar Seðlabanki Íslands yfirtók 75 prósent hlut í Glitni í byrjun október hófst atburðarás sem enn sér ekki fyrir endann á. Stefán Jón Hafstein fylgdist með hruni íslenska efnahagskerfisins frá Afríku og reifar hvernig það kom honum fyrir sjónir.

Frá Malaví og heim er 32ja tíma ferð úr höfga regntímabilsins í hvítan jólasnjó. Í kjöltu mér þegar flugvélin brunar í átt að þrumuskýjum: Ræða seðlabankastjóra hjá Viðskiptaráði. Ég undirbý mig andlega fyrir heimkomu. Niðri sprettur maís á ökrum. Ef ekki rignir hressilega verður þjóðin hungri að bráð. Hún lifir á bláþræði sem duttlungar náttúrunnar spinna; 13 milljónir manna í landi á stærð við Ísland. Meirihluti hefur minna en 250 krónur á dag til að lifa af, fjórða hvert barn vannært, ungabarnadauði og bráðdrepandi sjúkdómar hluti af daglegu lífi. Í samanburði við Malava geta Íslendingar þakkað fyrir sína kreppu. Þetta er undarleg ferð heim.

~

Heima. Ég spilaði samnefndan mynddisk með Sigur Rós hvert einasta kvöld undanfarnar vikur til að horfa á landið: Fjöllin, fossana, sandana, hafið – og andlitin á fólkinu á tónleikaferðalagi þeirra drengja. Mjólkurhvítu andlitin. Lömb leidd til slátrunar. *The Economist* er í Jóhannesarborg og þar stendur að bankahrunið á Íslandi sé það stærsta í sögunni miðað við hina frægu höfðatölu. 20 sinnum stærra en bankakreppan í Svíþjóð. Hvernig gat þetta gerst? Hvernig getur ríkasta þjóð í heimi orðið gjaldþrota án þess að nokkur sé ábyrgur?

~

Fram undan er Simbabve. Ræða Davíðs er lengsta „ekki-benda-á-mig“ ræða Íslandssögunnar. Í henni er Seðlabankinn bara veðurklúbburinn á Dalvík, mælir vindhraða en gerir ekkert í honum; spáir á rósamáli fyrir innvígða en hastar hvorki á veður né vötn. Fjármálaeftirlitið á tunglinu, en samt á Seðlabankinn mann í stjórn. Í Simbabve er allt komið til fjandans en Mugabe segist ekki fara neitt því án sín fari allt enn þá meira til fjandans. Hundruð þúsunda manna svelta, kóleruplága, gjaldmiðill sem er enn aumari en krónan, við erum í 30 þúsund feta hæð yfir hörmungunum og langt í norðri tindra jólaljós eins og þúsund spurningarmerki og þangað stefnir vélin.

~

Engir gallar í stjórnkerfi okkar ollu hruninu. Eftirlitsstofnanir, embætti, ábyrgðarsvið og lögþvinganir eru til staðar. Og hrunið var ekki heldur afleiðing af græðgi eða glannaskap. Jú, útrásarvíkingarnir voru fífldjarfir og fyrirlitlega gráðugir. En bóndi sem hleypir mink í hænsnabú spyr ekki minkinn hvort viðskiptamódelið virki. Það er hlutverk þjóðkjörinna fulltrúa að vernda hænsnabúið fyrir minkum og þar brugðust þeir. Ég hef aldrei trúað því að kapítalistar gætu skapað samfélag. Ég hef talið að lýðræði ætti að setja markaði skorður. Það er hlutverk Alþingis og ríkisstjórnar að hemja dýrið. Þegar allt var komið í óefni var heimsbyggðinni tilkynnt hvernig: „*We have decided that we are not going to pay the foreign debts of reckless people*“ sagði Davíð Oddsson í þýðingu *Wall Street Journal* á Kastljósviðtali. Þessi „við“ er ekki stjórn Seðlabankans, heldur Alþingi Íslendinga sem daginn áður samþykkti „neyðarlög“. En þetta *Stóra plan* gekk ekki upp. Íslandi yrði vísað úr samfélagi þjóðanna.



**Stefán Jón Hafstein** starfar fyrir Þróunarsamvinnustofnun í Namibíu. Hann hefur setið í borgarstjórn fyrir hönd Samfylkingar.

**Innlendir vendipunktar 2008**
Fréttablaðið gerir nú upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir málsmetandi Íslendinga. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir á árinu, sem eiga það sammerkt að vera fréttir um eitthvað nýtt sem gerðist eða breytingar sem hafa áhrif til frambúðar.

~

Spurningin er, hvenær varð *Stóra planið* til og hverjir samþykktu að leggja það fyrir Alþingi? Hverjum datt í hug að Íslendingar segðu eins og í leikriti eftir Dario Fo: Við borgum ekki?

~

Rök hníga að því að *Stóra planið* hafi verið hugsað upp fyrir allnokkru og lagt upp með þeim hætti að keyra mætti „séríslensku“ leiðina í gegn. „*... what there happens is that this foreign debt will be settled and of course it is a fact that the foreign creditors will only get 5-15% of their claims,*“ sagði Davíð við heiminn. Hann lýsti því hróðugur að landið yrði nánast skuldlaust eftir, en það „tæki tíma að síast inn“ hjá þjóðinni. Það hefur aldeilis síast inn.

~

Útúrdúr: Ég heyrði þessu plani lýst fyrst fyrir tveimur árum. Skera sundur íslenskar eigur og erlendar skuldir og láta þær síðarnefndu lönd og leið. Ég spurði hvort EES leyfði slíkt. „Menn hlytu að hafa hugsað það.“ Í vor hitti ég hagfræðing frá AGS (IMF) í Malaví. Hann sagðist oft hafa komið til Íslands og átt reglulega fundi með seðlabankamönnum og margoft varað við. Sama mann hitti ég í nóvember og rifjaðist upp tal okkar. Hann nefndi ákveðinn seðlabankastjóra á nafn og fór með ræðuna sem hann kvaðst ítrekað hafa haldið allt frá árinu 2004, að Ísland væri á leið lóðbeint í bankakreppu.

Þetta er bara brot í púsl sem raðast hefur upp að undanförnu: Að íslenskir stjórnmálamenn, seðlabankamenn og viðskiptabankamenn hafi a.m.k. í tvö ár vitað að í veruleg vandræði stefndi. *Stóra planið* mótaðist.

~

„Krimmar“ eru vinsælir nú um stundir. Ræða Davíðs Oddssonar í Viðskiptaráði er mesti reyfari ársins. Í gegnum skín plottið: Við borgum ekki. En það gat hann ekki sagt með þeim orðum – ekki eftir að snjallræðið klikkaði. Og aðrir ráðamenn geta ekki viðurkennt að hafa unnið samkvæmt því. En þannig hlýtur það að hafa verið. „Má-kannski-segja-að-eftir-á-að-hyggja-hefðum-við-ef-till-vill-átt-að-vera-betur-vakandi“ er virkilega slæm afsökun. En hún er sú eina sem eftir stendur því miklu verra er að viðurkenna tilvist *Stóra plansins* sem brást og leiddi þjóðina í ánauð. Það gengur einfaldlega ekki upp að fólk með tiltölulega heila hugsun, eins og stjórn Seðlabankans, í ríkisstjórn, eftirlitsstofnunum, í bönkunum og 63 alþingismenn hafi ekki lagt upp neina aðgerðaáætlun. Það væri svo óendanlegt ábyrgðarleysi hjá svo mörgum, svo lengi, að brýtur gegn allri skynsemi. Þegar áramótaannálar fjölmiðlanna verða kynntir sjáum við að allt þetta ár glumdu viðvörunarbjöllur samfellt og blikkljós hringsnerust. Einhvers staðar, einhvern tímann var ákveðið að nota Dario Fo leiðina. Hver? Hvers vegna? Að hvers ráðum?



**FRÉTTAFUNDUR Í IÐNÓ** „Allir ráðandi menn voru algjörlega meðvitaðir um slæma stöðu bankanna. Þeir gerðu sér alveg grein fyrir því hverjar afleiðingarnar gætu orðið,“ segir greinarhöfundur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

~

Hér þarf að halda til haga smávægilegri frétt á vísi.is, sem birtist fljótlega eftir að neyðarlögin voru sett. Jón Þór Sturluson, aðstoðarmaður viðskiptaráðherra, lýsti því að ráðuneytið hefði verið vel undirbúið og drög að neyðarlögunum legið fyrir „í sumar“. Þetta vakti af einhverjum ástæðum ekki mikla athygli. Það sannar þá tilgátu mína að þá þegar hafi Dario Fo-leiðin verið hönnuð. Þetta styður frásögn Davíðs sem snemma árs hélt ásamt sínum mönnum til London og var svo brugðið við lýsingu Breta á íslensku bönkunum að þeir kölluðu ráðamenn saman við heimkomu og lásu yfir þeim skýrslu sína. Nánar tiltekið „forystumönnum stjórnarflokkanna, ýmsum ráðherrum og embættismönnum“.

Í byrjun apríl átti Geir Haarde fund með Gordon Brown. Efni fundarins lék á reiki því tvær mismunandi útgáfur af fréttatilkynningum fóru út um hann. Nú er staðhæft að Brown hafi ráðlagt Haarde að leita til AGS. Hvers vegna var því heilræði ekki hlítt? Skömmu síðar veitti Alþingi heimild til að taka stórlán, en fljótlega varð ljóst að engir 500 milljarðar dygðu í varasjóð. Svo vildi enginn lána Íslandi. Tveir breskir fræðimenn komu til landsins í boði Landsbanka og lásu þar upp að Íslendingum væru fáir kostir í boði, veðsetja auðlindir, slá risa-risalán eða skipta um gjaldmiðil sem líklega væri of seint. *Stóra planið* mótaðist í huga ráðamanna og skúffa viðskiptaráðuneytis gerð klár.

~

Líklega ógnaði mönnum leiðin og vildu leita annarra ráða. Annar september verður mönnum í viðskiptaráðuneytinu líklega minnisstæður, því það var dagurinn sem þeir hittu Darling og ræddu Icesave-málin. Fréttatilkynning um efni fundarins var hrein lygi eins og nú hefur verið staðfest. En Baldur Guðlaugsson seldi bréf sín í Landsbankanum. Bretum var ljóst að Íslendingar vildu koma Icesave yfir á þá. Landsbankinn átti bara ekki nægilegan heimanmund. Þess vegna upplýsir Björgólfur Thor að hann hafði leitað eftir samkomulagi við Seðlabankann um tryggingu fyrir 200 milljónum punda og Icesave-reikningurinn þar með frá. Um það áttu þeir Árni Mathiesen og Alistair Darling afdrifaríkt samtal, en hluti af því var birtur á mbl.is:

*Darling: „Ég tek því þá sem svo að loforðið sem Landsbankinn gaf okkur um að hann fengi 200 milljónir punda í reiðufé sé einnig fyrir bí?“ Fjármálaðherra: „Já, þeir fengu ekki það fé.“ Darling: „Veistu, ég skil svo sem afstöðu þína. Þú verður að gera þér ljóst að orðspor þjóðar þinnar bíður hræðilegan hnekki.*“

Eins og Mogginn segir: „Breska fjármálaeftirlitið á að hafa boðist til að flýta fyrir flutningum Icesave-reikninga í breska lögsögu gegn 200 milljóna punda fyrirgreiðslu. Slík breyting hefði að sögn Björgólfs Thors getað forðað íslenska ríkinu frá því að innstæður í Icesave færu á ábyrgð ríkisins.“ Á sama tíma var hins vegar ákveðið að reyna að bjarga Kaupþingi með veði í NIH-bankanum danska.

Enginn hefur skýrt á fullnægjandi hátt hvað gerðist þessar örlagaríku klukkustundir, en Geir Haarde „kannast ekki við“ frekar en svo oft áður. Veit Mathiesen um hvað hann var að tala? Var Björgólfur Thor svona óskýr í máli? Eða tóku menn bara áhættu með fjöregg þjóðarinnar vegna þess að önnur betri leið var klár? *We have decided that we are not going to pay the foreign debts of reckless people.*

~

Nei, við erum heppin með okkar kreppu í samanburði við lífið sem þorri mannkyns lifir. Og við eigum góðar bókmenntir: „Góður orðstír deyr aldrigi, hveim sér góðan getur“. Hann fór líka í *Stóra planinu.*

~

Icesave-reikningurinn einn gæti jafngilt þróunaraðstoð Íslendinga í 50 ár. Við erum stödd yfir Kongó. Þar geisar skálmöld sem á rætur í fjöldamorðunum í Rúanda þegar 800 þúsund manns var slátrað. Menn telja að ráðamenn heimsins hafi vitað vel hvað þá gerðist, en bara „ekki viljað vita það“. Þeir virðast ekki heldur hafa viljað vita af því að síðan þá hafa fimm milljónir manna misst lífið í framhaldsfjöldamorðum. Flugvélin varpar ekki lengur skugga á lönd og merkur því nú er komin niðdimm nótt. Nótt rána, nauðgana og morða langt fyrir neðan okkur. Og fram undan Darfur. Við getum alls ekki treyst því að fólk læri af reynslunni.

~

Fyrir ráðamenn okkar hefur þessi kreppa verið ótrúleg mannraun. Fæst þeirra, ef nokkurt, hefur bakgrunn, reynslu eða þekkingu til að takast á við svona ógn. Allir ráðandi menn voru algjörlega meðvitaðir um slæma stöðu bankanna. Þeir gerðu sér alveg grein fyrir því hverjar afleiðingarnar gætu orðið. Enginn er undanskilinn, hvorki Seðlabankinn, Fjármálaeftirlitið, ríkisstjórn, Alþingi og ekki heldur eigendur bankanna. Hvernig gat þetta gerst? Í flugvélinni heim er lestíra og ég fer í gegnum nýja tískubók: *Outliers, The Story of Success*, eftir Malcolm Gladwell. Það er skrítið að lesa um flugslys hátt yfir Miðjarðarhafi. En bókin skýrir með dæmum hvernig flest slys verða til fyrir röð smávægilegra mistaka, tæknilegra og mannlegra, sem smátt og smátt hlaða svo upp á sig að á endanum verður ekki við ráðið. Engin ein mistök gera útslagið: Smávægileg vélarbilun, samskipti óljós, tungumálaörðugleikar, menningarlegt ólæsi og jafnvel hroki í stjórnklefa, leiðbeiningar misskildar, aðstæður versna, álag sljóvgar og allt í einu er stórslys sem auðvelt hefði verið að koma í veg fyrir. Uppsafnað vanhæfi. Sérfræðingar um flugslys hafa ráðið gátuna um svona mynstur. Alveg eins og sérfræðingar um fjármálakreppur hafa gert fyrir löngu. Nú þarf rannsóknarnefnd þjóðargjaldþrotsins að fara af verkfræðilegri nákvæmni gegnum flakið. Raða saman brotum, samtölum og minnisblöðum um meðvitað aðgerðarleysi og vanhugsaða ráðagerð – útskýra slysið. Finna „svarta kassann“ og birta hljóðritanir úr stjórnklefanum. Þá verður sá söguþráður sem ég hef rakið orðinn miklu flóknari og kannski allur annar?

~

Landakortið er eins, en heimsmyndin breytt. Á litla skjánum fyrir framan mig í vélinni má sjá flugleiðina teiknast upp: Yfir Sikiley núna og ég hugsa um mafískt ástand. Er búið að setja almennar gagnsæjar leikreglur um meðferð eigna og skulda í ríkisbönkum á annarri eyju? Enginn veit neitt. Við erum þjóð sem veit hvorki hvar hún stendur né hvert hún ætlar. Flugvélin frá London fyllist af Bretum á leið til Íslands í jólainnkaup og tómlegt á Saga class.


21 milljón
í pottinum fyrir
réttu jólatölurnar
Veldu þér glitrandi jólatölur fyrir kl. 18.40 í dag og vertu með til vinnings. **Gleðileg jól!**
FARÐU Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Á WWW.LOTTO.IS OG FÁÐU ÞÉR MIÐA
Lottó
ENNEMM / SÍA NM36439

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kúrsinn tekinn til Brussel árið 2009.

## Evrópuslagurinn

BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR

Stjórnmálaflokkarnir hafa brugðist í því að leiða spurninguna um aðild að Evrópusambandinu til lykta. Margt bendir þvert á móti til að flokkakerfið hér á landi hafi alls ekki ráðið við mál af þessari stærðargráðu og margir hafi beinlínis veigrað sér við að ræða það, af ótta við að rugga bátnum og efna til ófriðar, jafnvel klofnings.

Sem betur fer virðist nú ætla að verða nokkur breyting á, því kyrrstöðuna þarf að rjúfa. Framsóknarflokkur hefur boðað til flokksþings um miðjan næsta mánuð þar sem ætlunin er að móta stefnu í Evrópumálum til framtíðar. Undir lok næsta mánaðar munu sjálfstæðismenn einnig koma saman á landsfundi, þar sem mótuð verður afstaða í Evrópumálum, stefnubreyting þar liggur í loftinu. Sætir sú stefnubreyting auðvitað alveg sérstökum tíðindum. Varaformaður flokksins hefur þegar lýst væntingum í þá átt, að niðurstaðan verði að ráðist verði í aðildarviðræður og greinar og viðtöl við þingmenn flokksins síðustu daga benda eindregið í sömu átt. Jafnvel eindregnir andstæðingar aðildar tala nú fyrir því að lýðræðislegt sé að þjóðin dæmi sjálf í þessum efnum og hún hafi tækifæri til að fella aðild, eða samþykkja hana í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þetta er vitaskuld kjarni málsins. Við Íslendingar getum tekist á um Evrópumálin og varpað fram alls kyns misgáfulegum fullyrðingum, en við fáum aldrei úr því skorið fyrr en í samningaviðræðum, hvort aðild samrýmist þjóðarhagsmunum í bráð og lengd. Öryggisventill okkar er að geta fellt aðild, eins og Norðmenn hafa gert í tvígang, verði niðurstaðan ekki ásættanleg. Fæstir vilja ganga í Evrópusambandið, sama hvað það kostar. En það er alveg óhugsandi, einkum eins og gjaldeyrismálin hafa þróast, að við hjökkum áfram í sama hjólfarinu.

Næstu vikur geta því reynst örlagaríkar. Umræðan verður tilfinningarík í meira lagi og alls ekki sársaukalaus. Flokkslínur munu bresta, stóryrðin fjúka, eins og nýleg dæmi sanna, og reyna mun á stjórnmálaflokkana og innviði þeirra.

Vinstri grænir segjast enn andvígir aðild, en hafa nú opnað fyrir að þjóðin taki sjálf af skarið í almennri atkvæðagreiðslu. Því ber að fagna. Forystumenn Samfylkingarinnar segja flokkinn þann eina sem hafi beina stefnu í málinu, en nú hefur einn af trúnaðarmönnum hans stigið fram og skýrt frá því að þar á bæ sé stefnan alls ekki fullmótuð, enn eigi eftir að skilgreina samningsmarkið. Því getur sú ótrúlega staða komið upp, að Sjálfstæðisflokkurinn tæki beinlínis fram úr samstarfsflokki sínum á landsfundi og þurfi svo að bíða eftir formlegri flokkssamþykkt Samfylkingar til að ráðast í aðildarviðræður og undirbúa breytingu á stjórnarskrá og þjóðaratkvæðagreiðslu.

Getur það gerst? Hvernig liti Samfylkingin þá út?

Komandi ár býður áreiðanlega upp á mikilsverð tíðindi. Verða kosningar og stjórnarslit? Verður sótt um aðild að ESB? Verður þjóðaratkvæðagreiðsla? Klofna flokkar? Verða til ný framboð? Þessar spurningar og ótal fleiri koma upp í hugann. Af nægu verður því að taka í fréttum og opinberri umræðu á komandi ári til viðbótar við efnahagskreppu; aukið atvinnuleysi, fátækt og fjöldagjaldþrot. Við slíkar aðstæður reynir á djörfung og þor lítillar þjóðar og að þeir stígi fram sem vettlingi geta valdið. Þar má enginn skorast undan, við höfum ekki efni á því.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Litið um öxl

Það er þekkt úr sálfræðinni að þegar maður stendur andspænis erfiðleikum horfir hugur hans aftur til að meta hvernig hann hafi staðið af sér þá erfiðleika sem hann hefur áður þurft að glíma við. Þetta virðist þjóðin vera að gera núna. Fréttir segja að kaupmáttur sé nú svipaður og hann var fyrir fjórum árum, stjórnmálamenn rifja upp erfiðleikana sem við var að etja fyrir þjóðarsáttina, fræðingar rifja upp þrengingarnar sem komu í kjölfar þess að síldin hvarf í lok sjötta áratugarins og enn aðrir segja frá kreppunni miklu. Þannig horfir þjóðarsálin til baka og sitthvað má finna í þess háttar upprifjun sem draga má lærdóm af.



### …og aftur um aldir

Svona heldur þetta áfram og menn fara að líta sífellt lengra aftur í tímann eins og sjá má á bloggsíðu Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra. Þar fjallar hann um forföður sinn frá sautjándu öld, Jón Vigfússon að nafni, en ávallt kallaður Bauka-Jón. Jón Þ. Þór sagnfræðingur fjallar um hann í nýútkominni bók sinni og sér ráðherrann þar nokkuð sem á erindi við samtímann: „Sumir töldu Bauka-Jón göldróttan. Er það tímanna tákn, að orð Jóns Þ. Þórs um galdra á sautjándu öld eigi erindi inn í þjóðmálaumræðu líðandi stundar, þegar Eva Hauksdóttir, eigandi Nornabúðarinnar, efnir til svartagaldurs á túninu fyrir framan stjórnarráðshúsið.“ Því næst vitnar Björn í bók Jóns til að sýna fram á að nornir sem sekar voru um hvíta- og hvað þá svartagaldur voru ekki teknar neinum vettlingatökum á 17. öld; menn voru jú brenndir á báli fyrir svartagaldur á þessum tíma. Það má eflaust draga nokkurn lærdóm af þessu líka. Hann er þó vonandi ekki að mælast til þess að við hefjum nornabrennur á ný?



jse@frettabladid.is

# SÍBS í þágu landsmanna



HELGI HRÓÐMARSSON

ÍDAG | Samband íslenskra berklasjúklinga

Hinn 24. október 1938 komu berklasjúklingar saman á Vífilsstaðahæli til að stofna Samband íslenskra berklasjúklinga. Tilgangurinn var að hjálpa útskrifuðum berklasjúklingum að ná fótfestu í lífinu, eftir ára eða áratuga dvöl á heilsuhælum. Þörfin var brýn og aðstæðum berklasjúklinga á þessum tíma er vel lýst með orðum Kristmanns Guðmundssonar rithöfundar í grein sem hann skrifaði í blaðið Berklavörn 1940: „Eftir að ég kom af hælinu allslaus og linur til heilsu, að hírast í kjallarakompum, sem ekki líktust neinum mannabústöðum, fékk sjaldan nægju mína að éta og aldrei holla fæðu, skjólföt sæmileg átti ég engin.“

Stofnendur SÍBS hófust strax handa um stofnun deilda um allt land, undir nafninu Berklavörn. Fjársöfnun var undirbúin og 6. október 1939 voru seld merki SÍBS og blaðið Berklavörn og dagurinn nefndur „Berklavarnardagur“. Það var gengið nánast í hvert hús á landinu og viðtökur voru slíkar að unnt var að byggja Reykjalund og hefja starf sem löngu er landsþekkt. SÍBS hefur frá þeim tíma „átt“ fyrsta sunnudag í október og sá dagur m.a. verið nýttur til fjáröflunar og kynningar. Síðustu áratugi hefur dagurinn verið nefndur SÍBS dagurinn.

Ráðist var í kaup á landi af Reykjabændum í Mosfellssveit. Á því landi var jarðhiti og braggar eftir herinn, sem síðar voru notaðir fyrir eldhús, borðstofu og verkstæði. Bygging 10 smáhýsa hófst 1944 og voru 5 þeirra tilbúin 1. febrúar 1945 en þá tók vinnuheimilið til starfa undir nafninu Reykjalundur. Þessi ár og næstu var safnað fé og áfram var byggt og aðalbygging Reykjalundar tekin í notkun 1. febrúar 1950. Þá fjölgaði vistmönnum úr 40 í 90.

### Markmið SÍBS

Markmið SÍBS er að styðja sjúka til sjálfsbjargar með forvörnum, endurhæfingu og félagslegri uppbyggingu. SÍBS sameinar innan vébanda sinna fólk með berkla, hjartasjúkdóma, lungnasjúkdóma, astma og ofnæmi og svefnháðar öndunartruflanir og vinnur að því að heilbrigðisþjónusta og félagsleg aðstaða þess fólks sé sem fullkomnust.

### Aðildarfélög og starfsemi

Með tilkomu berklalyfjanna um miðja síðustu öld fór berklasjúklingum fækkandi. Með fækkun þeirra var talið rétt að fá aðra brjóstholssjúklinga til liðs við SÍBS. Astma- og ofnæmisfélagið gerðist aðili að SÍBS árið 1974. Það ár var nafni samtakanna breytt í Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga. Landssamtök hjartasjúklinga – nú Hjartaheill – urðu svo aðilar að samtökunum árið 1992. Vífilstaðadeild SÍBS – Nú Vífill, félag einstaklinga með kæfisvefn og aðrar svefnháðar öndunartruflanir, gengu í samtökin árið 1994 og Samtök lungnasjúklinga árið 1998.

Auk Reykjalundar endurhæfingarmiðstöðvar starfrækir SÍBS Múlalund, vinnustofu fyrir öryrkja og Happdrætti SÍBS sem er kjölfesta alls starfs SÍBS. Í samstarfi við Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands og Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni rekur SÍBS Múlabæ, dagvistun fyrir aldraða og Hlíðabæ, dagvistun fyrir minnissjúka. HL- stöðvar voru stofnaðar af SÍBS, Landssamtökum hjartasjúklinga og Hjartavernd. Þar er veitt endurhæfing eftir veikindi og aðgerðir auk viðhaldsþjálfunar.

*SÍBS sameinar innan vébanda sinna fólk með berkla, hjartasjúkdóma, lungnasjúkdóma, astma- og ofnæmi og svefnháðar öndunartruflanir og vinnur að því að heilbrigðisþjónusta og félagsleg aðstaða þess fólks sé sem fullkomnust.*

SÍBS blaðið er gefið út í 8-10 þúsund eintökum og dreift til allra félagsmanna SÍBS, á sjúkrahús, þjálfunarstaði og aðrar sjúkrastofnanir. Heimasíða SÍBS er sibs.is. Þar er að finna upplýsingar um SÍBS, Happdrætti SÍBS og aðildarfélög samtakanna.

Skrifstofur SÍBS eru í Síðumúla 6 í Reykjavík. Þar er aðalumboð og höfuðstöðvar Happdrættis SÍBS. Starfsmenn SÍBS og Happdrættis SÍBS starfa þar ásamt starfsmönnum Hjartaheilla, Astma- og ofnæmisfélagsins og Samtaka lungnasjúklinga. Skrifstofan er opin 8.45 til 16.00.

### Endurhæfing á Reykjalundi

Á Reykjalundi eru eftirtalin endurhæfingarsvið: svið fyrir gigtarsjúka, fyrir geðsjúka, fyrir þá sem hafa orðið fyrir áfalli í miðtaugakerfi, fyrir fólk sem á við langvinn verkjavandamál að stríða, fólk sem glímir við ofþyngd, börn og ungmenni sem ekki hafa náð eðlilegum þroska, auk sérstakra endurhæfingarsviða fyrir annars vegar hjartasjúklinga og hins vegar lungnasjúklinga. Þá er starfandi sérstakt svið atvinnuendurhæfingar.

Á hverju sviði er starfsmannateymi og hafa þau náð að þróa með ágætum aðferðir og tækni í endurhæfingu innan hvers sviðs. Starfsfólk Reykjalundar hefur leitast við að fylgjast vel með breyttum lifnaðarháttum landsmanna og svara breyttum þörfum sem skapast hafa m.a. með svokölluðum „lífsstílssjúkdómum“. Þetta hlýtur að teljast afar mikilvægt á tímum örra breytinga sem m.a. koma til vegna hreyfingarleysis og breytts mataræðis.

Í janúar 2002 var tekin í notkun á Reykjalundi 2.700 fermetra þjálfunarhús með sundlaug og þjálfunarlaug, pottum, stórum þjálfunarsölum og margvíslegri annarri aðstöðu. Hluti byggingarkostnaðar var fjármagnaður með landssöfnun 1998 og hægt var að hefja byggingu þessa glæsilega húss. Byggingin hefur þegar sannað ríkulega gildi sitt og stórbætt aðstöðu til endurhæfingar. En þörfin fyrir endurhæfingu er mikil og biðlisti sjúklinga langur.

### Happdrætti SÍBS – stuðningur landsmanna

Landsmenn hafa í gegnum tíðina haldið tryggð við starfsemi SÍBS og í samstarfi við þjóðina hefur SÍBS tekist að byggja upp og bjóða upp á þjónustu á heimsmælikvarða sem opin er öllum landsmönnum. Um þessar mundir er sérstaklega brýn þörf fyrir forvarnir og endurhæfingu og aðra þá þjónustu sem SÍBS veitir og þá uppbyggingu sem á sér stað á vegum samtakanna. Auðveldasta leiðin til þess að styðja við starfsemi SÍBS er að kaupa miða í Happdrætti SÍBS. Þannig er hægt að aðstoða SÍBS við að ná fram markmiðum sínum og renna þannig enn frekari stoðum undir þá mikilvægu starfsemi sem unnið er að hjá SÍBS – á Reykjalundi og í öðrum rekstrareiningum á vegum samtakanna.

Tugir þúsunda einstaklinga hafa notið endurhæfingar á Reykjalundi og annarrar þjónustu á vegum SÍBS og áfram munu samtökin vinna í þágu landsmanna undir kjörorðum SÍBS: „Styðjum sjúka til sjálfsbjargar“.

*Höfundur er framkvæmdastjóri hjá SÍBS.*

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



Gott fyrir **kroppinn**

**námskeið**

sem að styrkja **þig** og efla













## Konur átak
- frábær leið til betra lífs

## Karlar átak
- sérsniðin að þörfum karla

## Sjálfsvarnarnámskeið
- fyrir stúlkur 13-16 ára þar sem þær læra sjálfsvörn og auka þol og styrk um leið.

## Stórar konur
- fyrir þær sem vilja strangt aðhald

## Líkami fyrir lífið
- fyrir konur á öllum aldri

## Ertu hætt að vinna?
- fyrir konur sem vilja njóta lífsins

## Fitness Box
- fáðu útrás fyrir krafta þína

## Crossfit
- viltu meira?

## Herþjálfun
- fyrir þá sem þekkja ekki uppgjöf og vilja meira en við hin

## Peak Pilates
- steinliggur fyrir þá sem vilja styrkja kvið og bakvöðva

## Rope Yoga
- endurnærandi og sameinar líkama og sál

## Mömmutími
- frábært námskeið þar sem börnin eru með

## Shokk
- fyrir börn og unglinga 8-15 ára, lögð er áhersla á jákvætt viðhorf til eigin heilsu, hreyfingar og næringar

## Dansstúdíó World Class
Streetstyle, Jazz, Hip Hop, Break, Freestyle og barnadansar

**Námskeiðunum fylgir aðgangur að sundlaug í Laugardal, Lágafellslaug og Seltjarnarneslaug, tækjasölum og opnum tímum á öllum stöðvum World Class.**

**Ný stundaskrá tekur gildi 5. janúar**

Upplýsingar og skráning er hafin í síma 553-0000 eða á www.worldclass.is

World Class Iceland

Laugum Reykjavík
Lágafellslaug Mosfellsbæ
Húsi Orkuveitunnar Reykjavík
Sundlaug Seltjarnarness
Spönginni Grafarvogi
Turninum Kópavogi
Dalshrauni Hafnarfirði

LAUGAR

# Upp úr stóðu turnarnir tveir

Fréttablaðið leitaði til valinna sérfræðinga til þess að ganga úr skugga um það hverjar séu bestu plötur ársins 2008. Plata Sigur Rósar, **Með suð í eyrum við spilum endalaust**, varð fyrir valinu sem besta platan en fyrsta plata FM Belfast fylgir í kjölfarið.

Átján manns skiluðu inn listum – gagnrýnendur, fjölmiðlafólk og nafntogaðir tónlistaráhugamenn. Platan sem er í efsta sæti á lista hvers og eins fær 5 stig, platan í öðru sæti 4 stig og þannig koll af kolli. Ef tvær plötur fá jafn mörg stig þá fær sú plata sem er með fleiri tilnefningar hærra sæti á heildarlistanum. Tvær plötur skáru sig úr og hlutu áberandi flest stig í könnuninni. Plata Sigur Rósar, Með suð í eyrum við spilum endalaust, var tilnefnd af þrettán þátttakendum og hlaut 50 stig, en fyrsta plata FM Belfast, How To Make Friends, fékk ellefu tilnefningar og 37 stig. Mun færri tilnefningar eru á bakvið aðrar plötur á listanum.

Það vekur athygli að plötur sem fengu góða dóma og miklar vonir voru bundnar við, t.d. plötur Bang Gang, Dísu, Motion Boys og Jeff Who? náðu ekki einu af tíu efstu sætunum. Það sýnir kannski hvað margar frambærilegar plötur komu út á árinu. Þá komst spútniksveit síðasta árs, Sprengjuhöllin, hvergi á blað hver sem ástæðan er fyrir því. Kannski Hey Jude-stælingin hafi gjaldfellt bandið?

Listi yfir bestu erlendu plötur ársins verður birtur í blaðinu innan skamms.



**1** SIGUR RÓS **Með suð í eyrum við spilum endalaust** 50 STIG



**2** FM BELFAST **How To Make Friends** 37 STIG



**3** DR. SPOCK **Falcon Christ** 16 STIG



**4** LAY LOW **Farewell Good Night's sleep** 14 STIG



**5** MAMMÚT **Karkari** 12 STIG



**6** SIN FANG BOUS **Clangour** 10 STIG



**7** EMILIANA TORRINI **Me and Armini** 9 STIG



**8** RETRO STEFSON **Montaña** 8 STIG



**9-10** CELESTINE **At TheBorders Of Arcadia** 8 STIG



**9-10** REYKJAVÍK! **The Blood** 8 STIG

**BESTU PLÖTUR SÍÐUSTU ÁRA**

**2007:** Mugison – Mugiboogie
**2006:** Reykjavík! – Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol
**2005:** Sigur Rós – Takk …
**2004:** Mugison – Mugimama (is this Monkey Music?)
**2003:** Mínus – Halldór Laxness
**2002:** Sigur Rós – ()
**2001:** XXX Rottweilerhundar – XXX Rottweilerhundar
**2000:** Botnleðja – Douglas Dakota
**1999:** Sigur Rós – Ágætis byrjun
**1998:** Botnleðja – Magnyl

## SIGUR RÓS ÁVALLT Í EFSTA SÆTINU

Hljómsveitin Sigur Rós á plötu ársins, Með suð í eyrum við spilum endalaust, samkvæmt innlendum poppspekingum. Þar með hafa fjórar síðustu plötur sveitarinnar allar náð efsta sæti listans síðan hann birtist í fyrsta sinn í DV árið 1998.

„Þetta er bara frábært og mikill heiður því það er fullt af góðri tónlist í gangi," segir bassaleikarinn Georg Holm. „Það er voða gaman að þótt við séum næsta janúar fimmtán ára gamlir þá er gaman að vita að við getum þetta enn þá, að við séum ekki orðnir leiðinlegir og gamlir."

Fari svo að næsta plata Sigur Rósar nái ekki toppsæti listans mætti túlka það sem svo að sveitin væri komin á villigötur miðað við „áskriftina" sem hún hefur haft hingað til. Georg er ekki sammála því enda segir hann þá félaga alltaf halda sínu striki sama hvað gagnrýnendur segja. „Við myndum ekkert breyta okkur neitt. Það væri kannski visst svekkelsi ef það væru engin viðbrögð á Íslandi. Maður hefur alltaf mestar áhyggjur af viðbrögðunum á Íslandi frekar en í útlöndum," segir hann.

Sjálfum fannst Georgi FM Belfast eiga plötu ársins en ekki Sigur Rós. „Hún er algjör snilld. Hún er að mínu mati skemmtilegasta platan sem kom út á árinu. Ég hefði gefið henni atkvæði." Hvað erlendar plötur varðar fannst honum Made in the Dark með Hot Chip á meðal þeirra bestu.



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós á plötu ársins enn einu sinni. Fjórar síðustu plötur hennar hafa náð toppsætinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Spurður um næsta ár segir Georg að lítið hafi verið ákveðið enn sem komið er. „Við förum snemma í jólafrí eftir tónleikana í Reykjavík og ætlum að vera í því eitthvað fram eftir. Svo ætlum við bara að sjá til hvað við gerum."

- fb

### Anna Margrét Björnsson
**FRÉTTABLAÐIÐ**



1. Evil Madness – Demoni Paradiso
2. Sin Fang Bous – Clangour
3. Skakkamanage – All Over The Face
4. Bang Gang – Ghosts From The Past
5. FM Belfast – How To Make Friends

### Árni Þór Jónsson
**ZÝRÐUR RJÓMI**



1. FM Belfast – How To Make Friends
2. Sigur Rós – Með suð í eyrum …
3. Bang Gang – Ghosts From The Past
4. Bob Justman – Happiness And Woe
5. Bragi Valdimar og Memfismafían – Gilligill

### Bobby Breiðholt
**BREIDHOLT.BLOGSPOT.COM**



1. Lay Low – Farewell Good Night's Sleep
2. FM Belfast – How To Make Friends
3. Bragi Valdimar og Memfismafían – Gilligill
4. Steed Lord – Truth Serum
5. Retro Stefson – Montaña

### Dr. Gunni
**FRÉTTABLAÐIÐ**



1. FM Belfast – How To Make Friends
2. Lay Low – Farewell Good Night's Sleep
3. Motion Boys – Hang On
4. Dr. Spock – Falcon Christ
5. Morðingjarnir – Áfram Ísland!

### Egill Harðarson
**EGILLHARDAR.COM**



1. Sigur Rós – Með suð í eyrum …
2. Benni Hemm Hemm – Murta St. Calunga
3. FM Belfast – How To Make Friends
4. Megas & Senuþjófarnir – Á morgun
5. Emiliana Torrini – Me And Armini

### Freyr Bjarnason
**FRÉTTABLAÐIÐ**



1. Sigur Rós – Með suð í eyrum …
2. FM Belfast – How To Make Friends
3. Retro Stefson – Montaña
4. Lay Low – Farewell Good Night's Sleep
5. Múgsefjun – Skiptar skoðanir

### Frosti Logason
**XIÐ 977**



1. Celestine – At The Borders Of Arcadia
2. Dr. Spock – Falcon Christ
3. Mammút – Karkari
4. The Viking Giant Show – The Lost Garden of the Hooligans
5. FM Belfast – How To Make friends

### Halla Steinunn Stefánsdóttir
**RÁS 1/HLAUPANÓTAN**



1. Hugi Guðmundsson – Apocrypha
2. Ísafold – All Sounds To Silence Come
3. Sinfóníuhljómsveit Íslands – D'Indy
4. Sigur Rós – Með suð í eyrum …
5. Klive – Klive

### Hildur Maral Hamíðsdóttir
**RJÓMINN**



1. Sigur Rós – Með suð í eyrum …
2. Mammút – Karkari
3. Agent Fresco – Lightbulb Universe
4. Sin Fang Bous – Clangour
5. We Made God – As We Sleep

### Höskuldur Daði Magnússon
**FRÉTTABLAÐIÐ**



1. Sigur Rós – Með suð í eyrum …
2. Jeff Who? – Jeff Who?
3. FM Belfast – How To Make Friends
4. The Viking Giant Show – The Lost Garden Of The Hooligans
5. Múgsefjun – Skiptar skoðanir

### Jens Kr. Guð



1. Dr. Spock – Falcon Christ
2. Sigur Rós – Með suð í eyrum …
3. Reykjavík! – The Blood
4. Morðingjarnir – Áfram Ísland
5. Herbert Guðmundsson – Spegill sálarinnar/Open Your Eyes

### Kjartan Guðmundsson
**FRÉTTABLAÐIÐ**



1. Dísa – Dísa
2. KK – Svona eru menn
3. FM Belfast – How To Make friends
4. Bob Justman – Happiness And Woe
5. Jeff Who? – Jeff Who?

### Klemens Ó. Þrastarson
**FRÉTTABLAÐIÐ**



1. Pikknikk – Galdur
2. Megas & Senuþjófarnir – Á morgun
3. Sigurður Guðmundsson og Memfismafían – Oft spurði ég mömmu
4. Dr. Gunni – Að gefnu tilefni
5. Sigur Rós – Með suð í eyrum …

### Ólafur Páll Gunnarsson
**RÁS 2**



1. Sigur Rós – Með suð í eyrum …
2. Bubbi – Fjórir naglar
3. Emiliana Torrini – Me And Armini
4. Dr. Spock – Falcon Christ
5. Mammút – Karkari

### Ragnhildur Magnúsdóttir
**BYLGJAN**



1. Sigur Rós – Með suð í eyrum …
2. Emilíana Torrini – Me And Armini
3. Lay Low – Farewell Good Night's Sleep
4. Bang Gang – Ghosts From The Past
5. Motion Boys – Hang On

### Steinþór Helgi Arnsteinsson
**FRÉTTABLAÐIÐ**



1. Reykjavík! – The Blood
2. Sin Fang Bous – Clangour
3. FM Belfast – How To Make Friends
4. Sigur Rós – Með suð í eyrum …
5. Borko – Celebrating Life

### Sveinn Birkir Björnsson
**GRAPEVINE**



1. Sigur Rós – Með suð í eyrum …
2. Mammút – Karkari
3. Celestine – At The Borders Of Arcadia
4. Morðingjarnir – Áfram Ísland
5. Emiliana Torrini – Me And Armini

### Trausti Júlíusson
**FRÉTTABLAÐIÐ**



1. FM Belfast – How To Make Friends
2. Retro Stefson – Montaña
3. Dr. Spock – Falcon Christ
4. Sigur Rós – Með suð í eyrum …
5. Bubbi – Fjórir naglar




Hlégarði
28. desember
kl. 20:30.

# JAZZ OG JÓL MEÐ KYNSLÓÐABANDINU

Reynir Sigurðsson heldur upp á þann merka áfanga í ár að hafa spilað í hálfa öld. Í gegnum tíðina hefur hann leikið með ýmsum landsþekktu dans- og jazzböndum, þar á meðal hljómsveitum Svavars Gests og Hauks Mortens. Þá hefur hann til fjölda ára leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þessi meistari ásláttarhljóðfæranna er ákaflega fjölhæfur tónlistarmaður leikur meðal annars á marimbu, víbrafón, harmoniku, píanó og slagverk.

Í tilefni þessa tímamóta stofnaði Reynir, í samvinnu við menningarsvið Mosfellsbæjar, hljómsveit með ungum og efnilegum tónlistarmönnum úr Tónlistarskóla FÍH. Hugmyndin var að ungir hljóðfæraleikarar, sem eru á sama aldri og hann var þegar hann hóf hljóðfæraleik, mynduðu hljómsveit með hinum reynda meistara svo með táknrænum hætti mætti miðla arfi kynslóðanna til komandi jazzkynslóðar. Frumraun Kynslóðabandsins, eins og sveitin var nefnd, var á bæjarhátíðinni Í túninu heima í Mosfellsbæ nú í sumar en sveitin kemur saman að ný nú um hátíðirnar og heldur eina tónleika."

MOSFELLSBÆR

**Kaffihúsastemmning í anda jóla og jazz liðinna og nýrra tíma.**

Einstakt tækifæri – menningarviðburður í hæsta klassa – aðeins þessir einu tónleikar.





Aðgangur ókeypis.

Virðing, jákvæðni, framsækni, umhyggja.

# Mamma mia! Það eru allir á Facebook

Íslendingar flykktust í bíó til að horfa á kvikmyndina Mamma mia, skráðu sig á Facebook og tóku íslenskum sjónvarpsþáttum opnum örmum. *Sigríður Björg Tómasdóttir* skoðaði æðin sem runnu á landann árið 2008.

## MAMMA MIA



Söngvamyndin sem byggð er á samnefndu leikriti byggðu á lögum sænsku snillinganna Björn Ulvæus og Benny Andersson úr Abba sló í gegn svo um munaði á Íslandi árið 2008. Hún var vinsælasta myndin svo mánuðum skipti hér á landi og sérstakar sýningar þar sem efnt var til fjöldasöngs við lög myndarinnar seldust upp á örskömmum tíma.

Ekki er hægt að skýra vinsældir myndarinnar með því að Íslendingar á vonarvöl í fjármálum hafi þurft að flýja raunveruleikann með því að horfa á stórleikara á borð við Meryl Streep og Pierce Brosnan bresta í söng, myndin var frumsýnd um mitt sumar, áður en kreppan skall á. Tónlist Abba hefur hins vegar lengi skipað ríkan sess í hugum Íslendinga og myndin spurðist vel út meðal fólks á öllum aldri, ellilífeyrisþegar hópuðust á sýninguna og leikskólabörn sungluðu lögin.

Mamma mia mun vera tekjuhæsta kvikmynd í íslenskum kvikmyndahúsum frá upphafi, alls sáu 119.000 manns myndina, sem er vel rúmur þriðjungur Íslendinga, hún náði þó ekki að slá stórmyndinni Titanic við, vantaði fimm þúsund áhorfendur upp á það.

Abba-ævintýrið var í raun enn víðtækara, diskurinn með lögum úr myndinni seldist í bílförmum og sama má segja um diskinn með bíómyndinni þegar hann var gefinn út í nóvember. Abba-æðið er svosem ekki séríslenskt, en líklega eru ekki margar þjóðir sem geta státað af því að hafa gengið svona langt í því.

## HANDBOLTI



Hinn 24. ágúst verður lengi í minnum hafður. Þá sat þjóðin límd fyrir framan sjónvarpstækið og fylgdist með Íslendingum etja kappi við Frakka í handbolta í úrslitaleik Ólympíuleikanna í Peking. Þó að sigur Frakka væri öruggur þá var stoltið yfir silfri hreint rosalegt og víst er að eftir því var tekið, árangur íslenska landsliðsins rataði til dæmis á forsíðu The New York Times.

Handboltaliðið byrjaði vel í keppninni og brátt var þjóðin sem límd við tækin til þess að fylgjast með framgangi liðsins en góð stemning í landsliðshópnum vakti einnig mikla athygli og átti Ólafur Stefánsson fyrirliði þar ekki síustan hlut. Eftir að landsliðið kom heim og fékk móttökur eins og þjóðhöfðingjum sæmir var haft á orði að sannkallað handboltaæði ríkti á landinu.

Iðkendum greinarinnar fjölgaði til muna og meira að segja var farið að stunda handbolta á Ísafirði og í Reykjanesbæ þar sem aðrar íþróttir hafa verið hafðar í hávegum til þessa. Þó að tölur liggi ekki fyrir þá er mat þeirra sem til þekkja að handboltaspilurum hafi fjölgað mjög. Áhorfendum á handboltaleiki í meistaraflokkum karla og kvenna hefur einnig fjölgað og því má segja að frammistaða liðsins í ágúst hafi haft mikil áhrif.

## FACEBOOK



Óhætt er að segja að Íslendingar hafi tekið Facebook með trompi árið 2008. Allir og amma þeirra líka skráðu sig á Facebook sem naut vinsælda meðal Íslendinga árið 2007 en varð að algjöru æði árið 2008. Í grein í Fréttablaðinu sem birtist í september kom fram að tæplega sextíu þúsund Íslendingar væru skráðir á Facebook sem var slegið upp á forsíðu. Nú í árslok eru 115 þúsund Íslendingar skráðir notendur, þar af 99 þúsund átján ára og eldri. Sem eru 36% Íslendinga.

„Ég sá það á Facebook" er orðin viðurkennd útskýring í samtölum á meðal manna og alls konar fólk er duglegt að segja frá því á Facebook hvað það er að aðhafast þá stundina. Heyrst hefur að þeir fáu sem enn hafa ekki skráð sig séu annars vegar að reyna að gera þann leik að sérviskulegu og sjarmerandi persónueinkenni eða þori ekki inn á vefinn af ótta við að rekast á ekkert nema fyrrverandi kærasta eða kærustur í þessum netheimi.

## BARACK OBAMA



Sigurganga Baracks Obama sem sverja mun embættiseið sem Bandaríkjaforseti í janúar vakti heimsathygli og Íslendingar voru engir eftirbátar í því að fylgjast vel með kosningabaráttunni. Áhugafólk um stjórnmál, hvar sem í flokki stendur, kepptist líka við að lýsa stuðningi og aðdáun á Obama sem eftir spennandi baráttu við Hillary Clinton í upphafi forkosninganna sigldi örugglega til sigurs í forvali Demókrataflokksins. Eftir sigur á John McCain í forsetakosningunum sjálfum hefur hann verið hylltur sem boðberi nýrra tíma.

Eftir að efnahagshrunið hér á landi reið yfir skrifuðu margir bloggarar að rík þörf væri á hinum íslenska Obama sem koma ætti þjóðinni á réttan kjöl eftir að því hefði verið siglt í kaf af misvitrum stjórnmálamönnum og útrásarvíkingum. Enn bólar ekki á þeim bjargvætti en nýtt ár er rétt handan við hornið. Það er líka árið sem téður Obama þarf að sanna fyrir heiminum að hann standi undir þeim væntingum sem til hans eru gerðar.

## HAGSÝNI

Þegar í september bárust af því fréttir að frystikistur seldust vel, spár um samdrátt fengu íslenska neytendur til þess að huga að sláturgerð og bakstri, nokkuð sem hafði verið sett til hliðar í góðæri undanfarinna ára. Meira seldist af slátri en undanfarin ár og svo þegar efnahagsáföllin dundu yfir brugðust sumir við þeim með því að hamstra matvæli. Nýkeyptu frystikisturnar voru því fljótt orðnar fullar. Versnandi ástand í efnahagslífinu hefur almennt skilað sér í hagsýni og voru kaupmenn sammála um það í nýafstaðinni jólaverslun að fólk hefði hagsýnina meira að leiðarljósi en fyrr.



## ÍSLENSKIR SJÓNVARPSÞÆTTIR





Árið 2008 er örugglega metár í framleiðslu íslenskra sjónvarpsþátta. Lengi höfum við litið frændur okkar Dani öfundaraugum er kemur að framhaldsþáttagerð og danskir þættir notið óhemju vinsælda hér á landi. En í ár bar svo við að hver þátturinn á fætur öðrum var framleiddur og flestir voru sýndir við miklar vinsældir. Kannski má segja að æði þetta hafi hafist með Næturvaktinni haustið 2007 en framhaldið var ekki síður vinsælt.

Þátturinn Pressa sem sýndur var á Stöð 2 síðastliðið vor naut einnig vinsælda og þá ekki síður spennuþátturinn Svartir englar sem sýndur var í Ríkissjónvarpinu. Upphaflega hefði sýningartími Svartra engla og Dagvaktarinnar skarast en vegna óánægju áhorfenda með það var þáttunum hnikað til og allir undu glaðir við sitt, ekki síst áhorfendur sem hafa lengi beðið eftir ári þar sem boðið væri upp á margar og fjölbreytilegar íslenskar þáttaraðir.



skemmtilegri
HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR
SVO SPENNANDI
SVO ÁSTRÍÐUFULL
SVO HEIT
SVO SKEMMTILEG
RÉTTUR
HEFST 18. JANÚAR
HÖRKUSPENNANDI LÖGFRÆÐIKRIMMI
SVO SKEMMTILEG Í JANÚAR
SVO SKEMMTILEG
SVO SPENNANDI
SVO HEIT
SVO ÓVÆNT
ENGIN AFNOTAGJÖLD AF RÚV OG ÞÚ FÆRÐ STÖÐ 2 STÖÐ 2 BÍÓ STÖÐ 2 EXTRA Í EINUM PAKKA
MAD MEN - sunnudaga
Besti þáttur ársins
AMERICAN IDOL - hefst 19. janúar
Stærri og flottari en nokkru sinni
COLD CASE - sunnudaga
GREY'S ANATOMY
LOGI Í BEINNI - föstudaga
HOW I MET YOUR MOTHER - þriðjudaga
WET PAINT
PRISON BREAK - fimmtudaga
WORST WEEK - þriðjudaga
GOSSIP GIRL - miðvikudaga
SJÁLFSTÆTT FÓLK - sunnudaga
VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**ÆVINTÝRI** Sigurganga Baracks Obama hefur verið ævintýri líkust. Hann tekur við af George W. Bush Bandaríkjaforseta 20. janúar næstkomandi og verður fyrsti hörundsdökki maðurinn til þess að gegna því embætti. Víða um heim bindur fólk miklar vonir við að hann geri verulegar breytingar á stefnu og starfsháttum Bandaríkjastjórnar. Á myndinni fagnar hann sigri á sviði í Chicago að kvöldi 4. nóvember ásamt fjölskyldu sinni. NORDICPHOTOS/AFP



**ÓEIRÐIR Í KENÍA** Í byrjun ársins brutust út heiftarlegar óeirðir í Ke
seti lýsti yfir kosningasigri. Raila Odinga, leiðtogi stjórnarandstöðu
sætti sig ekki við opinberar kosningatölur. Á myndinni sjást nokk
í Kisumu. Ofan á bifreiðinni brennur gúmmídekk. Undir vorið ger
með sér samkomulag um að Kibaki verði áfram forseti en Odinga

# Erlendar fréttamyndir ársins 2008

Styrjaldir, óeirðir, kosningar, hamfarir og efnahagshrun. Að undanskildu þessu síðasta hefur árið 2008 gengið fyrir sig með svipuðum hætti og flest önnur ár. Þeir stórviðburðir sem plássfrekastir reynast í heimsfréttunum hafa kannski sjaldnast góð áhrif á örlög þeirra einstaklinga sem fyrir þeim verða, en myndir frá þessum heimsviðburðum eru einatt þeim mun áhrifaríkari fyrir þá sem fjær standa, eins og sjá má hér á opnunni.



**STÓLASKIPTI Í MOSKVU** Dmitrí Medvedev, áður forsætisráðherra Rússlands, tók við forsetaembættinu af Vladimír Pútin, sem sjálfur tók að sér forsætisráðherraembættið. Margir telja fullvíst að Pútín stjórni landinu í raun áfram og ætli sér að bjóða sig fram til forseta á ný þegar fjögurra ára kjörtímabili Medvedevs lýkur. NORDICPHOTOS/AFP



**STRÍÐ Í GEORGÍU** Í ágúst braust út heiftarlegt stríð í Georgíu milli rússneska hersins og Georgíumanna. Átökin hófust eftir að Georgíuher réðst inn í aðskilnaðarhéraðið Suður-Ossetíu, og sögðust þá vera að bregðast við ögrunum frá rússneskum friðargæsluhermönnum þar. Eftir að átökum lauk virðast Georgíumenn endanlega hafa misst frá sér héröðin Suður-Ossetíu og Abkasíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**EILÍFÐARÁTÖK** Ísraelskur hermaður dregur tvo ísraelska landtökumenn á eftir sér þegar hús í borginni Hebron á Vesturbakkanum var rýmt í byrjun desember. Landtökufólkið hefur komið sér fyrir víða á herteknu svæðunum og torveldar með því alla friðarsamninga við Palestínumenn, en sjaldan hefur Ísraelsstjórn lagt í að rýma landtökubyggðirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**JARÐSKJÁLFTI Í KÍNA** Jarðskjálftinn sem reið yfir í Sichuan-héraði í Kína hinn 12. maí kostaði nærri 70 þúsund manns lífið, þar á meðal þúsundir skólabarna sem fórust þegar lélegar skólabyggingar hrundu hver á fætur annarri. Á myndinni situr kínverskur bóndi framan við rústirnar af húsi sínu í Hanwang. NORDICPHOTOS/AFP


ÚTSALA ÁRSINS
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
50% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM
RISA FLUGELDAPAKKI
FYLGIR ÖLLUM TÖLVUTILBOÐUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
FYRSTA GREIÐSLA 1 APRÍL
RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 48 MÁN
OPNUM 12:00 Í DAG
Tilboð gilda dagana 27-31 desember eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur.
OPNUNARTÍMAR
LAUGARDAG 12:00 - 18:00
SUNNUDAG 12:00 - 18:00
MÁNUDAG 10:00 - 19:00
ÞRIÐJUDAG 10:00 - 19:00
MIÐVIKUDAG 09:00 - 12:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is




20% AFSLÁTTUR

## GIGABYTE

### UPPFÆRSLUTILBOÐ 2

- Athlon 4200 Dual Core örgjörvi
- GIGABYTE 680SM móðurborð
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 512MB GeForce 7025 skjástýring
- 5.1 Dolby Digital HD hljóðstýring
- Gigabit Lan og 8xUSB2 tengi
- Passar í flesta eldri og nýrri kassa

**21.520**

MEST SELDA UPPFÆRSLAN




25% AFSLÁTTUR

## HD 4670

### SKJÁKORT FRÁ GIGABYTE

- 512MB GDDR3 2.0GHz minni
- 100% hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
- 55nm kjarninn er skilvirkari
- HDMI, DVI-I, VGA, SVHS, HDTV
- ATI Avivo HD, H.264 og VC-1
- Virkar í allar tölvur með PCI-Ex16
- Hljóðlát Fanskink kælilausn

**14.920**

ÖLL ÖNNUR SKJÁKORT 10%




10% AFSLÁTTUR




25% AFSLÁTTUR
TAKMARKAÐ MAGN

## 22”LCD

### SAMSUNG WIDESCREEN

Stórglæsilegur 22” WideScreen Samsung skjár með MacicBright3 tækni sem tryggir ótrúlega skerpu og litadýpt með Magic Contrast fyrir hámarks gæði.

- 22” WideScreen LCD skjár
- 8000:1 Dynamic Contrast skerpa
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1680x1050 WideScreen upplausn
- DPMS 1W orkusparnaðar tækni
- MagicBright3 tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**29.920**

HVERGI BETRA VERÐ Á 22”



20% AFSLÁTTUR
TAKMARKAÐ MAGN

LACIE

## 750GB

- 750GB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af Niel Poulton
- reddot og fleiri hönnunar verðlaun
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi undir flakkaranum
- 1-Click afritunarhnappur

**19.920**

ALLIR AÐRIR LACIE FLAKKARAR 10%



20% AFSLÁTTUR

## TURNKASSAR

20% AF ÖLLUM TURNKÖSSUM




50% AFSLÁTTUR

## KASSAVIFTUR

50% AF ÖLLUM KASSAVIFTUM



20% AFSLÁTTUR

## MÓÐURBORÐ

20% AF ÖLLUM MÓÐURBORÐUM



50% AFSLÁTTUR

## FYLGIHLUTIR

FYRIR CREATIVE MP3 SPILARA




20% AFSLÁTTUR

## VEFMYNDAVÉLAR

20% AF ÖLLUM VEFMYNDAVÉLUM




10% AFSLÁTTUR

## PRENTARAR

10% AF ÖLLUM PRENTURUM



**VEÐUR OG FÆRÐ** geta hindrað starfsmenn sorphirðu Reykjavíkur um jólahátíðina. Borgarbúar ættu því að fylgjast með því að aðgengi að sorptunnum sé gott. Moka þarf snjó frá sorpgeymslum og eyða hálku svo dæmi sé tekið.



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

Slappaðu af yfir hátíðirnar

**Patti húsgögn**
landsins mesta úrval af sófasettum




Bjóðum upp á hægindastóla í mörgum útfærslum.
2-ja sæta sófar frá 159.900,-
3-ja sæta sófar frá 199.900,-
og hornsófar frá 299.900,-



Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið í dag 27 desember frá 11 til 16

LAGERSALA
LAGERSALA

Opið hús í Heildverslun
að Dalshrauni 17, Hafnarfirði,

fimmtudag og föstudag frá kl:1200-19:00
laugardag frá kl 11:00-16:00

SKART • HÁRSKRAUT
TÖSKUR • HÚFUR
VETTLINGAR • SOKKAR
FATNAÐUR OG MARGT FLEIRA

KOMIÐ OG GERIÐ
GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN



Anna Margrét Jónsdóttir sölustjóri býður til veglegrar veislu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skemmtilegt að sjá eiginmönnum skipað fyrir

**Margir njóta þess um helgina að efna til samfunda og hitta mann og annan. Ein þeirra er Anna Margrét Jónsdóttir sölustjóri sem fær til sín fjölda fólks í dýrindis veislu og fögnuð.**

„Ég er með tuttugu og fjögurra manna matarboð í kvöld svo það er nóg að sýsla í dag við að leggja á borð og hafa sæmilega huggulegt í kringum mig,“ segir Anna Margrét þegar hún er valin til að lýsa áformum sínum um helgina. Spurð nánar um gestina svarar hún hlæjandi: „Þetta er vinahópur, aðallega gamlir Breiðholtsvillingar. „Það vill svo til að við erum með meistarakokk í hópnum, Snorra Birgi Snorrason, sem rekur veisluþjónustu og hann ber alltaf hitann og þungann af matreiðslunni. Fær svo til sín tvo þræla úr herraliðinu en konurnar fá frí. Það er eiginlega skemmtilegast að sjá eiginmönnunum skipað fyrir í eldhúsinu því þeir þora ekki annað en hlýða fagmanninum. Segja bara já og amen og það er dálítið ný upplifun!“

Anna Margrét segir þetta áttunda árið sem hópurinn hittist milli jóla og nýárs. „Við bætum bara á okkur nokkrum gráum hárum, broshrukkum og velmegunarístrum milli ára,“ segir hún glaðlega og segir boðið jafnan haldið á nýjum og nýjum stað og nú í fyrsta skipti hjá henni.

Alltaf eru skemmtiatriði á dagskrá. Til dæmis kosnir menn ársins í hópnum og þeir verða að halda ræðu óundirbúnir. „Svo eru nokkrir samkvæmisleikir fastir liðir, eins og að syngja upphafið að uppáhaldslaginu sínu einn og óstuddur,“ lýsir hún í léttum dúr. „Þetta er voða hallærislegt en alltaf er jafn mikið hlegið og alltaf jafn gaman.“

Ekki kveðst húsfreyjan vita hvað verður í matinn. „Ég er ekki búin að sjá matseðilinn en ég veit að það verður enginn kreppubragur á honum. Það er líka síðasti séns að halda velmegunarmatarboð í árslok 2008!“

Sunnudagurinn fer svo að einhverju leyti í slökun eftir partíið að sögn Önnu Margrétar. „Ætli ég verði ekki líka að ganga frá og taka til. En það er seinni tíma vandamál sem ég nenni ekki að hugsa um núna.“ *gun@frettabladid.is*

**Við mætum kreppunni 25% afsláttur af öllum húsgögnum til áramóta**









Vönduð ítölsk sófasett

Vandað leðursófasett 3+1+1

Vandaður slökunarstóll
Rafknúinn hvíldarstóll sem auðveldar fólki að setjast og standa upp.

www.valhusgogn.is
Opið virka daga kl. 10-18
Laugardag kl. 11-19 - Sunnudag kl. 13-16

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

**JÓLAFRÍ** skal nota sem slíkt. Námsmenn ættu að reyna að slaka á og bægja frá sér öllum áhyggjum af komandi önn. Þeir erfiðleikar verða tæklaðir þegar að því kemur. Nú er tími til að sofa, hvíla sig og lesa góða bók sem ekki tengist skólanum.





Ungir og gamlir læra að dansa hjá Jóni Pétri og Köru. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Frá fugladansi til cha cha cha

**Nýju ári fylgir nýtt upphaf. Svo er einnig hjá Dansskóla Jóns Péturs og Köru en í byrjun árs hefjast ný námskeið í skólanum.**

Boðið er upp á fjölbreytt námskeið fyrir alla aldurshópa í Dansskóla Jóns Péturs og Köru. Yngstu nemendurnir eru fjögurra til fimm ára og læra dans, syngja og leika. Þau læra dansa þar sem þau hreyfa sig í takt við tónlistina og sígildir dansar eins og fugladansinn, fingrapolki og skósmiðadansinn eru á dagskrá. Börnin fá út úr þessu hreyfingu en einnig læra þau að umgangast hvert annað og ekki síst hitt kynið sem eðlilegan hlut.

Fleiri námskeið eru í boði fyrir eldri börn og unglinga. Sex ára og eldri geta lært samkvæmisdans og breik en þau sem eru eldri en tíu geta einnig lært hiphop og frístæl.

Dans er góð leið fyrir hjón eða pör til að verja góðum tíma saman. Tvenns konar dansnámskeið eru í boði fyrir fullorðna. Annars vegar eru kenndir almennir samkvæmisdansar eins og cha cha cha, mambó og salsa ásamt tjútti og fleiru. Hins vegar er boðið upp á sér námskeið í salsa.

Hægt er að skrá sig á heimasíðu skólans, www.dansskoli.is, en kennsla hefst mánudaginn 12. janúar. Salsa-námskeiðin hefjast hins vegar í byrjun febrúar.




# Nýtt afsláttarkort

**Á vefsíðunni www.fristundir.is er safnað saman upplýsingum um námskeið og tómstundir á höfuðborgarsvæðinu.**

Frístundir Íslands hefur hannað nýtt afsláttarkort fyrir árið 2009. Með því fá meðlimir póstlista vefsíðunnar afslátt af ýmsum tómstundum frá fimm til fimmtán prósent eða jafnvel meira.

Frístundir Íslands var stofnað á árinu og kom til út frá þörf foreldra til að finna upplýsingar um tómstundir barna sem eru víða dreifðar. Frístundir Íslands hannaði því vefsíðu til að auðvelda leitina að námskeiðum og upplýsingum um þau fyrirtæki sem bjóða upp á slíka starfsemi á einum stað.

Hægt er að leita með því að velja tiltekið svæði, eða tiltekna tómstund.

*www.fristundir.is*

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

;ALLT TÍSKA
Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;
Jóna María
512 5473
Hugi
512 5447

zetor

Nám til frambúðar

Kvöldskóli
Byggingatækniskólinn
• Húsasmíði
• Húsgagnasmíði
• Málaraiðn
• Tækniteiknun
• Grunnnám tréiðna
Hönnunar- og handverksskólinn
• Listnámsbraut, almenn hönnun
Raftækniskólinn
• Grunnnám rafiðna
• Rafeindavirkjun
• Rafvirkjun - verknám
Tæknimenntaskólinn
• Almenn námsbraut
Véltækniskólinn
• VA - vélstjórn ≤ 750, kennt í lotum
Meistaraskólinn
• Allar greinar

Fjarnám
Byggingatækniskólinn
• Húsasmíði
• Málaraiðn
• Múraraiðn
• Tækniteiknun
Fjölmenningarskólinn
• Íslenska fyrir nýbúa
Tæknimenntaskólinn
• Almenn námsbraut
Upplýsingatækniskólinn
• Tölvubraut
• Grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagr.
Skipstjórnarskólinn
• Skipstjórnarnám
Raftækniskólinn
• Rafeindavirkjun
• Rafiðnabraut
• Rafvirkjun
Meistaraskólinn
• Allar greinar
• Staðbundnar lotur og fjarnám

Diplómanám
Endurmenntunarskólinn
• Rekstur og stjórnun í atvinnulífinu
- Útvegsrekstrarfræði
- Flugrekstrarfræði
- Almenn lína í rekstri og stjórnun
- Rekstrarfræði
• Lýsingarfræði
• Lýsingarhönnun
• Margmiðlunarskólinn
Flugskóli Íslands
Næstu námskeið
• Bóklegt einkaflugmannsnámskeið
• Bóklegt atvinnuflugmannsnámskeið
• Flugkennaranámskeið
• MCC námskeið
Skráning hafin á www.flugskoli.is

Innritun í kvöldskóla og fjarnám lýkur 30. desember. Aðstoð við innritun verður dagana 29. og 30. desember frá kl. 16:00 – 19:00 á Skólavörðuholti.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Allar nánari upplýsingar á www.tskoli.is og í síma 514 9000

## Snyrting




Hárlengingar, augnháralengingar, snyrtivörur ofl s:6168985

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

## HEIMILIÐ

### Dýrahald

Kisinn Fígaró er týndur! Hann er loðinn, hvítur og grábröndóttur með rauða hálsól og appelsínugult merki. Hann á heima í Salahverfi í Kóp. S:863-9994

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**

**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 38 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK.**
**Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 38.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4530.**

husaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

Til leig 2herb íbúð besta stað í Kópavogi Laus nú þegar Verð 80þ Uppl 6964950

Rauðás,laus1.jan Falleg 2.herb.íbúð á jarðhæð m/ískáp,uppþv.vél v/90þ. uppl 6969600

**Hverfisgata 39.**
23 fm stofa í íbúð með öllu. Gott húsnæði. Uppl í s. 860 0360.

2. herb. íbúð til leigu á svæði 110. Verð 100 þús. Uppl. í s. 895 0497.

Björt og falleg 3 herb. Íbúð Í Híðarhjalla í kópavogi 100 fm Laus 1 janúar Leigist með ískáp.þvottavél og þurkara Verð 110.000 með rafmagni ,hitaog húsjóð Áhugasamir hafið samband við Birnu í síma 691-6676 Eða 822-3818

FRÁBÆR MIÐBÆJARÍBÚÐ! 2 herbergja 60 fm íbúð á 2. hæð í Norðurmýri. Nýuppgerð. Baðkar / svalir. Þvottavél, þurrkari og ísskápur fylgja. Laus strax. 115 þ/mán m/öllu. 6949732

4ra herb íbúð til leigu í Holtabyggð í HFJ. Laus þegar. uppl. 865-7101 Linda

-101 RVK- Til leigu 55m (2 herb) íbúð m/húsg. 100þús + kostn. á mán. Langtímaleiga. Uppl. S:6900558

Íbúð til leigu á besta stað í Kópavogi. Allt innifalið. Myndir á www.emt.bloggar.is S: 867-8210

Appartment 90m2 í Garðabæ ósamþ nýleg mjög opin hátt til lofts. V 110þús 8927858

Herb. til leigu í 220. Hentar vel sem skrifst. eða gistir. 33 fm. Verð 35þ. S. 693 7815

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Húsnæði óskast

46 ára karlmaður óskar eftir herbergi eða lítilli íbúð til leigu frá 1 jan, helst á svæði 101, sími 6928320.

Vantar húsnæði fyrir reglusaman mann í námi hjá HÍ, frekari uppl. í s. 868 6750.

Einbýlishús til leigu í Vesturbergi. 6 herb. 150 þ. + hiti & rafm. Uppl. í s. 693 7815.

### Geymsluhúsnæði




Geymsla fyrir bíla, fellihýsi, hjólhýsi og tjaldvagna. Austan Selfoss. Uppl. í s. 897 1731 Ásgeir

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

### Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

**;ALLT BÍLAR**
**Alla laugardaga**

## ATVINNA

### Atvinna í boði

starf.is

Szukamy kontaktów z Polska. Odkryj mozliwosci biznesu z Herbalife. Informacje przez telefon 863 6523.

**ATVINNA Á ÍSLANDI**
Þú getur fiskað fyrir milljón eða meira á einum degi. Frjálsar smábátaveiðar munu veita þjóðinni þúsundir starfa. Aðalsteinn Agnarsson

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Stefnumót.is**
Nýr og vandaður vefur fyrir fólk sem vill kynnast með félagsskap, vinskap eða varanleg kynni í huga. Ekkert rugl, engin nekt, ekkert lauslæti. Vertu velkomin/n í heimsókn.

**32 ára strákur**
ljóshærður, í mjög fínu formi, vill kynnast karlmanni. Auglýsing hans er hjá Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8759.

**Ný upptaka!**
Ung kona í afar innilegum leik í sófanum sínum! Njóttu lífsins með henni í síma 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort, miklu ódýrara), upptökunúmer 8754.

**54 ára karlmaður**
vill kynnast sér yngri manni. Auglýsing hans er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8344.

**Kona á miðjum aldri,**
blíð og góð, ágætlega stæð, búsett rétt utan Reykjavíkur, vill kynnast einhleypum karlmanni sem er með allt sitt á hreinu, bæði fjárhagslega og á aðra vegu. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8904.

## Fasteignir

INNI FASTEIGNASALA

**Átt þú litla íbúð í Reykjavík?**
Til sölu fallegt einbýlishús 181m² á Egilsstöðum. Er í byggingu. Afhendingarástand umsemjanlegt. Skipti á góðri, lítilli íbúð í Reykjavík. Upplýsingar hjá INNI Fasteignasölu sími 580 7905

Hjördís Hilmarsdóttir, Löggiltur fasteignasali,
Löggiltur leigumiðlari INNI Fasteignasölu sími 580 7908

## Tilkynningar

Skipulags- og umhverfissvið

**Auglýsing um skipulag í Kópavogi.**

**Rjúpnahæð - vesturhluti, Austurkór 76-92, breytt deiliskipulag. 0806258 – Endurbirt auglýsing.**
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga f.h. lóðarhafa að breyttu deiliskipulagi á lóðunum nr. 76, 78, 80, 82, 84, 86, 88, 90 og 92 við Austurkór. Almennt er vísað í deiliskipulag fyrir Rjúpnahæð - vesturhluta sem samþykkt var í bæjarráði Kópavogs þann 13. mars 2007. Í tillögunni felst að í stað fjögurra íbúða í hverju húsi, verði íbúðirnar 6. Byggingarreitir og byggingarmagn breytist ekki. Bílastæðum fjölgar um 4 í hverju húsi eða 36 stæði í heildina.
Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 9. nóvember 2008. Nánar vísast til kynningargagna.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00 frá 30. desember 2008 til 27. janúar 2009. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 10. febrúar 2009. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

**Áramóta annáll Markaðarins**
**Kemur út 30. desember**

**Meðal efnis í blaðinu:**
- Innlendur og erlendur viðskiptaannáll.
- Viðskiptamaður ársins valinn og ítarlegt viðtal við hann birt í blaðinu.
- Bestu og verstu viðskiptin á árinu.
- Greinar frá forkólfum viðskiptalífsins. Árið gert upp og horft fram á veginn.




**Auglýsendur athugið!**
Tryggið ykkur auglýsingapláss í tíma. Nánari upplýsingar veitir Örn Geirsson, netfang: orn@frettabladid.is, sími: 512 5448.

FRÉTTABLAÐIÐ

# 500GB

**SPECIAL EDITION 720p**

Argosy margmiðlunarspilarinn er með 720p upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- Hlaðinn öllum helstu tengjum

**26.910**

10% AF ÖLLUM SPILURUM




# 2GB DDR2

2GB DDR2 800MHz Value Select hágæða vinnsluminni frá OCZ. Allt OCZ vinnsluminni er 100% handprufað til að skila 100% samhæfni og kemur með lífstíðarábyrgð.

**2.995**

ALLT ANNAÐ MINNI 10%




# 10xDVD

Tölvutek er leiðandi í lágum verðum og eru lág verð á geisladiskum engin undantekning en nú getur þú fengið 10 diska DVD spindil á ótrúlegu verði meðan birgðir endast

**990**

HVERGI BETRA VERÐ!




# HÝSING

- Glæsileg iMicro harðdiskhýsing
- Tekur alla 3.5" SATA harðdiska
- 6X hraðari með eSATA tengi
- Hægt að tengja í USB2 og eSATA
- USB2 og eSATA kaplar fylgja
- Nýjasta og hraðvirkasta tæknin

**3.990**

ALLAR AÐRAR HÝSINGAR 10%




# 500GB

**7200RPM • 16MB BUFFER**

Einn hraðasti harðdiskur á markaðinum í dag er nýji Samsung Spinpoint F1 harði diskurinn með 16MB buffer, meiri hraða, öryggi og hvergi á betra verði!

- 500GB Samsung Spinpoint F1
- SATA2 tengi með 3Gb/s hraða
- 7200RPM snúningshraði
- 16MB buffer fyrir hámarks afköst
- NCQ tækni fyrir enn meiri hraða
- Ótrúlega hljóðlátur með SilentSeek
- Einstaklega hljóðlátur og öflugur

**7.990**

ALLIR AÐRIR DISKAR 10%




## LCD SKJÁIR

ALLT AÐ 25% AF ÖLLUM SKJÁUM




## SJÓNVARPSKORT

20% AF ÖLLUM SJÓNVARPSKORTUM




## HÁTALARAR

20% AF ÖLLUM HÁTÖLURUM




## HLJÓÐKORT

20% AF ÖLLUM HLJÓÐKORTUM




## MINNISKORT

50% AF ÖLLUM MINNISKORTUM




## MINNISLYKLAR

50% AF ÖLLUM USB MINNISLYKLUM

RISA FLUGELDAPAKKI
FYLGIR ÖLLUM TÖLVUTILBOÐUM

# GIGABYTE

## ÖFLUGT X2 TÖLVUTILBOÐ

Gigabyte X2 tölvan er með nýja Intel Wolfdale örgjörvanum, drekkhlaðin öflugum búnaði og tækninýjungum.

- Intel Core 2 Duo E5200 2.5GHz
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 20x DVD SuperMulti DL skrifari
- 512MB ATI Radeon HD4550 skjákort
- 20" WideScreen skjár 3000:1, 5ms
- Vandað lyklaborð og Logitech mús
- Windows VISTA Home Premium

X2

**129.900**
RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

ALLT AÐ 20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PACKARD BELL

Packard Bell

## MH45

- Intel Core 2 Duo T3200 2.0GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA hljóðlátur harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**119.900**
RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

TOSHIBA

AFSLÁTTUR 10 ÞÚSUND

## A300D

- AMD Dual Core 2.0GHz örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 512MB ATI HD3100 skjákort HDMI
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Business og XP Pro

**109.900**
RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

ALLT AÐ 20 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF ÖLLUM TOSHIBA TÖLVUM

RISA FLUGELDAPAKKI
FYLGIR ÖLLUM TÖLVUTILBOÐUM

## A300 1NU

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ný A300 fartölva frá Toshiba með plássi fyrir auka harðdisk, Harman Kardon hljóðkerfi og vefmyndavél sem þekkir andlit.

- Intel Core 2 Duo T3200 2.0GHz
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 7200RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA TruBrite 8ms skjár
- 256MB ATI HD3470 skjákort HDMI
- 300Mbps þráðlaust WiFi netkort
- 1.3MP vefmyndavél sem þekkir andlit
- Windows VISTA Home Premium

TOSHIBA

**134.900**
RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

GIGABYTE Uppfærsluturn

Öflugur og vandaður uppfærsluturn frá GIGABYTE með 2.6GHz AMD Dual Core örgjörva, 2GB minni, 500GB harðdisk og GeForce 7050 512MB skjástýringu.

**49.900**
UPPFÆRSLUTURN 2 Á ÓTRÚLEGU VERÐI

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

AFSLÁTTUR 20 ÞÚSUND

ACER 5315 fartölvan er með 2.13GHz Intel örgjörva, 1GB minni, 120GB disk, 15,4" CrystalBrite skjá og Vista Home Premium

**79.900**
ACER 5315 FARTÖLVA Á FRÁBÆRU VERÐI

VERÐ FRÁ 44.900
ÓTRÚLEG LÆKKUN Á ÖLLUM ASUS FARTÖLVUM

**ASUS FARTÖLVUR**
ÓTRÚLEG VERÐ Á ASUS FRÁ 44.900

### OPNUNARTÍMAR

| | |
|---|---|
| LAUGARDAG | 12:00 - 18:00 |
| SUNNUDAG | 12:00 - 18:00 |
| MÁNUDAG | 10:00 - 19:00 |
| ÞRIÐJUDAG | 10:00 - 19:00 |
| MIÐVIKUDAG | 09:00 - 12:00 |

# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is



nia eftir að Mwai Kibaki for-
unnar, sagði brögð í tafli og
rir ungir menn við vegartálma
ðu þeir Kibaki og Odinga
a verði forsætisráðherra.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**SJÁLFSTÆÐI KOSOVO** Kosovobúar lýstu hinn 17. febrúar yfir stofnun sjálfstæðs ríkis í óþökk bæði Serba og Rússa. Rúmlega 50 af aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna hafa viðurkennt sjálfstæði Kosovo, en vegna andstöðu Rússa eru engar líkur á því að öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykki aðild Kosovo að Sameinuðu þjóðunum. NORDICPHOTOS/AFP



**ÁRÁSIRNAR Á MÚMBAÍ** Í lok nóvember réðst hópur Pakistana á indversku borgina Múmbaí. Að minnsta kosti 170 manns voru myrtir og yfir 300 manns særðust í árásum á samtals tíu staði í borginni, glæsihótel, veitingastaði, sjúkrahús og önnur helstu kennileiti borgarinnar, þar á meðal Taj Mahal-hótelið sem á myndinni sést brenna. NORDICPHOTOS/AFP



**FLÓÐ Í BÚRMA** Í byrjun Maí reið fellibylurinn Nargis yfir Búrma og olli þar verstu náttúruhamförum í sögu landsins. Hátt í 150 manns týndu lífinu og vel á aðra milljón manns þurftu á neyðaraðstoð að halda. Herforingjastjórnin í landinu gerði illt verra með því að torvelda alþjóðlegt hjálparstarf. Víða reisti flóttafólk frá flóðasvæðunum sér einföld skýli við vegarkantinn. NORDICPHOTOS/AFP




Getur þú hugsað þér **jólin án rafmagns?**

Brátt fer daginn að lengja á ný og við fögnum birtunni sem fylgir hækkandi sól. Við hjá RARIK viljum þakka ykkur fyrir viðskiptin á árinu sem nú er senn liðið og sendum bestu óskir um gleðileg jól og heillarríkt komandi ár

RARIK

**SNORRI HJARTARSON, BÓKAVÖRÐUR OG SKÁLD, ANDAÐIST 27. DESEMBER 1986.**

*„Og þó oss virðist einatt hin hvítu öfl tilverunnar, fegurð og góðvild, lítilsmegnug í baráttunni við hin myrku öfl, illsku og græðgi, getur svo farið á einhvern hátt og þrátt fyrir allt, að öfl ljóss og lífs beri sigur úr býtum.“*

***Snorri Hjartarson skrifaði bæði sögur og ljóð. Hann hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 1981 fyrir Haustrøkkrið yfir mér.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 27. DESEMBER ÁRIÐ 1945

## *Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn stofnaður*




Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn var stofnaður 27. desember 1945 og var Ísland eitt af þeim 29 ríkjum sem komu að stofnun sjóðsins. Í dag eru aðildarríkin 185.

Hlutverk sjóðsins er að auka samvinnu milli ríkja og sjá til þess að alþjóðafjármálakerfi þeirra séu stöðug. Hann fylgist með gengi gjaldmiðla og greiðslujöfnuði milli ríkja heimsins. Einnig er hlutverk sjóðsins að minnka atvinnuleysi og skuldir ríkja en auka hagvöxt. Veitir sjóðurinn því aðildarríkjum sínum lán þegar þau þurfa á aðstoð að halda.

Ísland hefur fjórum sinnum fengið lán hjá sjóðnum. Fyrsta lánið var tekið árið 1960 þegar Viðreisnarstjórnin var við völd, annað lánið var tekið árið 1967 til 1968 þegar aflabrestur varð í landinu, 1974 til 1976 þegar olíuverð hækkaði, árið 1982 vegna útflutningsbrests og svo að síðustu í nóvember 2008 þegar Ísland tók að láni 2,1 milljarðs Bandaríkjadala, 294 milljarða íslenskra króna á þeim tíma.

## MERKISATBURÐIR

1394 Jörundarkirkja á Hólum brotnar í ofsaveðri.
1845 Svæfing er í fyrsta sinn notuð við barnsburð.
1904 Abbey Theatre opnað í Dublin.
1919 Sænska kvikmyndafyrirtækið Svensk Filmindustri er stofnað.
1936 Ungmennafélagið Valur er stofnað á Reyðarfirði.
1645 Belgía fær inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar.
1956 Staðfest eru lög um bann við hnefaleikum á Íslandi, bæði keppni og sýningu.
1988 Fyrsta fasta bílnúmerið í nýju númerakerfi er sett á bifreið Halldórs Ásgrímssonar dómsmálaráðherra, HP 741.



**RÁÐ Í TÍMA TEKIÐ** Nemendaráð félagsmiðstöðvarinnar Flógyn og Klébergsskóla.

# Söfnuðu fyrir langveik börn

Alls 60.000 krónur söfnuðust á góðgerðarbingói sem unglingar í félagsmiðstöðinni Flógyn á Kjalarnesi héldu ásamt starfsmönnum miðstöðvarinnar fyrir skömmu. Ágóði kvöldsins rennur óskiptur til Umhyggju, félags langveikra barna.

Krakkar á Kjalarnesi á aldrinum tólf til fimmtán ára komu með kökur á hlaðborðið og sýnd voru atriði sem nemendur í unglingadeild Klébergsskóla hafa unnið að í vetur. Í nóvember tóku unglingarnir þátt í Skrekki, hæfileikakeppni grunnskólanna, Rímnaflæði í Miðbergi og Stíl í Fífunni í Kópavogi, þar sem 60 lið frá öllum landshlutum kepptu um bestu hönnunina, hárið og heildarútlitið.

Voru öll atriðin sýnd á góðgerðarkvöldinu við mikinn fögnuð áhorfenda og þátttakenda. **- kg**

# Ingimundarkvöld í Þorlákshöfn

Jónas Ingimundarson píanóleikari og Auður Gunnarsdóttir söngkona flytja sönglög á Ingimundarkvöldi í Þorlákskirkju, Þorlákshöfn, sunnudaginn 28. desember. Þá mun biskup Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, flytja erindi.



**ÞORLÁKSHÖFN** Ingimundarkvöld er árlegur menningarviðburður í Þorlákskirkju.

Ingimundarkvöld eru árlegur menningarviðburður í Þorlákskirkju en þau eru nefnd eftir föður Jónasar, Ingimundi Guðjónssyni, sem var menningarfrömuður í Þorlákshöfn, stjórnanda söngfélags Þorlákshafnar og organista kirkjunnar. Dagskráin hefst klukkan 16. Aðgangur er ókeypis. **- ovd**

## AFMÆLI



**Gerard Depardieu** leikari er sextugur í dag.



**Bjarni Felixson** íþróttafréttamaður er 72 ára í dag.



**Linda Pétursdóttir,** athafnakona og fyrrum fegurðardrottning, er 39 ára.



**Þórólfur Þórlindsson** prófessor er 64 ára.



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** „Ég er alsæl og held þetta geti orðið virkilega gaman,“ segir Ásta sem ætlar auðvitað með heimilishundinn Tátu með sér til Egilsstaða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÁSTA ÞORLEIFSDÓTTIR:** NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI MARKAÐSSTOFU AUSTURLANDS

# Möguleikarnir til að laða fólk að og njóta eru óendanlegir

„Ég mun byrja á að kynnast fólkinu fyrir austan og sjá hvað það er að gera. Síðan að marka stefnuna til framtíðar með stjórn markaðsstofunnar sem er áhugasöm og lífleg.“ Þetta segir Ásta Þorleifsdóttir, sem var valin úr hópi 23 umsækjenda sem framkvæmdastjóri Markaðsstofu Austurlands og tekur við um áramótin. Hún hlakkar til starfsins og finnst ekkert mál að flytja úr borginni út á land. „Ég er náttúrubarn,“ segir hún og kveðst hafa alist upp við ferðalög með föður sínum, Þorleifi Einarssyni jarðfræðingi. „Ég var skálavörður í Þórsmörk nokkur sumur og var nánast alein fyrsta mánuðinn á hverju vori. En það er nú ekki aldeilis einsemd sem bíður mín fyrir austan. Egilsstaðir er mikill menningarstaður og byggðirnar í kring. Markaðsstofan hefur ferðamál á sinni könnu og umdæmi hennar nær frá Vopnafirði til Djúpavogs. Þar verður örugglega nóg fyrir mig að gera.“

Ásta kveðst líka svo heppin að Hallór Björnsson, eiginmaður hennar, sé farinn austur á undan því hann gegni embætti héraðsdómara á Austurlandi. Hún hafi því verið fljót að sækja um þegar hún sá heppilegt starf auglýst og telur sig lukkunnar pamfíl að hreppa það. Gott ef hún þakkar það ekki óskasteini af Búlandstindi. „Ég er alsæl og held þetta geti orðið virkilega gaman,“ segir hún.

Ásta er bæði jarðfræðingur og umhverfisverkfræðingur. Hún hefur unnið sem leiðsögumaður og fararstjóri og verið kennari í ferðamálafræði bæði á framhalds- og háskólastigi. Svo er hún að ljúka meistaranámi í opinberri stjórnsýslu. Síðustu ár hefur hún starfað sem ráðgjafi og verkefnisstjóri í ýmsum verkefnum, meðal annars í náttúrutengdri ferðaþjónustu. Hún sér ótal möguleika á þeim sviðum á Austurlandi og nefnir hreindýrin sem dæmi. „Hreindýrin eru áhugaverður möguleiki til að skapa eitthvað í kringum. Veiðin hefur hlotið mikla athygli og vinnsla úr afurðunum en ég held við ættum líka að leyfa fólki að skoða dýrin. Það er erfitt að nálgast þau á sumrin en á veturna er það auðveldara,“ lýsir hún og heldur áfram:

„Ég hlakka virkilega til að vera þarna í vetur og finna þá möguleika sem felast í vetrarævintýrum, íshellunum í jöklunum og skíðasvæðinu í Oddsskarði svo ég nefni dæmi. Á Austurlandi eru svo oft vetrarstillur.“

Ekki lítur Ásta síður björtum augum til sumarsins og náttúruperlnanna sem hún veit af fyrir austan. Nefnir Hengifoss, einn af flottustu fossum Íslands, Húsey með sitt óviðjafnanlega fuglalíf og Kollumúlann við Héraðsflóa sem skartar stórkostlegum litbrigðum í klettunum. Einnig lýsir hún komu sinni í Bjarnarey, Fagradalseldstöðina í Vopnafirði og Brúnavík í Borgarfirði eystri.

„Ferðaþjónustan snýst ekki bara um að setjast inn í flugvél eða ferju á leið til landsins. Það eru svo mikil verðmæti fólgin í að fá hvern og einn til að dvelja einum degi lengur. Möguleikarnir til að laða fólk að og hjálpa því að njóta eru óendanlegir og þeir eru allan ársins hring,“ segir hún sannfærandi. „Það er virkilega hægt að gera ferðaþjónustuna að þeirri lyftistöng sem við viljum hafa hana.“ **gun@frettabladid.is**


Idol
IDOL STJÖRNULEIT
ÁHEYRNARPRUFUR FARA FRAM 10. JANÚAR
Þann 10. janúar fara fram á Hótel Hilton Reykjavík Nordica áheyrnarprufur fyrir Idol Stjörnuleit 2009 - aðeins þennan eina dag! Þátttakendur skulu vera orðnir 16 ára gamlir og ekki eldri en 28 ára.
Vinningshafi í Idol Stjörnuleit öðlast ekki aðeins frægð og frama heldur fær hann einnig að launum 2 milljónir króna.
Idol Stjörnuleit hefst á Stöð 2 föstudaginn 13. febrúar.
SKRÁÐU ÞIG NÚNA Á VISIR.IS
skemmtilegri

# SPRE...

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR AF VEFMYNDAVÉLUM

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR AF NETBÚNAÐI

LYKLAB... FRÁ 9...

# ALLT AÐ 80%

Í DAG BYRJAR SPRENGJAN Í TÖLVULISTANUM • ÓTRÚLEGUR AFSLÁTTUR • AÐ...

ALLT AÐ 45% AFSLÁTTUR AF VINNSLUMINNUM

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR AF STÝRIPINNUM



1066MHZ 10.990 KR FULLT VERÐ: 19.990

4GB

**CORSAIR VINNSLUMINNI**

Lífstíðarábyrgð er á öllum minnum frá Corsair. Margverðlaunað og 100% áreiðanlegt vinnsluminni, mikið úrval af vinnsluminnum á ótrulegu sprengjuverði

| 2GB 667MHz MINNI | 2GB 667MHz FARTÖLVUMINNI |
|---|---|
| 3.990 | 3.990 |
| FULLT VERÐ: 6.990 | FULLT VERÐ: 6.990 |



**640GB HARÐUR DISKUR**

640GB Western Digital Blue harður diskur á frábæru sprengjutilboði

**10.990**

FULLT VERÐ: 14.990



**MSI GEFORCE N9600GT**

512MB GDDR3 MSI GeForce N9600GT-T2D512 skjákort, DirectX 10

**17.990**

FULLT VERÐ: 27.990



**TOSHIBA SATELLITE PRO A300D-152**

AMD Dual Core X2 ZM-80 örgjörvi • 3GB minni 250GB harður diskur • ATI Radeon HD3100 skjákort • 15.4" skjár • Skrifari • Bluetooth Windows Vista Business / XP Pro

**99.990**



VALDIR PC LEIKIR Á AÐEINS 990 KR

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR AF SKJÁKORTUM

PRENTARAR OG FJÖLNOTATÆKI Á ÓTRÚLEGU VERÐI

ATHUGIÐ TAKMARKAÐ MAGN • FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ • HÉR ER AÐEINS BROT AF ÚRVALINU

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR AF HEYRNARTÓLUM

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUTÖSKUM

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR AF SKJÁKORTUM

## OPNUNARTÍMAR Á SPRENGJUNNI

27.DES FRÁ 12:00 TIL 19:00
28.DES FRÁ 12:00 TIL 19:00
29.DES FRÁ 09:00 TIL 19:00
30.DES FRÁ 09:00 TIL 19:00
31.DES FRÁ 09:00 TIL 12:00

Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Vörum á sprengju er ekki hægt að skila

FRÁBÆR TILBOÐ Á FARTÖLVUM

MARGMIÐLUNARSPILARAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

# NGJA

# % AFSLÁTTUR

EINS Í NOKKRA DAGA • ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!! • OPNUM KL 12:00

4GB SanDisk

### 4GB SANDISK CRUZER

Glæsilegur 4GB Sandisk Cruzer Micro Skin USB 2.0 minnislykill sem auðveldar þér að taka öll gögnin þín með þér á frábæru sprengjuverði, þú mátt ekki missa af þessu!

**1.990**

FULLT VERÐ: ~~3.990~~

ACE

### ACE AMD TILBOÐ 1

2.0GHz Sempron64 AM2 örgjörvi • MSI K9N6PGM2-V móðurborð • 1GB DDR2 667MHz minni • 160GB harður diskur • Skrifari • 128MB GeForce skjákort • Windows Vista Home Basic

**49.990**

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR AF HÁTÖLURUM

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR | KÓPAVOGUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 | HLÍÐASMÁRA 10 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 | S: 414 1760 |



„Hvað væri málverkið án dulúðar?
Og hvað væri lífið án leyndarmála?(...)"
Missið ekki af einstöku tækifæri til að berja augum þessa innviði sálarlífsins í málverkum Ebbu.
Húsið er opið alla daga kl. 12-17. Lokað 31.12 og 01.1
Verið velkomin
Norræna húsið | Sturlugötu 5 |Sími 551 7030 | www.nordice.is | nh@nordice.is
NORRÆNA HÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Sumarljós
Jón Kalman Stefánsson
leikgerð og leikstjórn Hilmar Jónsson
Hjörtun slá hraðar...
lau. 27/12 örfá sæti laus
sun. 28/12 örfá sæti laus

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Hrífandi verk sem snertir okkur öll.
★★★★ EB, FBL
fös. 2/1 örfá sæti laus
fös. 9/1 örfá sæti laus

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Krúttleg brúðusýning
fyrir yngstu börnin
sun. 4/1 tvær sýningar



Þjóðleikhúsið
þakkar fyrir samfylgdina
á árinu og óskar landsmönnum gleði og friðar
á nýju ári.

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

vísir.is
"...ég sá það á vísi"



NOKKUR ORÐ
Ragnheiður Tryggvadóttir

# Óskir geta ræst á áramótum



Áramótaheit og loforð eru fastur liður í uppgjöri fólks í lok árs. Fólk er þó misjafnlega stórhuga í loforðunum en á meðan margir lofa bót og betrun í lífsháttum sínum öllum láta sumir nægja að lofa að nota tannþráðinn oftar. Ég er ein af þeim. Finnst vissara að setja markið ekki of hátt til að vonbrigðin verði ekki of mikil með sjálfa mig þegar loforðið bregst. Það bregst nefnilega ansi oft. Það er eins og óskrifuð regla að áramótaheit bregðast yfirleitt og það tekur enginn mark á þeim lengur. Enginn sem ég þekki hefur staðið við að hætta að reykja á nýju ári, eða hætt að borða nammi, eða tekið upp heilsusamlegri lifnaðarhætti og viðkomandi sleppur yfirleitt við skammir. Enginn vill vera fyrstur til að kasta steininum því allir lúra á loforðum sem ekkert hefur orðið úr.

Árið sem er að líða hefur verið viðburðaríkt og gengið á ýmsu. Líf margra hefur kollvarpast á nokkrum vikum og óvíst að það fólk sjái sér fært að strengja stórtæk áramótaheit. Þeir sem komu skriðunni af stað munu sennilega fara sparlega með stóru orðin um þessi áramót. Verst að þeir sem eiga að kippa þessu í liðinn virðast líka ætla að spara stóru orðin. En kannski eru þessi áramót einmitt áramótin sem allir ættu að strengja stór heit og standa við þau. Ef allir strengdu líka sama heitið eru kannski meiri líkur á því að það haldi. Við erum ekki það mörg. Rétt eins og að á mannmörgu heimili er hægt að sameinast yfir kvöldmatnum hljótum við að geta sameinast eitt kvöld. Strengjum þess heit að massa þetta og kannski hittum við á óskastund.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









**ÁBERANDI**

**O.J. Simpson** var sakfelldur fyrir mannrán og vopnað rán sem hann framdi í fyrra. **Amy Winehouse** gerði fjölmarga skandala á árinu sem er að líða. **Miley Cyrus,** Disney-stjarnan unga, olli fjaðrafoki með ögrandi myndum í Vanity Fair.

# Skandalar ársins sem er að líða

**Það er af mörgu að taka þegar kemur að skandölum ársins 2008 hjá fræga fólkinu. Fréttablaðið tók saman nokkur dæmi um það sem vakti athygli á árinu sem er að líða.**

Amy Winehouse gerði fjölmarga skandala á árinu sem er að líða. Hún fór inn og út af meðferðarstofnunum og spítölum og var handtekin nokkrum sinnum fyrir eiturlyfjanotkun og ofbeldisbrot.

Bítillinn Ringo Starr móðgaði marga aðdáendur sína þegar hann bað þá um að hætta að biðja hann um eiginhandaráritanir, sem hann ætlar að hætta að gefa.

George Michael var handtekinn á almenningssalerni, í annað skiptið á ferlinum. Hann var handtekinn í London fyrir vörslu og neyslu eiturlyfja. Aðeins mánuði áður hafði hann lokið tónleikaferðalagi, sem hann segir hafa verið sitt síðasta.

Ungstirnið Miley Cyrus olli fjaðrafoki þegar hún birtist nánast nakin, aðeins með lak um sig, á forsíðu Vanity Fair. Miley var 15 ára og í kjölfar mikillar gagnrýni og umræðu baðst hún afsökunar á myndunum.

Fyrrum ríkisstjóri New York, Eliot Spitzer, komst í heimsfréttirnar þegar New York Times sagði frá því að hann hefði nýtt sér þjónustu vændiskonu. Í ljós kom að hann hafði verið viðskiptavinur sömu vændiskonunnar í mörg ár.

O.J. Simpson var sakfelldur fyrir vopnað rán og mannrán í byrjun október. Í desember var hann svo dæmdur í 15 ára fangelsi fyrir athæfið og lét hafa eftir sér að hann hefði ekki haldið að hann væri að gera neitt af sér.

Fyrrum X-files stjarnan David Duchovny greindi frá því að hann væri á leið í meðferð við kynlífsfíkn, sem kom mörgum á óvart. Nokkrum mánuðum síðar skildi hann við konu sína til 11 ára.

Það vakti mikla athygli þegar innilegar myndir birtust af leikurunum Siennu Miller og Balthazar Getty saman. Getty var enn kvæntur á þeim tíma.

# Djúpt í huga leynist ljós

Galdur einkennist af einföldum lagasmíðum og er afar hugguleg plata og ljúf, tekin upp í sumarbústað á næstu hæð fyrir neðan himnaríki. Allir viðstaddir eru búnir að átta sig á göllum sínum og skapgerðarbrestum og hafa náð að beisla þá, eða eru að reyna það, með aðstoð góðra vætta.

Sigríður Eyþórsdóttir syngur líkt og hún vilji meina sorginni að brjótast út meðan hún prjónar ströng á svip í baðstofunni, yfir börnum sem eru horfin öllum öðrum eftir að þau létust úr berklum. Hún var skilin eftir á bænum en ætlar helst ekki að segja neinum frá því.



**PIKKNIKK** Dúettinn hefur gefið út fallegustu plötu ársins að mati gagnrýnanda.

Samsöngur þeirra Þorsteins Einarssonar úr Hjálmum minnir á millistríðsára Appalakkíusöngvara; Carter-fjölskyldan á afslöppuðum degi kemur upp í hugann. Af nýlegri tónlist mætti kannski líkja Pikknikk við hljómsveitina Low.

Þetta eru oftast amerísk kassagítarsþjóðlög, haglega skreytt og fallega leikin, en stemningin er frekar frá gömlu Evrópu og Fróni. Lágstemmt allt og friðsamlegt.

Textarnir lýsa þjáðu og næmu fólki, og hægt að ímynda sér að það ætli ef til vill að ganga í Amish-söfnuðinn sér til sáluhjálpar. Æðri máttur leynist hér og þar í textunum, en það truflar ekki úrkynjaða þéttbýlisbúa mikið þótt sveitafólkið píri augun öðru hvoru og horfi til himins.

„Það er okkar þjóð í hag/þá við syngjum fagurt lag," segir Pikknikk og það er alveg satt. Þetta er fallegasta platan sem kom út á íslensku árið 2008.

**Klemens Ólafur Þrastarson**




**TÓNLIST**
**Galdur**
Pikknikk
★★★★★
Einföld, lágstemmd og töfrandi. Fallegasta plata ársins.


**Lýtalækningar**
**Hef flutt lýtalækningastofu mína í nýja húsið í Glæsibæ, 3 hæð.**

Tímapantanir í síma
**535-6800**
WWW.LYTALAEKNINGAR.IS

**Sigurður E. Þorvaldsson**
**Lýtalæknir**






Skráðu þig í netklúbbinn - VITAferdir.is

# Brekkurnar bíða þín á Ítalíu 7. - 14. febrúar



Garni Cristiania
Fallegt þriggja stjörnu hótel rétt við efra torgið í Madonna.

Verð frá 114.900 kr.
og 15.000 Vildarpunktar
á mann miðað við 2 í herbergi. Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og morgunverður. Almennt verð er 124.900 kr.

Flug fram og til baka
61.000 kr. og 15.000 Vildarpunktar.
Innifalið: Flug fram og til baka til Verona og flugvallarskattar. Almennt verð er 71.000 kr.

Vildarklúbbur
Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur
Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 5.000 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA í desember. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

VITA er í eigu Icelandair Group og flýgur með Icelandair á vit ævintýranna.

VITA er lífið
VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444
vita



# Fáskrúðsfirðingar

Hin árlega jólatrésskemtun Fáskrúðsfirðingafélagsins verður haldin sunnudagin 28. des kl 15:00 í félagsheimilinu Seltjarnarnesi.

Látið vini og nærsveitunga vita.

*Kær jólakveðja.*




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN kl. 1:30 - 3:40 - 6 - 8D - 8:20 - 10:20D -10:40 | | 7 |
| YES MAN | kl. 12 - 3:40 - 6 - 8:20 - 10:40 | VIP |
| BOLTI 3-D m/ísl. tali | kl. 12(3D) - 2(3D) - 4(3D) - 6(3D) | L |
| CITY OF EMBER | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:40 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 5:50 - 8 - 10:40 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 12 - 2 - 4 | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8:10 - 10:40 | 16 |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 3:40 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 12 - 2 | L |

SPARbíó kr. 550 á myndir merktar með appelsínugulu. kr. 850 á digital 3D myndir, merktar með grænu

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN DIGITAL kl. 2 - 4:10 - 6:20 - 8 - 8:30 - 10:20 -10:50 | | 7 |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| BOLT 3-D m/Ensku tali | kl. 6 | L |
| CITY OF EMBER | kl. 6 | 7 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| TWILIGHT | kl. 8 | 12 |
| W | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BOLTI m/ísl. tali | kl. 12 - 2 - 4 - 6 | L |
| YES MAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 12 - 2 - 4 | L |
| DAY THE EARTH STOOD | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BOLT m/ísl. tali | kl. 12 - 2 - 4 - 6 | L |
| YES MAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 10:20 | 16 |
| ZACK AND MIRI MAKE A PORN | kl. 8 | 16 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 12 - 2 - 4 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BOLT m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| YES MEN | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| CITY OF EMBER | kl. 8 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 10 | 16 |

SÝNINGARTÍMARNIR GILDA 26., 27. OG 28. DESEMBER



GLEÐILEG JÓL! NÝTT Í BÍÓ! GLEÐILEG JÓL!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| AUSTRALIA D | kl. 4.30 - 8 | 12 |
| AUSTRALIA LÚXUS D | kl. 1 - 4.30 - 8 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ D | kl. 1 - 2.30 - 4 - 5.30 | L |
| INKHEART | kl. 1 - 3.20 - 5.40 | 10 |
| THE DAY THE EARTH STOOD STILL D | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 1 - 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| IGOR | kl. 1 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 8 - 10.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 ÓDÝRT Í BÍÓ! 650 kr.

| | | |
|---|---|---|
| AUSTRALIA | kl. 3 - 6.30 - 10 | 12 |
| THE DAY THE EARTH STOOD STILL | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ZACK AND MIRI MAKE A PORNO | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 3 - 5.30 - 8 | 12 |
| SAW 5 | kl. 10.20 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| AUSTRALIA | kl. 5.30 - 9 | 16 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 2.30 - 4 | L |
| INKHEART | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 10 |
| TAKEN | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE DAY THE EARTH STOOD STILL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 | 7 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 3.20 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ * | kl. 3.30 - 4.45 | L |
| INKHEART ** | kl. 6 - 8 | 10 |
| AUSTRALIA | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE DAY THE EARTH STOOD STILL | kl. 10 | 7 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 | |
| * 27. - 28. 500 kr. | kl. 2 - 3.30 - 4.45 | |
| ** 27. - 28. | kl. 2 - 6 - 8 | |

SÝNINGARTÍMARNIR GILDA FRÁ 26.DESEMBER - TIL OG MEÐ 30. DESEMBER



NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus GLEÐILEG JÓL




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| BOLT 3D - Íslenskt tal | kl. 2(800 kr), 4 og 6 | L |
| INKHEART | kl. 2(500 kr), 4, 6, 8 og 10 | 10 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA | kl. 2(700 kr) og 4 | L |
| TAKEN | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 8 og 10 | 7 |

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR

Tilboð í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!




**U2** Tólfta hljóðversplata U2 kemur út 2. mars næstkomandi. Bíða hennar margir með mikilli eftirvæntingu.

# Ný plata U2 í fimm útgáfum

Hljómsveitin U2 ætlar að gefa sína nýjustu plötu, No Line on the Horizon, í fimm mismunandi útgáfum. Annars vegar koma út hefðbundnar geisladiska- og vínylútgáfur og hins vegar þrjár útgáfur í takmörkuðu upplagi. Fyrst ber að nefna stafræna útgáfu af plötunni til niðurhals ásamt 36 blaðsíðna bæklingi, veggspjaldi og nýrri tónleikamynd Anton Corbijn með U2 til niðurhals. Önnur útgáfan samanstendur af geisladiski, sextíu blaðsíðna bæklingi í tímaritsformi auk myndarinnar eftir Corbijn, einnig til niðurhals. Loks gefur sveitin út kassaútgáfu með sextíu blaðsíðna harðspjaldabók, veggspjaldi og DVD-útgáfu af tónleikamynd Corbijn.

Platan kemur út 2. mars en ekki í febrúar eins og áður hefur verið haldið fram. Þetta verður tólfta hljóðversplata sveitarinnar, sem síðast sendi frá sér How to Dismantle an Atomic Bomb fyrir fjórum árum.

Upphaflega átti platan að koma út í lok þessa árs en í september tilkynnti sveitin að hún væri ekki tilbúin og enn þyrfti að semja fleiri lög.

Að sögn gítarleikarans The Edge er platan tvískipt. „Annar helmingurinn eru lög sem komu nánast fullsköpuð út úr samstarfinu við Brian og Danny. Hinn helmingurinn er efni sem við veltum vel og lengi fyrir okkur,“ sagði hann. „Hún hljómar eins og U2-plata, samt ekki eins og eitthvað sem við höfum gert áður. Hún hljómar eiginlega ekki eins og neitt sem er að gerast í augnablikinu.“

# Nýtt umslag hjá Retro Stefson

Annað upplag af fyrstu plötu Retro Stefson, Montaña, er komið í búðir. Nýtt umslag er á nýja upplaginu. Fyrsta umslagið, með grámyglulegum kassa og pýramída, þótti hálf misheppnað, að minnsta kosti kaus dómnefnd Fréttablaðsins það þriðja ljótasta umslag ársins á dögunum.

Grafíski hönnuðurinn Halli Civelek og krakkarnir í hljómsveitinni höfðu verið að dunda sér í dágóðan tíma við að ganga frá útliti plötunnar, eða alveg frá því að komið var úr stúdíóinu. Fullkomnunarárátta ákveðinna aðila í hljómsveitinni kom í veg fyrir að upprunalega hugmyndin að útliti plötunnar yrði að veruleika fyrr en nú. Baldvin Esra og félagar hjá Kimi Records sögðu stopp og heimtuðu að annar maður yrði fenginn til verksins. Þegar fréttir bárust að það upplag væri að klárast luku krakkarnir við verkefnið sem þau byrjuðu á í lok sumars.

Retro Stefson leika í Íslensku óperunni annað kvöld. Þar koma þau fram með For a Minor Reflection, Rottweilerhundum, Ólafi Arnalds og Ultra Mega Technobandinu Stefáni.




**FLOTTARA** Nýja umslagið.




**ÞRIÐJA LJÓTAST** Gamla umslagið.

# Kirsten Dunst fær nálgunarbann

Leikkonan Kirsten Dunst hefur fengið nálgunarbann á náunga að nafni Christopher Smith. Sá hafði gerst ansi nærgöngull á heimili leikkonunnar og bankað þar upp á eins og ekkert væri sjálfsagðara þrátt fyrir að aðstoðarmaður Dunst hefði útskýrt að hún væri ekki heima. Smith þessi virðist hafa þróað með sér sérstakt dálæti á leikkonunni og var ekkert á þeim buxunum að gefast upp við að ná í skottið á henni. Hann var síðan handtekinn og færður til skýrslutöku eftir þetta atvik.

Dómari í Los Angeles úrskurðaði að Smith væri bannað að koma nálægt Dunst, aðstoðarfólki hennar eða einhverjum af þeim vinnustöðum þar sem Dunst sinnir sinni vinnu.



**NÁLGUNARBANN** Dunst fékk nálgunarbann á Christopher Smith sem vildi komast í tæri við leikkonuna.













**NÆGJUSÖM** Angelina og Brad halda börnum sínum á jörðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bjuggu til jólagjafir

Brad Pitt, Angelina Jolie og börnin þeirra bjuggu til að minnsta kosti eina jólagjöf og gáfu einhverjum innan fjölskyldunnar. Nauðsynlegt er að vinna sé lögð í gjafirnar. Þessu sagði Brad frá í samtali við OK, og bætti því við að það væri mjög fallegt að sjá börnin gefa hvert öðru.

Brad segir fjölskylduna ekki endilega gefa stórar og dýrar gjafir. Hann segir börnin ekki biðja um stórar gjafir vegna þess að þau horfi ekki á bandarískar teiknimyndir. Þegar þau hafi horft á slíkar teiknimyndir hafi þau farið að biðja um leikföng, svo þau hjónaleysin hafi ákveðið að leyfa þeim ekki að horfa á of mikið af teiknimyndum.



**DUSTIN HOFFMAN** Hoffman segist aldrei ætla að setjast í helgan stein.

# Sest ekki í helgan stein

Leikarinn Dustin Hoffman segist aldrei ætla að setjast í helgan stein. Hann óttast þó að fá ekki eins góð hlutverk og áður eftir því sem aldurinn færist yfir hann.

„Ef ég gæti lært frönsku, spænsku og ítölsku þá gæti ég leikið í athyglisverðari myndum," sagði Hoffman, sem er 71 árs. „Þessi lönd búa enn til ástarsögur um fólk sem er komið yfir þann aldur þar sem það telur sig þurfa á lýtaaðgerð að halda. Þú mátt alveg eldast í Evrópu," sagði hann. Nýjasta mynd Hoffmans nefnist Las Chance Harvey og fjallar einmitt um að finna ástina seint á lífsleiðinni.



### > Heiðar settur á bekkinn hjá QPR



Það var ekki nóg fyrir Heiðar Helguson að hafa skorað þrjú mörk í síðustu tveimur leikjum Queens Park Rangers. Paulo Sousa, stjóri QPR setti Heiðar á bekkinn í útileik liðsins á móti Charlton í gær. Samuel Di Carmine og Dexter Blackstock byrjuðu saman í framlínunni en sá síðarnefndi kom inn á sem varamaður og skoraði sigurmark liðsins í leiknum á undan. Heiðar kom inn á sem varamaður níu mínútum fyrir leikslok en staðan breyttist ekki eftir það og leiknum lauk með 2-2 jafntefli.

**sport**

sport@frettabladid.is

**ÞJÁLFARARNIR GUÐMUNDUR KARLSSON OG RÚNAR SIGTRYGGSSON:** SETJA SIG Í SPÁMANNSSTELLINGAR

## *Spáð í spilin fyrir leikina í N1-deildarbikarnum*

Leikið verður í N1-deildarbikar karla og kvenna í Laugardalshöllinni í dag og á morgun, þar sem fjögur lið í hvorum flokki fyrir sig sem státa af bestum árangri til þessa í N1-deildunum í vetur etja kappi.

Fréttablaðið fékk þjálfara þeirra liða sem voru næst því að komast í hóp fjögurra bestu, Guðmund Karlsson hjá kvennaliði FH og Rúnar Sigtryggsson hjá karlaliði Akureyrar, til þess að spá fyrir um úrslit leikjanna í karla- og kvennaflokki í dag.



Hjá konunum mætast Haukar og Fram í dag kl. 12 og Stjarnan og Valur kl. 14.

„Haukarnir eru búnir að vera mjög sannfærandi undanfarið og þeirra öflugustu leikmenn, Hanna G. Stefánsdóttir og Ramune Pekarskyte, hafa verið í mun betra formi núna heldur en í fyrra og það hefur skipt sköpum. Framarar hafa hins vegar ekki fylgt eftir góðu gengi í fyrra en á góðum degi geta þær samt vissulega strítt Haukunum. Ég hallast samt að sigri Hauka í þessum leik,“ segir Guðmundur.

„Það er skarð fyrir skildi hjá Stjörnunni að hafa misst Birgit Engl og þó svo að Valsliðið sé ekki að toppa eins og ég átti von á þá tippa ég á að Valur hafi þetta,“ segir Guðmundur um leik Stjörnunnar og Vals.

Hjá körlunum mætast topplið Fram og HK í dag kl. 16 og seinni leikurinn á milli Vals og Hauka hefst kl. 18.

„Framarar hafa verið á mikilli siglingu og eru með sjálfstraustið í botni. Handbragð Viggós Sigurðssonar er farið að sjást á liðinu og ég tel að HK-ingar nái ekki að standast Frömurum snúninginn,“ segir Rúnar.

„Það er spurning hvernig hröðu leikmennirnir hjá Val ná sér upp á móti Haukavörninni. Þetta eru svipuð lið af getu en Valsmenn eru hraðari og vinna leikinn,“ segir Rúnar.



Á morgun fara svo fram úrslitaleikirnir þar sem sigurvegarar dagsins í dag eigast við, úrslitaleikur kvenna hefst kl. 13.30 og úrslitaleikur karla kl. 15.50.

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Enska úrvalsdeildin*

ASTON VILLA - ARSENAL 2-2
0-1 Denilson (39.), 0-2 Abou Diaby (48.), 1-2 Gareth Barry (64.), 2-2 Zat Knight (90.).

CHELSEA - WEST BROM 2-0
1-0 Didier Drogba (2.), 2-0 Frank Lampard (46.).

LIVERPOOL - BOLTON 3-0
1-0 Albert Riera (25.), 2-0 Robbie Keane (52.), 3-0 Keane (57.) Grétar Rafn lék allan leikinn.

MANCHESTER CITY - HULL CITY 5-1
1-0 Felipe Caicedo (14.), 2-0 Felipe Caicedo (26.), 3-0 Robinho (27.), 4-0 Robinho (35.), 4-1 Craig Fagan (79.), 5-1 Stephen Ireland (81.).

MIDDLESBROUGH - EVERTON 0-1
0-1 Tim Cahill (49.).

PORTSMOUTH - WEST HAM UNITED 1-4
1-0 Nadir Belhadj (7.), 1-1 Jack Collison (19.), 1-2 Carlton Cole (66.), 1-3 Craig Bellamy (69.), 1-4 Bellamy (82.). Hermann Hreiðarsson lék ekki.

STOKE CITY - MANCHESTER UNITED 0-1
0-1 Carlos Tevez (82.).

WIGAN ATHLETIC - NEWCASTLE UNITED 2-1
1-0 Ryan Taylor (28.), 2-0 Amr Zaki (72.), 2-1 Danny Guthrie (87.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Liverpool** | **19** | **12** | **6** | **1** | **30-12** | **42** |
| Chelsea | 19 | 12 | 5 | 2 | 38-7 | 41 |
| **Man.United** | **17** | **10** | **5** | **2** | **28-10** | **35** |
| Aston Villa | 19 | 10 | 5 | 4 | 32-22 | 35 |
| **Arsenal** | **19** | **9** | **5** | **5** | **32-23** | **32** |
| Everton | 19 | 8 | 5 | 6 | 24-25 | 29 |
| **Hull City** | **19** | **7** | **6** | **6** | **28-36** | **27** |
| Fulham | 18 | 6 | 7 | 5 | 16-12 | 25 |
| **Wigan** | **18** | **7** | **4** | **7** | **23-21** | **25** |
| Bolton | 19 | 7 | 2 | 10 | 22-27 | 23 |
| **Portsmouth** | **19** | **6** | **5** | **8** | **21-32** | **23** |
| Newcastle | 19 | 5 | 7 | 7 | 25-27 | 22 |
| **West Ham** | **19** | **6** | **4** | **9** | **22-27** | **22** |
| Sunderland | 19 | 6 | 4 | 9 | 21-26 | 22 |
| **Man. City** | **19** | **6** | **3** | **10** | **36-28** | **21** |
| Tottenham | 19 | 5 | 5 | 9 | 20-23 | 20 |
| **Middlesbr.** | **19** | **5** | **5** | **9** | **17-28** | **20** |
| Stoke City | 19 | 5 | 5 | 9 | 17-31 | 20 |
| **Blackburn** | **19** | **4** | **5** | **10** | **20-34** | **17** |
| West Brom | 19 | 4 | 3 | 12 | 14-35 | 15 |

### *Enska 1. deildin*

Charlton-QPR 2-2
Heiðar Helguson kom inn á 81. mínútu.

Burnley-Barnsley 1-2
Jóhannes Karl Guðjónsson sat á bekk Burnley .

Reading-Cardiff 1-1
Ívar Ingimarsson lék allan leikinn með Reading en Brynjar Björn Gunnarsson sat allan tímann á bekknum. Adam Federici, markvörður Reading. jafnaði leikinn á fjórðu mínútu í uppbótartíma með þrumuskoti eftir horn.

Swansea-Coventry 0-0
Aron Einar Gunnarsson lék allan leikinn.

# Keane skorar og skorar á jólunum

**Chelsea sat á toppnum í tvo tíma eftir 2-0 sigur á WBA en Liverpool endurheimti toppsætið með sannfærandi sigri á Bolton. Robbie Keane er búinn að skora átta jólamörk. Tevez bjargaði Man. United gegn Stoke.**

**FÓTBOLTI** Staða efstu liðanna er óbreytt eftir heila umferð á öðrum degi jóla. Chelsea komst þó á toppinn í tvo tíma og setti pressu á Liverpool-menn sem stóðust hana síðan með glæsibrag. Manchester United fylgir líka fast á eftir þökk sé sigurmarki Carlos Tevez en meistararnir eru sjö stigum á eftir Liverpool og eiga tvo leiki inni.

Liverpool hélt toppsætinu eftir sannfærandi 3-0 sigur á Grétari Rafni Steinssyni og félögum í Bolton. Grétar Rafn var heppinn með að fá ekki sitt annað gula spjald í upphafi seinni hálfleiks og Bolton-liðið gat þakkað fyrir að tapa aðeins með þriggja marka mun. Liverpool náði þarna loksins að vinna leik á Anfield eftir þrjú jafntefli í röð.

Steven Gerrard lagði upp tvö fyrstu mörkin og það síðasta kom eftir frábæra skyndisókn. Robbie Keane skoraði seinni tvö mörkin eftir að Albert Riera hafði komið Liverpool í 1-0.

Keane kann vel við sig á öðrum degi jóla en eftir þessi tvö mörk hefur hann skorað 8 mörk á þessum degi undanfarin tíu tímabil þar af tvö mörk bæði í ár (Liverpool) og í fyrra (Tottenham).

„Robbie hefur ekki verið í lélegu formi þrátt fyrir það sem einhverir eru að halda fram. Hann hefur unnið mikið fyrir liðið og þar metum við hvað menn skila til okkar liðs. Við vitum alveg hvað hann getur og hvað hann bætir við þetta lið. Menn geta sagt það sem þeir vilja um hann en við vitum af hverju hann er að spila fyrir Liverpool og höfum yfir engu að kvarta,“ sagði Sammy Lee, aðstoðarstjóri Liverpool eftir leikinn.

**Drogba byrjaði vel**

Chelsea vann einnig langþráðan heimasigur þegar liðið vann West Bom 2-0 en liðið var aðeins búið að fá tvö stig út úr síðustu þremur leikjum sínum á Brúnni. Það virkaði vel að tefla þeim Nicolas Anelka og Didier Drogba saman í framlínunni því Drogba var búinn að skora eftir 3 mínútur.

„Það létti mikilli pressu af okkur að fá mark svona snemma og við spiluðum mjög góðan fótbolta í dag. Ég var mjög ánægður með hreyfingar Anelka, Drogba og Joe Cole í framlínunni,“ sagði Ray Wilkins, aðstoðarmaður Luiz Felipe Scolari og hann var sáttur með framgöngu Drogba. „Hvaða lið sem er í úrvalsdeildinni myndi finna fyrir því að missa eins góðan leikmann og Didier Drogba. Það er frábært að fá stóra strákinn aftur inn í liðið því hann hjálpar svo mörgum öðrum leikmönnum liðsins,“ sagði Wilkins.

Manchester United þurfti að bíða fram á 83. mínútu til þess að skora siugrmarkið gegn Stoke. Þá var liðið orðið manni fleiri þar sem það var búið að reka Andy Wilkinson útaf með tvö gul spjöld.

Carlos Tevez skoraði markið mikilvæga eftir snildarlega undirbúning frá Dimitar Berbatov.

**Farinn að hafa áhyggjur**

„Maður var farinn að hafa áhyggjur en við getum vonandi litið til baka í vor og talað um að þessi sigur hafi skipt okkur miklu máli,“ sagði Alex Ferguson, stjóri Manchester og bætti við.

Tony Pulis, stjóri Stoke viðurkenndi að seinna gula spjaldið hafi verið rétt en var mjög óánægður með það fyrra. „Við vorum á uppleið í leiknum þegar við misstum hann útaf og það eru mikil vonbrigði að fá ekkert út úr þessum leik,“ sagði Pulis eftir leikinn.

Manchester City og Hull hafa verið mikið í umræðinni af ólíkum ástæðum en sýndu á sér allt aðrar hliðar í gær þegar City burstaði nýliðana 5-1. Phil Brown, stjóri Hull er mikill karakter, og hann var svo ósáttur með fyrri hálfleikinn að hann hélt harðan fyrirlestur yfir sínum mönnum út á miðjum velli. Staðan var 4-0 fyrir City í hálfleik og leikurinn í raun búinn.

Í lokaleik dagsins náði Arsenal ekki að jafna Aston Villa að stigum í baráttunni um 4. sætið þrátt fyrir að komast í 2-0 í leik liðanna á Villa Park. Aston Villa sótti og fékk færin en Arsenal skoraði engu að síður tvö fyrstu mörk leiksins. Aston Villa náði hins vegar að tryggja sér stig þegar Zat Knight jafnaði leikinn í uppbótartíma en áður hafði liðið fengið umdeilda vítaspyrnu.

ooj@frettabladid.is



**BESTUR UM JÓLIN** Robbie Keane og Steven Gerrard fagna fyrra marki Keane sem Gerrard lagði upp. NORDICPHOROS/GETTY




Lakers-menn stöðvuðu 19 leikja sigurgöngu Boston:

# Kobe Bryant treysti Pau Gasol í lokin

**KÖRFUBOLTI** Los Angeles Lakers fékk smá hefnd fyrir tapið í lokaúrslitunum síðasta sumar þegar liðið endaði 19 leikja sigurgöngu Boston Celtics með því að vinna þá 92-83 í Los Angeles á jóladag. Ekkert NBA-lið í sögunni hafði náð að vinna 27 af fyrstu 29 leikjum sínum eins og Boston sem var einnig búið að setja félagsmet í sigurleikjum í röð.

Kobe Bryant átti mjög góðan leik hjá Lakers þar sem hann var með 27 stig og 9 fráköst en hann sýndi einnig mikil þroskamerki í lokin þegar hann gaf þrjár stoðsendingar á Pau Gasol á 1 og hálfri mínútu þegar Lakers gerði út um leikinn. Gasol skoraði 9 af 20 stigum sínum á síðustu fimm mínútunum og hrökk í gang á hárréttum tíma fyrir heimamenn.

„Þetta sýnir að við getum unnið alla og vonandi getum við byggt ofan á þessu,“ sagði Gasol eftir leik og þjálfarinn var líka ánægður með sinn mann.

„Ég er mjög ánægður með Pau og hann tók af skarið í fjórða leikhlutanum þegar við þurftum á honum að halda,“ sagði Phil Jackson, þjálfari Lakers.

Þetta var sögulegur sigur fyrir Jackson, því hann var númer 1.000 á ferlinum. Jackson varð þar með fljótastur til að ná svo mörgum sigrum en hann gerði það í sínum 1.423. leik og gerði þar betur en Pat Riley sem náði því í 1.434. leikjum á sínum tíma. „Þetta er stórkostlegt afrek og ég lofa því að ég mun aldrei ná þessari tölu því ég verð ekki í þessu svo lengi,“ sagði Doc Rivers, þjálfari Boston, sem var ekki ánægður með hvernig hans menn spiluðu í lokin.



**AÐALMAÐURINN Í LOKIN** Spánverjinn Pau Gasol hjá Lakers. NORDICPHOTOS/AFP

„Þeir eiga allt hrós skilið. Við verðum bara að klára leikina betur,“ sagði Boston-maðurinn Paul Pierce sem skoraði 20 stig en ekkert þeirra í 4. leikhlutanum. Lakers vann síðustu 3 mínútur leiksins 11-2. Kevin Garnett var stigahæstur í Boston-liðinu með 22 stig auk 9 frákasta og þá átti Rajon Rondo 12 stoðsendingar.

- óój


N1 DEILDARBIKARINN
Í LAUGARDALSHÖLL

LAUGARDAGUR 27. DESEMBER

| KONUR | KARLAR |
|---|---|
| KL. 12:00 HAUKAR – FRAM | KL. 16:00 FRAM – HK |
| KL. 14:00 STJARNAN – VALUR | KL. 18:00 VALUR – HAUKAR |

SUNNUDAG 28. DESEMBER

| | |
|---|---|
| KL. 13:30 ÚRSLIT KVENNA | KL. 15:50 ÚRSLIT KARLA |

Miðaverð aðeins 1.000.- og gildir miðinn á alla 6 leikina.
Einstök skemmtun.

HSÍ
www.hsi.is






**> Orlando Bloom**

„Ég hef leikið boxara, kúreka, riddara, prins, álf og sjóræningja. Er það ekki eitthvað sem alla stráka dreymir um að gera?“ Bloom leikur bæði í Lord of the Rings sem sýnd er á Skjáeinum og í Sjóræningjar á Karíbahafi (Pirates of the Caribbean) sem sýnd er í Sjónvarpinu í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI LISTAR UPP ÓGLEYMANLEGUSTU „TV-MÓMENT“ ÁRSINS

# *Topp 10: Það sem ég man eftir úr sjónvarpinu*

Nú gera menn lista yfir það sem hæst bar á árinu, eða lægst. Svona listar þjóna þeim tilgangi að ramma inn árið sem er að líða og koma því frá sér í snyrtilegu formi. Ég vil ekki vera eftirbátur annarra svo hér kemur Topp 10 listinn: Það sem ég man eftir úr sjónvarpinu á árinu. Verst að ég man eiginlega ekki neitt, sem sýnir nú bara hvað allt þetta sjónvarpsgláp ristir grunnt.



**1.** Gas! Gas! Gas! var hápunktur Norðlingaholts-mótmælanna og allt í beinni. Mótmælin voru eins konar forleikur að því sem síðar kom.
**2.** Mest spennandi frétt íþróttadeildar Ríkissjónvarpsins var frá skeggkeppni í Bæjaralandi. Snilld.
**3.** Ég var á brettinu í World Class þegar Sky blastaði þeirri staðreynd að Bretar flokkuðu Íslendinga sem hryðjuverkamenn. Hvaaaðððð? hugsaði maður.
**4.** Það fauk í Egil Helgason og hann skammaði Pétur Blöndal og Ágúst Ólaf fyrir að láta allt fara til fjandans á „þeirra vakt“. Meira svona! hugsaði maður.
**5.** Karlinn sem leikur í „actionary“ fyrir Ísafjörð í Gettu betur er rosalega góður.
**6.** Eftir borgarafundinn í Háskólabíói var ístran á Árna Johnsen óþarflega greypt í huga mér.
**7.** Þegar Dr. Spock hafði lokið sér af í úrslitaþætti Eurovision fór Gísli Einarsson eitthvað að spyrja þá út í hanskavélmennið. Hanskavélmenni? Ertu fullur? spurði Finni á móti.
**8.** Hemma Gunn-lagið í Svalbarða er sígild snilld.
**9.** Réttarlæknirinn í CSI: New York er með gleraugu sem hægt er að taka í sundur í miðjunni. Undantekningalítið er hann sýndur taka þau í sundur skömmu eftir að hann hefur krukkað íhugull í nýjasta líkið.
**10.** Geir biður Guð að blessa íslensku þjóðina. Allir hugsa: Djísús, Við erum fokkt!

**„TV-MÓMENT“ ÁRSINS** Gas! Gas! Gas! var í tísku í sirka mánuð í vor.

## EKKI MISSA AF



▶ **17.55** Grosswallstadt - RN Löwen, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.10** Cars STÖÐ 2



▶ **19.30** America's Funniest Home Videos SJÁREINN



▶ **19.40** Sirkus Arnardo SJÓNVARPIÐ



▶ **20.00** Sex and the City STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Kóalabræðurnir, Herramenn, Sammi, Músahús Mikka, Húrra fyrir Kela!, Leirkarlinn með galdrahattinn, Trillurnar, Millý og Mollý, Tobbi tvisvar og Þessir grallaraspóar.

**10.30 Balletthátíð í Prag** (e)

**12.00 H.C. Andersen - Saga af skáldi**

**12.50 H.C. Andersen - Saga af skáldi**

**13.40 Kórinn - Stefnumót í Verónа** (e)

**15.10 Everest - Læknar í lífsháska** (e)

**16.05 Mótorsport 2008** Fjallað verður um Íslandsmótin í torfæru, ralli, kvartmílu, sandspyrnu og götuspyrnu. Keppnin var óvenju hörð í ár, úrslit stundum óvænt og réðust oft ekki fyrr en í síðustu keppni.

**16.35 Tímaflakk - Jólainnrás** Jólaþáttur úr breskri þáttaröð um ævintýri tímaflakkara sem keppast við að bjarga mannkyninu frá aðsteðjandi ógnum.

**17.40 Táknmálsfréttir**

**17.50 Tímamót** (e)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.40 Sirkus Arnardo** Norski sirkusinn ▶Arnardo á sýningu í Asker í júní 2007.

**20.45 Sjóræningjar á Karíbahafi - Dauðs manns kista** Bandarísk ævintýramynd frá 2006.

**23.10 Aukaleikarar í jólaskapi** Bresk sjónvarpsmynd.

**00.35 Barnaby ræður gátuna - Gamlir jóladraugar** (Gamlir jóladraugar) (e)

**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Nanny McPhee**

**10.00 Saved!**

**12.00 The Shaggy Dog**

**14.00 Eulogy**

**16.00 Nanny McPhee**

**18.00 Saved!**

**20.00 The Shaggy Dog** Fjölskyldumynd um mann sem er bitinn af hundi sem sleppur út af rannsóknarstofu og áður en langt um líður fer hann að hegða sér eins og hundur.

**22.00 Path of Destruction**

**00.00 Highwaymen**

**02.00 Fallen. The Journey** Annar hluti

**04.00 Path of Destruction**

**06.00 I'm With Lucy**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Hlaupin, Litla risaeðlan og Blær.

**08.00 Algjör Sveppi** Lalli, Þorlákur, Blær, Sumardalsmyllan, Gulla og grænjaxlarnir, Hvellur keppnisbíll og Könnuðurinn Dóra.

**09.40 Krakkarnir í næsta húsi**

**10.00 Íkornastrákurinn**

**10.25 Litlu grallararnir**

**11.10 Bratz**

**11.35 Njósnaraskólinn**

**12.00 Sjálfstætt fólk**

**12.35 Bold and the Beautiful**

**12.55 Bold and the Beautiful**

**13.20 The Big Bang Theory** (4:17)

**13.45 ET Weekend** Allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins.

**14.30 Hollyday in Handcuffs**

**16.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.

**16.25 Sjálfstætt fólk** (14:40)

**17.00 Minningartónleikar um Vilhjálm Vilhjálmsson** Upptaka frá eftirminnilegum minningartónleikum um ástsælasta söngvara þjóðarinnar, Vilhjálm Vilhjálmsson, sem haldnir voru í Laugardalshöllinni í október.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.55 Veður**

**19.00 Lottó**

▶**19.10 Cars** Teiknimynd fyrir alla fjölskylduna. Kappakstursbíllinn Leiftur McQueen er að fara að keppa í stórri og mikilvægri keppni. Hann týnist á leiðinni en endar í afskekktum smábæ þar sem hann kynnist sannri vináttu í fyrsta sinn.

**21.05 National Treasure. Book of Secrets**

**23.10 War of the Worlds** Stórmynd frá Steven Spielberg sem er byggð á margfrægri vísindaskáldsögu H.G. Wells með Tom Cruise í aðalhlutverki. Versta martröð mannkynsins er orðin að veruleika. Hafin er innrás geimvera frá Mars sem ætla sér að útrýma öllu lífi á jörðinni með ógnarskjótum hætti. Aðalhlutverk: Tom Cruise, Miranda Otto, Dakota Fanning og Justin Chatwin.

**01.05 From Hell**

**03.05 Breaking and Entering**

**05.00 Monk** (14:16)

**05.45 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**09.10 PGA Tour 2008 - Barclays**

**10.05 PGA Tour 2008 - Deutsche Bank Championship**

**11.00 Þýski handboltinn** Útsending frá leik Flensburg og RN Löwen í þýska handboltanum.

**12.20 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá úrslitaleik Man. Utd og Chelsea.

**15.05 Bardaginn mikli** Mike Tyson - Lennox Lewis.

**16.00 Wendy's Three Tour Challenge**

**17.20 Þýski handboltinn. Hápunktar** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann.

▶**17.55 Þýski handboltinn** Bein útsending frá leik Grosswallstadt og RN Löwen.

**19.25 Spænski boltinn** Útsending frá leik Barcelona og Real Madrid.

**21.05 UFC Unleashed** Bestu bardagarnir í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.

**21.50 24/7 Calzaghe - Jones**

**22.20 24/7 Calzaghe - Jones**

**22.50 24/7 Calzaghe - Jones**

**23.20 Box - Joe Calzaghe vs. Roy Jones Jr.** Útsending frá bardaga Joe Calzaghe og Roy Jones jr.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**08.00 Enska úrvalsdeildin** Stoke - Man. Utd.

**09.40 Enska úrvalsdeildin** Liverpool - Bolton

**11.20 Enska úrvalsdeildin** Aston Villa - Arsenal

**13.00 Enska úrvalsdeildin** Chelsea - WBA

**14.40 Enska úrvalsdeildin** Man. City - Hull

**16.20 Enska úrvalsdeildin** Portsmouth - West Ham

**18.00 Enska úrvalsdeildin** Middlesbrough - Everton

**19.40 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

**20.50 Enska úrvalsdeildin** Tottenham - Fulham

**22.30 Enska úrvalsdeildin** Sunderland - Blackburn

**00.10 Enska úrvalsdeildin** Wigan - Newcastle

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**11.20 Vörutorg**

**12.20 Rachael Ray** (e)

**13.05 Rachael Ray** (e)

**13.50 Dr. Phil** (e)

**14.35 Dr. Phil** (e)

**15.20 How to Look Good Naked** (e)

**16.10 Are You Smarter Than a 5th Grader?** (18:27) (e)

**17.00 Charmed** (12:22) (e)

**17.50 America's Next Top Model** (9:13) (e)

**18.40 Friday Night Lights** (12:15) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. (e)

▶**19.30 America's Funniest Home Videos** (36:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.00 Family Guy** (19:20) Teikinmyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum. (e)

**20.30 30 Rock** (13:15) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum (e)

**21.00 Lord of the Rings. Return of the King** lokakaflinn í einni frægustu trílogíu kvikmyndasögunnar, Hringadróttinssögu, ber yfirskriftina Hilmir snýr heim. Lokaorrustan um Miðgarð hefst. Fróði og Sómi, með Gollri í fararbroddi, halda áfram hættuför sinni í átt að eldum Dómsdyngju til að tortíma hringnum eina. Aragorn berst við að uppfylla arfleifð sína og leiðir fámennan her sinn gegn ofureflinu, óárennilegum her Saurons myrkradróttins, til að hringberinn geti lokið för sinni.

**01.15 In Plain Sight** (11:12) (e)

**02.05 The Dead Zone** (2:12) (e)

**02.55 Sugar Rush** (6:10) (e)

**03.20 Vörutorg**

**04.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 samantekt** Sýnt á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.05

### National Treasure: Book of Secrets



Hreinræktuð ævintýramynd um Ben Gates sem leggur upp í geysilega hættuför til þess að hreinsa nafn fjölskyldu sinnar af morðinu á sjálfum Abraham Lincoln. Gates kemst að því að til er bók sem inniheldur öll stærstu og dularfyllstu leyndarmál Bandaríkjanna. Til að hreinsa nafn forföður síns af morðinu ákveður hann að ræna sjálfum forseta Bandaríkjanna og fá hann til að gefa upp staðsetningu bókarinnar. Með aðalhlutverk fara Nicolas Cage, Bruce Greenwood, Diane Kruger, Helen Mirren, Harvey Keitel, Jon Voight og Ed Harris. Leikstjóri er John Turteltaub.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Aukaleikarar í jólaskapi

### Sjónvarpið kl. 23.10



Andy, Maggie og Darren, aukaleikararnir úr samnefndri þáttaröð sem Sjónvarpið sýndi í fyrra, láta sig enn dreyma um að fá bitastæð hlutverk í kvikmyndum. Þau þurfa þó að sætta sig við önnur misskemmtileg störf eða atvinnuleysi enda rekur fátt girnilegt á fjörur þeirra. Í myndinni sem Sjónvarpið sýnir í kvöld koma líka fyrir í eigin persónu leikararnir Clive Owen og David Tennant, söngvarinn George Michael og kokkurinn Gordon Ramsay sem frægur er úr sjónvarpi og slúðurdálkum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Stef
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Stjörnukíkir
**15.25** Lostafulli listræninginn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Jóla - Leynifélagið
**17.00** Í snævi þöktum Mánafjöllum
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Bláar nótur í bland
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Heimur óperunnar
**19.50** Sagnaslóð
**20.30** Hátíð fer að höndum ein
**21.10** Langt frá Grýlu og Leppalúða
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Jólasveinar einn og átta
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (86:260)
**16.25 Hollyoaks** (87:260)
**16.50 Hollyoaks** (88:260)
**17.15 Hollyoaks** (89:260)
**17.40 Hollyoaks** (90:260)
**18.05 Help Me Help You** (10:13)
**18.30 Smallville** (17:20)
**19.15 Justice** (11:13)
**20.00 Sex and the City** (1:18) Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
**20.30 Sex and the City** (2:18)
**21.00 E.R.** (16:25) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**21.45 Help Me Help You** (10:13) Grátbroslegir gamanþættir þar sem Ted Danson leikur afar sjálfhverfan sjálfshjálpargúru sem fæst við að hjálpa veiku fólki við að takast á við raunveruleikan en þyrfti sjálfur að fara eftir eigin ráðum.
**22.10 Smallville** (17:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.
**22.55 Justice** (11:13) Lögfræðiþættir sem gerast á eftirsóttri lögfræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjaldan tengjast þau ríka og fræga fólkinu.
**23.40 Sex and the City** (1:18)
**00.05 Sex and the City** (2:18)
**00.30 E.R.** (16:25)
**01.20 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson.
**19.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm.
**19.30 Guðjón Bergmann**
**20.00 Lífsblómið** Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir.
**21.00 Himinn og jörð** Sr. Örn Bárður Jónsson.
**22.00 Hrafnaþing í umsjá** Ingvi Hrafn Jónsson
**23.00 Himinn og jörð** Sr. Örn Bárður Jónsson.

## DR 1

**10.00** Det lille hus på prærien **10.45** Oliver Twist i Australien **12.05** The Sketch Show **12.15** Landsbyhospitalet **13.00** Robin Hood **13.45** Jane Eyre **14.35** Jumanji **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Skrål med Cecilie **16.50** Gurlis Jul **17.00** Max **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Madagascar **19.30** Matador Musical **22.20** Ingen vej tilbage **00.10** En sag for Frost **01.50** Dommens dag

## NRK 1

**10.00** NRKs sportslørdag **10.50** Tour de Ski **12.00** Tour de Ski **13.20** V-cup kombinert **14.10** Rally-VM 2008 **15.10** OL i Beijing 2008 **16.50** Sport i dag **17.00** H.C. Andersens eventyr **17.30** Energikampen 2008 **18.00** Dagsrevyen **18.30** Julenøtter 2008 **18.45** Lotto-trekning **18.55** Skiskyttershow **20.15** Oliver Twist **21.40** 20 spørsmål **22.05** Løsning julenøtter 2008 **22.10** Kveldsnytt **22.25** Ein dag utan krig **00.15** P3tv spesial

## SVT 1

**09.50** Dans **10.50** Längdskidor **13.15** Stilla havet runt **13.20** Paul Potts - från telefonförsäljare till världsstjärna **13.50** Selma **14.50** Stjärnorna på slottet **15.50** På spåret **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** I jultomtens verkstad **17.15** Pomos piano **17.45** Häxan Surtant **18.00** Bobster **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Stjärnorna på slottet **20.00** Selma **21.00** Kommissarie Lewis **22.35** Dom kallar oss artister **23.05** All That Jazz **01.05** Sändningar från SVT24




## ÁRIÐ SEM ER AÐ LÍÐA



*„Það jákvæða er köfunin á Hawaii um páskana og það neikvæðasta er auðvitað kreppan. Ég verð næstu tvö árin að borga þessa Hawaii-ferð en það var algjörlega þess virði. Hún var algjörlega ógleymanleg.“*

Helga Braga Jónsdóttir leikkona.

# Erpur rappaði grimmt í Danmörku

„Ég var að koma frá Danmörku. Djöfull var fínt að losna úr þessum sjálfstæðisbrunarústum,“ segir rapparinn Erpur sem er nýkominn frá Kaupmannahöfn. Gerði góða ferð þar sem hann heimsótti danska, íslenska og færeyska vini sína. Og tróð upp sjálfur.

Erpur og félagar eru ekki að stressa sig á íslenskum jólum og eru nýlega lentir en þeir hafa dvalið í Kaupmannahöfn nú í tvær til þrjár vikur. „Ég var með legends-snillingum af öllum stærðum og gerðum. Steindi jr. og allir í Moso legendinn voru mætt þarna. 7berg og Dóra á Jolene,“ segir Erpur sem segir danska rappara hlæja að íslenskum auðmönnum. „Við fórum á grimma tónleika á Loppen í Kristjaníu. Með Sorte Stue sem er „live“ fimmtán manna rappband með kontrabassa og allt shittið.“

Erpur segist eiga góða vini í Danmörku sem hýstu sig. „Síðan voru allir duglegir að setja mann á gestalista. Og fara með mann baksviðs í fríu drykkina á tónleikunum og kebabinn kostar 20 danskar krónur. Palestínumennirnir sjá um það. Ég fór á svið og rappaði grimmt. Í Kristjaníu. Rappaði um Sterling sem Danir hlæja mikið að núna og minntist á Magasin du Nord. Rappaði með Sorte Stue sem meðal annars hafa spilað á Hróarskeldu. Það er hlegið mikið að íslenskum auðjöfrum þarna en reglulegar fréttir eru um Ísland í dönskum fjölmiðlum. Til dæmis að Kolaportið væri að selja meira af söltu hrossakjöti en nokkru sinni fyrr og harðfiskurinn þar seldist minna vegna árferðisins.“

- jbg



**ERPUR OG SORTE STUE**
Í Kristjaníu. Rappararnir hlógu að íslenskum auðmönnum og því að nú mun saltað hrossakjöt seljast sem aldrei fyrr í Kolaportinu.



**LÁRÉTT**
**2.** bauti, **6.** sjúkdómur, **8.** duft, **9.** kvk nafn, **11.** leita að, **12.** hegni, **14.** mjaka, **16.** ekki, **17.** til viðbótar, **18.** angan, **20.** tveir eins, **21.** skarpur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tunnur, **3.** umhverfis, **4.** græðgi, **5.** gapa, **7.** ögn, **10.** ái, **13.** gerast, **15.** sálar, **16.** trjátegund, **19.** hef leyfi.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** ms, **8.** mél, **9.** una, **11.** gá, **12.** refsi, **14.** fikra, **16.** ei, **17.** enn, **18.** ilm, **20.** dd, **21.** klár.
**LÓÐRÉTT: 1.** ámur, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** flá, **7.** snefill, **10.** afi, **13.** ske, **15.** anda, **16.** eik, **19.** má.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## LADDI, PÁLL ÓSKAR OG ARNALDUR: TURNARNIR ÞRÍR Í ÍSLENSKU MENNINGARLÍFI ÁTTU GOTT ÁR

# Seldu fyrir um 250 milljónir króna

Laddi, Páll Óskar og Arnaldur Indriðason eru sölukóngar ársins með tæplega átjátíu þúsund eintaka sölu. Miðað við útreikninga Fréttablaðsins þýðir þetta að Íslendingar hafa greitt rúmlega 250 milljónir króna fyrir verk þeirra á árinu sem er að líða. Mun það væntanlega tryggja þremenningum og útgefendum þeirra drjúgan skilding í vasann á þessum síðustu og verstu tímum.

DVD-mynddiskurinn Laddi 6-tugur, hefur verið framleiddur í 25 þúsund eintökum, Páll Óskar hefur dreift Silfursafninu sínu í sautján þúsund eintökum og selt Allt fyrir ástina í fimm þúsund eintökum og nýjasta bók Arnaldar, Myrká, hefur verið prentuð í metupplagi, eða í að minnsta kosti þrjátíu þúsund eintökum.

Kristján B. Jónasson, formaður Félags bókaútgefenda, segir það einsdæmi að bók sé prentuð í svona miklu upplagi fyrir hinn smáa íslenska markað. „Yrsa er líka prentuð í þrettán þúsund eintökum. Tveir söluhæstu krimmahöfundar landsins eru að berast landsmönnum í 43 til 45 þúsund eintökum, sem er „absúrd“ tala,“ segir Kristján.

Honum finnst sérlega merkilegt hvað bækur Arnaldar, og íslenskar bækur yfirhöfuð, seljast mikið á jafnskömmum tíma. „Maður hefur heyrt af bókum í Svíþjóð sem eru seldar í kannski 800 þúsund eintökum til milljón en það er yfir langan tíma. Það sem við sjáum hérna er svo skrítið. Þetta eru þrjátíu þúsund eintök hjá Arnaldi sem fara út á tveimur mánuðum, einhverjum sjö vikum. Það er ekki eins og þetta sé heilsárs tala.“

Varðandi Laddi 6-tugur segir Jón Gunnar Geirdal hjá Senu að fyrirtækið hafi aldrei áður framleitt svo mikið magn af einum mynddiski. „Þetta er langmest seldi íslenski DVD-diskurinn. Þetta er töluvert meira en Næturvaktin sem seldist í átján þúsund eintökum,“ segir hann. „Þetta er stórkostlegur árangur. Þetta er sýning sem átti bara að vera í janúar fyrir tveimur árum. Síðan seldist Best of-platan með Ladda í tíu þúsund stykkjum. Það hefur verið mikil Ladda-vakning á þessum tveimur árum sem er frábært, þannig að við fögnum þessu og rúmlega það.“

Auk þess að hafa dreift Silfursafninu sínu í sautján þúsund eintökum hefur Páll Óskar selt síðustu plötu sína, Allt fyrir ástina, í fimm þúsund eintökum á árinu. Fyrir jólin í fyrra seldist hún í tíu þúsundum og er því komin í fimmtán þúsund eintök. „Ég átti svo sem von á að þetta myndi ganga vel en ekki svona rosalega vel,“ segir hann um nýju safnplötuna. „Ég er innilega þakklátur fyrir þessi ofsalega hlýju viðbrögð.“

Páll segir að lykillinn að góðri sölu á Allt fyrir ástina á árinu hafi verið smáskífulögin þrjú sem komu út eftir síðustu jól, eða Betra líf, Er þetta ást? og Þú komst við hjartað í mér, í útgáfu Hjaltalín. „Þarna voru komnar út fimm smáskífur af ellefu laga plötu og ég hélt að þetta væri búið þegar Högni (Egilsson) hringdi í mig og sagðist vera búinn að gera nýja útsetningu á þessu lagi,“ segir hann. „Ég sagði: „Góði besti, kýldu á það“ og viti menn, það varð allt vitlaust.“

Palli játar að það sé sjaldgæft að plötur haldi áfram að seljast svona mikið eftir jól eins og gerðist með Allt fyrir ástina. „Auðvitað getur þetta gerst ef smáskífurnar eru fyrir hendi og líka ef listamaðurinn er duglegur að halda áfram og leggur ekki árar í bát þegar jólin eru búin,“ segir hann og er að vonum alsæll með niðurstöðuna.

freyr@frettabladid.is







**TURNARNIR ÞRÍR Í MENNINGARLÍFINU**

**Páll Óskar Hjálmtýsson** er vinsælasti poppari landsins. Hann dreifði Silfursafninu sínu í sautján þúsund eintökum og hefur auk þess selt fimmtán þúsund eintök af plötunni Allt fyrir ástina. **Arnaldur Indriðason** er langvinsælasti rithöfundur þjóðarinnar. Bók hans, Myrká, var prentuð í yfir þrjátíu þúsund eintökum fyrir jólin sem er met. Vinsældir **Ladda** hafa líka haldið áfram á árinu. Framleidd voru 25 þúsund eintök af DVD-diskinum Laddi 6-Tugur. Aldrei hefur íslenskur DVD-diskur selst í viðlíka upplagi.





# Einar Bárðar heldur Idol-námskeið

„Fólk hefur leitað mikið til mín, sérstaklega krakkar sem eru reiðubúnir að leggja allt í sölurnar. Ég er því svona að spá í að slá upp skyndinámskeiði í Idol-fræðum í kringum inntökuprófin,“ segir Einar Bárðarson, fyrrum dómari í Idol-stjörnuleit Stöðvar 2 og umboðsmaður Íslands. Einar þekkir inntökupróf út og inn, skipulagði tvö slík sjálfur, fyrir Nylon og Luxor, og sat eins og áður segir í Idol-dómnefndinni fyrir tveimur árum.

Einar sagðist ekki vera búinn að leggja námskeiðið upp, þar yrði þó farið yfir lagaval, allt inntökuferlið og hvernig fólk eigi að koma fyrir dómnefndina. „Maður fer bara yfir þessa hernaðartaktík sem þetta byggist allt á,“ útskýrir Einar en síðasti keppandinn sem hann leiddi í gegnum svona hæfileikakeppni vann hana; sjálfur Jógvan frá Færeyjum. „Þannig að maður hefur næmt auga fyrir þessu,“ bætir Einar við.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu hefur dómnefndinni algjörlega verið skipt út. Í staðinn fyrir þau Einar, Pál Óskar, Siggu Beinteins, Bubba Morthens og Þorvald Bjarna eru fóstbræðurnir Björn Jörundur og Jón Ólafs úr Ný dönsk sestir í dómarasætið auk Selmu Björnsdóttur. Áheyrnarprufurnar fara fram á Hiltonhótelinu við Suðurlandsbraut 10. janúar en kynnar eru sem fyrr þeir Jói og Simmi.

- fgg



**NÁMSKEIÐ Í IDOL** Einar Bárðarson hyggst kenna keppendum í Idol öll trixin í bókinni áður en þeir leggja verk sín í dóm.

# Funheit útsala er hafin

## 20-60% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

**Á tveimur stöðum, Bæjarlind og Kringlunni**

TEKK
COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

Opið:
Laugardag kl. 10–16
Sunnudag kl. 13–16

FABRIKAN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Landsprent
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





**Gesthús Dúna**
Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

**Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin**

**Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin**




**BAKÞANKAR**
Guðmundar Steingrímssonar

## *Jólajóla*

Verslunarmanneskja í vinsælli búð á Laugaveginum hafði á orði við mig á mánudaginn að jólin núna væru þau afslöppuðustu sem hún hefði upplifað. Hún meinti ekki að það væri lítið að gera í búðinni. Það var nóg að gera, jafnvel meira en áður. En fólkið var afslappaðra, sagði hún. Minni æsingur.

**JÁ,** sagði ég á móti. Er það virkilega? Mér fannst þetta athyglisvert. Þegar ég gekk út í skammdegið gat ég ekki annað en tekið undir þetta í huganum hvað mig sjálfan varðaði. Þessi jól voru afslappaðri en önnur jól á síðari tímum sem ég man eftir. Það er helst að veðrið hafi verið með æsing. Eilífur stormbeljandi, sérstaklega á ofanverðum Laugaveginum, en að öðru leyti var allt að mestu æsingalaust.

**ÞANNIG** eiga jólin auðvitað að vera. Hátíð friðar, eins og þar stendur. Þau hafa hins vegar ekki alltaf verið svoleiðis. Einhvern veginn eru minningar um síðustu ár hvað varðar aðdraganda jólanna, jólaundirbúning og jólagjafainnkaup, á köflum sveipaðar brjálæðis- og ofsatilfinningu. Í góðærinu er eins og flestir hafi meira og minna alltaf verið á þönum með tryllingsglampa í augum undir drynjandi jólabjöllum út um allar trissur – inn í Smáralind, Kringlu, til Kaupmannahafnar, Glasgow eða Minneapolis – í leit að gjöfum og jólafötum á milli þess sem allir þurftu að baka smákökur, hreinsa heimilið, fara í jólaglögg, jólahlaðborð, skreyta og vera hressir.

**ÞETTA** hefur tónast aðeins niður. Ef það verða viðvarandi áhrif hrunsins í október, að Íslendingar almennt verði afslappaðri á jólunum, er það auðvitað mjög gott mál. Jólin eru ekki vöruskipti. Jólin eru pása. Tími hugleiðingar og samveru. Og þó svo gjafirnar séu ómissandi er hugsunin ekki endilega sú að heimilishaldið eigi að vera skuldum hlaðið fram í ágúst út af þeim.

**HVAÐ** æsing varðar vona ég þó að eitt muni aldrei breytast og það er hin einlæga og hákómíska spenna barnanna. Fjögurra ára skjáta sá viðtal við Stekkjastaur í sjónvarpinu. Hann sagði að öll börn ættu að vera þæg því þá fengju þau gott í skóinn. Strax eftir viðtalið kom skottan skoppandi á öðrum fæti með galopin biðjandi augu og krafðist þess við föður sinn að hún fengi að taka til í herberginu sínu þá þegar. Undir eins.

**ÞAÐ** var ómótstæðilegur æsingur. Ég sagði já.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 27. desember, 362. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.22 | 13.29 | 15.36 |
| Akureyri | 11.38 | 13.13 | 14.49 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# ÚTSALAN er hafin!




© Inter IKEA Systems B.V. 2008

## Yfir 2000 vörur á útsölu

## Rýmum til fyrir nýjum vörum

Opið 11-20 alla daga | Veitingastaður opinn 9:30-19:30 | www.IKEA.is

IKEA®